**HAUKUR HAUKSSON**

*Heldur á slóðir Stalíns*

• Ferðir • Bílar

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




**GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR**

*Stýrir kammertónleikum á Klaustri*

Tónlistarhátíð á Kirkjubæjarklaustri um helgina

MENNING 26



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. ágúst 2007 — 212. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Stýra spurningakeppni



Þóra Arnórsdóttir og Sigmar Guðmundsson munu vera við stjórnvölinn í spurningakeppni sveitarfélaganna á RÚV í vetur.

FÓLK 38

### Frumbyggjaréttur

Frymbyggjar Kalahari-eyðimerkurinnar eru á menningarlegum strandstað tveggja tíma og þýðast hvorki fortíð né nútíð, skrifar Stefán Jón Hafstein.

Í DAG 18

### Skipuleggur langþráð frí



Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, tók félagið fram yfir sól og sumaryl.

FÓLK 38

### Sigfús vill lausn á málinu



Sigfús Páll Sigfússon vonar að Fram og Valur komist að samkomulagi um að leyfa honum að ganga í raðir Valsmanna.

ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**NOKKUÐ BJART EYSTRA** Í dag verða suðaustan og austan 5-10 m/s. Rigning eða skúrir sunnan og vestan til en nokkuð bjart austan til. Hiti 12-20 stig hlýjast norðaustan til.

# Ábyrgðarheimildin verði tekin úr lögum

**Vilji er til þess innan þingflokka Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar að afnema heimild fjármálaráðherra til veita Íslenskri erfðagreiningu ríkisábyrgð. Ekki hrifinn af svona sértækum aðgerðum, segir Ágúst Ólafur Ágústsson.**

**STJÓRNMÁL** Þingmenn innan Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar vilja afnema úr lögum heimild fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, til þess að veita Íslenskri erfðagreiningu 200 milljóna dala ríkisábyrgð, um 12,6 milljarða íslenskra króna að núvirði, „vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar,“ eins og orðrétt segir í lögunum. „Ég er ekki hrifinn af svona sértækum aðgerðum og er á því að þessi heimild eigi ekki að vera fyrir hendi í íslenskum lögum,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður og þingmaður Samfylkingarinnar. Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður efnahags- og skattanefndar, tekur undir þetta með Ágústi Ólafi.

Lögin voru samþykkt á Alþingi 3. maí 2002 eftir líflegar, og oft harðar, umræður.

Aldrei hefur komið til þess að beita hafi þurft heimildinni. Hún nær aðeins til skuldabréfa „vegna nýrrar starfsemi“.

Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, segir lagaheimildina með öllu óþarfa og í raun marklausa eftir að Íslensk erfðagreining kom þeim skilaboðum til yfirvalda, með formlegum hætti, að fyrirtækið þyrfti ekki á ábyrgðinni að halda. Þannig hefði málið í raun lognast út af og heimildin því „dauð“.

ESA, eftirlitsstofnun EFTA, var með ábyrgðarheimildina til skoðunar um tíma. Meðal annars var kannað hvort það færi gegn lögum og reglum EFTA að lögfesta heimild til að veita einu fyrirtæki ríkisábyrgð umfram önnur.

Þeirri skoðun var sjálfkrafa hætt eftir að Íslensk erfðagreining lýsti því yfir að fyrirtækið þyrfti ekki á aðstoð ríkisins að halda. Þrátt fyrir það er heimildina enn að finna í íslenskum lögum.

- mh



**BÁLIÐ BRENNUR** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út í gærkvöld vegna elds sem logaði í gróðri á Klambratúni. Brunaliðið var fljótt á vettvang og slökkti eldinn snarlega. Börn voru að leik í grenndinni en engin hætta var á ferðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hótelhaldarar úti á landi langþreyttir á GSM-sambandsleysi:

# GSM-væðing næstu tvö ár

**TÆKNI** GSM-samband verður á helstu vegum landsins eftir tvö og hálft ár, á samtals yfir 1.200 kílómetra vegakafla. Þetta verkefni er tvískipt. Fyrri áfanganum lýkur í janúar á næsta ári þegar allur hringvegurinn verður kominn í GSM-samband ásamt fimm fjölförnum fjallvegum. Seinni áfanginn hefur verið boðinn út og eiga þær framkvæmdir að taka tvö ár.

Hótelhaldarar og aðrir sem vinna að ferðamálum eru orðnir þreyttir á langvarandi GSM-sambandsleysi. Árni Zophaníasson, hótelhaldari á Bjarkalundi í Reykhólahreppi, er einn þeirra.

„Þetta hefur verið alvarlegt ástand hérna síðustu ár og valdið okkur stórtjóni,“ segir Árni. „Fólk kemur ekki hingað vegna þess að hér er ekki gemsasamband. Það kom hópur af bílum í vor og ætlaði að vera heila helgi. Flestallir flúðu því krakkarnir urðu alveg brjálaðir. Þeir komust ekki inn á netið og komust ekki í gemsann.“

- pal / sjá síðu 6



**FRÁBÆR** Sinisa Kekic hefur skorað 7 mörk í 11 leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Úttekt á Landsbankadeildinni:

## Sá gamli bestur í lok leikjanna

**FÓTBOLTI Víkingurinn Sinisa Kekic er 38 ára gamall og einn af markahæstu mönnum í Landsbankadeild karla. Það sem er enn merkilegra er að hann er búinn að skora fimm af sjö mörkum sínum á lokakafla hálfleikjanna, þegar einhverjir teldu nú að farið væri að draga af manni sem er að nálgast fimmtugsaldurinn.**

**Fréttablaðið skoðar í dag á hvaða tíma í leikjunum liðunum gengur best. Tólfta umferðin hefst með leik KR og Vals á KR-vellinum í kvöld, það er leikur botnliðsins í fyrstu deild undir stjórn Loga Ólafssonar.**

- óój / sjá síðu 32

Morðið á Litvinenko:

## Talið hefnd FSB-manna

**RÚSSLAND** Morðið á Alexander Litvinenko í nóvember í fyrra var líklega hefndarmorð manna í rússnesku leyniþjónustunni FSB. Þetta er álit Martins Sixsmith, fyrrverandi fréttaritara breska ríkisútvarpsins BBC, sem nýlega gaf út bók um morðið á leyniþjónustumanninum fyrrverandi. Sixsmith telur ekki að Vladimír Pútín Rússlandsforseti hafi fyrirskipað morðið.

Samkvæmt Sixsmith drápu menn úr FSB Litvinenko til að hefna fyrir það þegar Litvinenko fór ekki eftir skipun um að drepa rússneska auðkýfinginn Boris Berezovsky árið 1997 og vegna þess að hann sagði fjölmiðlum frá skipuninni.

- ifv / sjá síðu 16

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG









## SPURNING DAGSINS



*Felix, eru strákarnir enn á Borginni?*

„Já, bæði á Borginni og úti um allt í borginni.“

Felix Bergsson og Baldur Þórhallsson standa fyrir sögugöngu um staði sem tengjast sögu samkynhneigðra í miðborg Reykjavíkur. Hótel Borg er einn af viðkomustöðunum, sem samkynhneigðir sóttu mikið á árum áður.

Bilun í spennistöð í Hvalfirði olli víðtæku rafmagnsleysi í klukkustund:

# Rafmagn fór af stórum hluta landsins

**BILUN** Ekki er talið að tjón hafi orðið þegar rafmagn fór af stórum hluta landsins síðdegis í gær. Samkvæmt upplýsingum frá Landsneti varð bilun í spennistöð á Brennimel í Hvalfirði þess valdandi að rafmagn fór af Vesturlandi, Vestfjörðum og Austurlandi í um klukkustund á milli klukkan tvö og þrjú í gær.

Líklega sló háspennu í jörð einhvers staðar, en orsök bilunarinnar hefur þó ekki verið rannsökuð að fullu.

Rafmagnsleysið varði nokkru lengur hjá stóriðjufyrirtækjum, en innan við tveimur klukkustundum eftir að rafmagnið sló út hafði því verið komið á alls staðar aftur og álver fengið heimild fyrir fullri rafmagnsnotkun.



**RAFMAGNSMASTUR** Ekki er talið að rafmagnsleysið hafi valdið tjóni. Myndin er úr safni.

Í álveri Alcoa á Reyðarfirði þarf rafmagnsleysi að vara í fjórar klukkustundir til þess að ál fari að storkna í kerum og tjón hljótist af.

Rafmagnsleysisins gætti einnig á höfuðborgarsvæðinu. Rafmagn sló út víða í borginni um klukkan tvö, meðal annars á lögreglustöðinni við Hverfisgötu þar sem þurfti að endurræsa tölvukerfi.

Þá slökknaði á umferðarljósum víða og olli það nokkrum óþægindum þótt engin slys hafi orðið. Álag á Neyðarlínuna jókst þó umtalsvert. **- sh**

Kynferðisbrotadeild:

# Rannsaka brot gegn fimm ára stúlku

**LÖGREGLUMÁL** Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu rannsakar mál fimm ára gamallar stúlku sem hefur sakað fullorðinn karlmann um að hafa áreitt sig kynferðislega. Frá þessu er greint á Vísir.is.

Engin tengsl eru á milli þolanda og meints geranda en atvikið mun hafa átt sér stað í Laugarneshverfinu 30. júní. Búist er við að málið verði sent ríkissaksóknara síðar í vikunni.

Skýrsla hefur verið tekin af barninu og meintum geranda. **- þo**

Leiðtogi þjóðernissinna:

# Le Pen ánægður með Sarkozy

**FRAKKLAND, AP Jean-Marie Le Pen, hinn aldni leiðtogi franskra þjóðernissinna, segist býsna ánægður með frammistöðu Nicolas Sarkozy á forsetastóli síðustu tvo mánuði.**



JEAN-MARIE LE PEN

**„Jafnvel þótt ég telji hann hálfgerðan skýjaglóp, þá er hann afar hæfileikaríkur skýjaglópur,“ sagði Le Pen um þennan fyrrverandi keppinaut sinn um forsetaembættið.**

**Le Pen hafði áður gagnrýnt Sarkozy fyrir að „stela atkvæðum“ frá þjóðernissinnum með því að lofa því að hafa betri stjórn á aðstreymi innflytjenda og vernda „þjóðareinkenni“ Frakka.** **- gb**

# Ekki hægt að kyrrsetja bílstjóra á eiturlyfjum

**Lögregla getur ekki hindrað að fólk sem ekur undir áhrifum fíkniefna endurtaki leikinn á meðan efnið er enn í líkamanum. 216 fíkniefnaakstursmál komu upp fyrstu sex mánuði ársins. Fíkniefni geta greinst í líkama í daga eða vikur.**

**LÖGREGLUMÁL** Ekki er hægt að hindra að ökumenn sem teknir eru fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna endurtaki leikinn daginn eftir, enn í vímu eftir sama lyfjaskammt. Lögregla getur ekki svipt fólk ökuleyfi á staðnum við slík brot. Fíkniefni geta mælst í blóði í daga og allt upp í vikur eftir neyslu.

Ökumaður þarf að skrifa undir sektargerð eða ljúka máli fyrir dómi, komi í ljós að hann hafi ekið undir áhrifum fíkniefna. Það sama gildir um ölvunarakstur. Hins vegar má svipta ökumenn ökuleyfi á vettvangi fyrir hraðakstur.

Til að heimilt sé að gera ökutæki upptækt þarf að hljótast af líkamlegur skaði eða mannslát, að sögn Laufeyjar Kristjánsdóttur hjá ákærudeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Slíkt gildi því ekki um fíkniefnaakstur.

Eina leiðin, að sögn Laufeyjar, væri að gera kröfu um gæsluvarðhald vegna síbrota. Ef aðili gerist sekur um síendurtekið brot má stöðva hann á þann hátt.

216 mál í brotaflokknum „akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna“ voru skráð hjá lögreglu fyrstu sex mánuði ársins, samkvæmt bráðabirgðatölum frá Ríkislögreglustjóra.

Einungis níu slík brot voru skráð á sama tímabili í fyrra. Ástæðan fyrir því gæti verið sú að auðveldara er að skera úr um brotin í ár með tilkomu svokallaðra forprófa. Áður þurfti að kalla til lækni til að meta ástand grunaða.

Forpróf fara þannig fram að munnvatn eða sviti er tekinn af ökumanni og kemur þá í ljós hvort hann er undir áhrifum. Sé prófið jákvætt er hann færður á lögreglustöð til skýrslu, blóð- og þvagsýnatöku. Þá má skera um hvaða efni grunaði hefur í líkamanum og hve mikið magn.



**STROKUSÝNI** Með forprófi má sjá hvort grunaði sé með fíkniefni í líkamanum, en ekki hvaða tegund og hversu mikið.

Að sögn Þórarins Tyrfingssonar, yfirlæknis á Vogi, getur tekið daga og jafnvel vikur fyrir líkamann að losna við merki um fíkniefni. Kannabisefni geta greinst í allt að mánuð í þvagi, hafi neytandinn neytt þeirra að staðaldri. Neytandi getur gengist undir rannsókn á lögreglustöð og komist að því hvort finna megi leifar lyfja í líkama hans.

„Skimunarprófin eru mjög næm,“ segir Þórarinn. „Í lögum er skilgreint hversu mikið magn af áfengi má vera í blóði ökumanns, en það eru ekki til slíkar skilgreiningar þegar kemur að lyfjum.“

**steindor@frettabladid.is**

Fannst í blóði sínu í Breiðholti:

# Fjórmenningar segjast saklausir

**LÖGREGLUMÁL Rannsókn stendur enn yfir á máli mannsins sem fannst liggjandi í blóði sínu alvarlega slasaður í Breiðholti aðfaranótt laugardags. Að sögn Margeirs Sveinssonar, lögreglufulltrúa hjá rannsóknardeild umferðarmála, voru fjórir menn yfirheyrðir í gær, en þeir voru farþegar í bíl sem grunur lék á að hefði kannski ekið manninn niður.**

**Við það vildu mennirnir ekki kannast og var þeim sleppt að loknum yfirheyrslum. Bíllinn er enn í vörslu lögreglu og mun hann rannsakaður frekar. Ekki liggur fyrir hvort ekið var á manninn, ráðist á hann eða hann dottið. Bremsuför voru þó á vettvangi. Maðurinn er á batavegi.** **- sh**

Rekstrartekjur stóru bankanna:

# Yfir 100 milljarðar í fyrsta skipti

**VIÐSKIPTI** Hreinar rekstrartekjur viðskiptabankanna þriggja fóru á síðasta ársfjórðungi í fyrsta sinn yfir 100 milljarða króna er þær námu alls 104 milljörðum. Á fyrri hluta ársins voru rekstrartekjur bankanna um 196 milljarðar króna.

Fjörutíu prósent af tekjum bankanna á fyrri árshelmingi voru hreinar vaxtatekjur, um 32 prósent voru hreinar þóknanatekjur og 28 prósent aðrar tekjur, svo sem gengishagnaður af verðbréfum.

„Hálfsársuppgjör bankanna sýna að rekstur þeirra er almennt í góðu horfi og tekjugrunnur verður sífellt dreifðari,“ segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri FME. Hann hvetur bankana til að gæta að kostnaðarhlutföllum, sem fari hækkandi, og sýna áframhaldandi árvekni í gæði eignasafns.

**- eþa / sjá Markaðinn**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ók undir áhrifum þriggja efna

Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði hálfþrítugan mann í fyrrinótt vegna aksturs undir áhrifum lyfja. Í ljós kom að maðurinn hafði þrjú ólík fíkniefni í blóðinu, kókaín, amfetamín og kannabisefni. Auk þess fannst lítilræði af fíkniefnum í bíl hans.

### Á tvöföldum hámarkshraða

Rúmlega tvítugur maður var stöðvaður á 176 kílómetra hraða undir Hafnarfjalli í fyrrakvöld. Lögreglan í Borgarnesi svipti hann ökuréttindum til bráðabirgða fyrir vikið. Menn eru jafnan sviptir strax til bráðabirgða ef viðurlög við broti þeirra eru þriggja mánaða ökuleyfissvipting eða meira.

BÍLL DAGSINS
NISSAN PATROL
Nýskr. 08.00 - Sjálfskiptur - Ekinn 148 þús. km.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.

Mahmoud Abbas bjartsýnn eftir fund með Ehud Olmert:

# Segir að lífskjörin muni batna

**JERÍKÓ, AP** Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, fullyrðir að lífskjör Palestínumanna muni batna á næstunni. Hann hafi fengið fyrir því loforð frá Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, en þeir hittust í Jeríkó á Vesturbakkanum á mánudaginn.

Olmert varð þar með fyrstur ísraelskra forsætisráðherra til þess að heimsækja heimastjórnarsvæði Palestínumanna í sjö ár, eða frá því seinni uppreisn Palestínumanna gegn hernámi Ísraela hófst haustið 2000.

Abbas segir að Olmert hafi meðal annars sagt að strax í næstu viku myndu Ísraelar byrja að taka niður eitthvað af þeim hundruðum vegatálma og eftirlitsstöðva sem hindrað hafa ferðir Palestínumanna milli staða á Vesturbakkanum.

Á fundi sínum samþykktu þeir að auka samskiptin milli Ísraelsstjórnar og Palestínustjórnar með það í huga að samningaviðræður um stofnun Palestínuríkis gætu hafist „fljótlega“.

Í gær fullyrti ísraelska dagblaðið Haaretz að Olmert væri að skoða hugmyndir um að Ísrael afhendi Palestínumönnum ísraelskt land í skiptum fyrir landsvæði á Vesturbakkanum, en skrifstofa Olmerts bar þær fréttir strax til baka.

Palestínumenn sem búsettir eru í Ísrael hafa jafnan harðlega mótmælt öllum hugmyndum um að landið sem þeir búa á verði hluti af Palestínuríki. **- gb**



**OLMERT OG ABBAS** Hittust í Jeríkó á þriðjudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP


ÓLAFUR ÞÓR VILHJÁLMSSON
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS
10 KM / BARNASPÍTALI HRINGSINS
ALEX JÓNSSON
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS
10 KM / BLÁTT ÁFRAM
REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS
18. ÁGÚST 2007
VIÐ HLAUPUM TIL GÓÐS 18. ÁGÚST
Nú getur þú hlaupið fyrir gott málefni að eigin vali í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis. Glitnir greiðir 500 kr. til góðgerðarmála á hvern kílómetra sem viðskiptavinir* bankans hlaupa og 3.000 kr. fyrir starfsmenn.
Skráðu þig á www.glitnir.is og hlauptu til góðs.
Allir sigra 18. ágúst!
VALA GUÐBJARTSDÓTTIR
STARFSMAÐUR GLITNIS
10 KM / EINSTÖK BÖRN
GÍGJA MAGNÚSDÓTTIR
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS
10 KM / GÖTUSMIÐJAN
ÁRNI ESRA EINARSSON
VIÐSKIPTAVINUR GLITNIS
42 KM / MS FÉLAGIÐ
GLITNIR
* Viðskiptavinir í Vild, Námsvild, Gullvild og Platínum.

## GENGIÐ 07.08.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,02 | 63,32 |
| Sterlingspund | 127,75 | 128,37 |
| Evra | 86,92 | 87,40 |
| Dönsk króna | 11,676 | 11,744 |
| Norsk króna | 10,895 | 10,959 |
| Sænsk króna | 9,423 | 9,479 |
| Japanskt jen | 0,5303 | 0,5335 |
| SDR | 96,72 | 97,30 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
117,575

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

# Þarf skýrari reglur um eftirlit

**UMHVERFISMÁL** Orkustofnun hefur verið gert að kalla inn öll gögn vegna Fjarðarárvirkjunar, bæði frá Íslenskri orkuvirkjun, sem er framkvæmdaraðili virkjunarinnar, og eftirlitsaðilum. Iðnaðarráðuneytið óskaði eftir þessu við stofnunina í gær og óskaði eftir að sendur yrði fulltrúi á virkjunarsvæðið til að gera úttekt á stöðu framkvæmda.

Bæjaryfirvöld á Seyðisfirði óskuðu eftir umsögn Skipulagsstofnunar. „Ég vildi fá upplýsingar um það hvaða aðili ætti að hafa heildaryfirsýn yfir framkvæmd eins og þessa virkjun,“ segir Ólafur Hr. Sigurðsson bæjarstjóri. Hann segir að það skorti skýrar línur um eftirlit með virkjunum og Skipulagsstofnun hafi ekki getað svarað því hvort bærinn eigi að hafa umsjón með eftirliti eða ekki. Bærinn gefi vissulega út framkvæmdaleyfi en iðnaðarráðuneytið gefi út virkjunarleyfi.

Þóroddur F. Þóroddsson, sviðsstjóri umhverfissviðs Skipulagsstofnunar, gerði athugasemdir um virkjanasvæðið í umsögn sinni. Hann taldi óvíst hvort framkvæmdir uppfylltu öryggisstaðla, og að umrót og eyðilegging væru meiri en fyrirhugað var. Ólafur segir það rétt að röskunarsvæði sé stærra en áætlað var en segir snyrtilega frá öllu gengið.

Birkir Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri Íslenskra orkuvirkjunar, vildi ekki tjá sig um málið að svo stöddu. Fulltrúar Orkustofnunar munu skoða svæðið í dag. **- þeb**



**SEYÐISFJÖRÐUR** Þegar úttekt Orkustofnunar liggur fyrir verður tekin afstaða til þess hvort virkjunarleyfi Fjarðárvirkjunar verður afturkallað.

Úrræðagóður þjófur:

## Stal heilu hjóli í tveimur hlutum

**LÖGREGLUMÁL Eiganda reiðhjóls var brugðið í síðustu viku þegar hann kom frá vinnu sinni í miðborginni og uppgötvaði að framhjólinu hafði verið stolið undan reiðhjólinu. Því hafði verið læst á afturhjólinu.**

**Eigandinn gat vitaskuld ekki hjólað heim á hjólinu, og það gat ekki heldur eigandi annars hjóls sem lagt hafði verið í nágrenninu. Því hafði verið læst á framhjólinu, og uppgötvaði eigandinn sér til mikillar skelfingar þegar hann sneri aftur út að ekkert var eftir nema framhjólið. Hinn úrræðagóði þjófur hefur hins vegar líklega getað hjólað á brott á nýsamsettu stolnu hjóli sínu. - sh**



**KERTUM FLEYTT** Athöfnin hefst kl. 22.30 á fimmtudagskvöld.

Kjarnorkuárása minnst:

## Kertafleyting í minningu árása

**FRIÐARMÁL** Árleg kertafleyting í minningu kjarnorkuárásanna á Hírósíma og Nagasakí í lok seinni heimsstyrjaldar fer fram á fimmtudagskvöldið 9. ágúst klukkan 22.30 við Reykjavíkurtjörn og Minjasafnstjörnina á Akureyri.

Íslenskar friðarhreyfingar standa að kertafleytingunni og leggja þær áherslu á kröfuna um friðsaman og kjarnorkuvopnalausan heim. 62 ár eru liðin frá árásunum, sem voru 6. og 9. ágúst árið 1945.

Flotkerti og friðarmerki verða seld á staðnum. **- sgj**

Viðskipti með jöklabréf:

## 400 milljarðar útistandandi

**VIÐSKIPTI Upphæð útistandandi jöklabréfa er nú um 400 milljarðar króna sem jafngildir þriðjungi af áætlaðri landsframleiðslu Íslands á þessu ári.**

**Hollenski bankinn Rabobank gaf í gær út jöklabréf að andvirði 25 milljarða króna. Bréfin eru til 18 mánaða og bera 12,5 prósenta vexti. Þetta kom fram í Vegvísi greiningardeildar Landsbankans.**

**Aðeins einu sinni hefur stærri útgáfa jöklabréfa átt sér stað. Þá var það einnig Rabobank sem gaf út bréf að andvirði 40 milljarða króna.**

**Jöklabréf eru það sama og skuldabréf nema þau eru gefin út af erlendum aðilum. - aví**

# Stúlkan er yngsti smyglari frá upphafi

**Sextán ára stúlka sem tekin var með hálft kíló af kókaíni í síðustu viku er yngsti fíkniefnasmyglari Íslandssögunnar. Hún og 28 ára kærasti hennar losnuðu úr varðhaldi í gær. Þau eru líklega ekki burðardýr. Lögreglan hefur lagt hald á fjögur og hálft kíló af kókaíni það sem af er árinu. Parið flutti efnin frá Venesúela.**

**LÖGREGLUMÁL** Sextán ára stúlka sem handtekin var í Leifsstöð fyrir viku með hálft kíló af kókaíni í fórum sínum er yngsta manneskja sem tekin hefur verið fyrir stórfellt fíkniefnasmygl til landsins. „Ég held að ég geti fullyrt það,“ segir Friðrik Smári Björgvinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Stúlkan varð sextán ára gömul daginn áður en hún kom til landsins, og var því ekki nema fimmtán ára þegar hún lagði upp í ferðina ásamt 28 ára kærasta sínum, sem var handtekinn með henni. Heimildir Fréttablaðsins herma að foreldrar hennar hafi vitað af ferðinni, og þar sem hún sé ekki sjálfráða hefðu þau getað beðið lögreglu um að koma í veg fyrir að hún færi. Hún hefur þrátt fyrir ungan aldur áður komist á kast við lög hérlendis.

Parið flutti efnin frá Venesúela til Íslands í gegnum Bandaríkin. Það var handtekið í Leifsstöð á mánudaginn fyrir rúmri viku með um hálft kíló af kókaíni falið í endaþarmi, skipt milli þeirra til helminga. Efnið var vafið í álpappír og í smokkum.

Ekki liggja fleiri Íslendingar undir grun, sem bendir til þess að þau hafi ekki verið burðardýr. Þau sátu í gæsluvarðhaldi í viku og losnuðu út í gær.

Lögregla og tollyfirvöld hafa komið í veg fyrir smygl á tæplega fjóru og hálfu kílói af kókaíni til landsins það sem af er ári.

stigur@frettabladid.is

### AÐRIR UNGIR SMYGLARAR

- Þrír átján ára piltar voru handteknir í Leifsstöð við komuna frá Frankfurt í janúar í fyrra með tæplega hálft kíló af kókaíni. Annar Íslendingur, Mikael Már Pálsson, hafði sent þá út og skipulagt smyglið.
- Átján ára stúlka handtekin í Leifsstöð við komuna frá Spáni um London 9. ágúst í fyrra með tæp tvö kíló af kókaíni. Samferðamaður hennar var handtekinn með henni og fljótlega tveir til viðbótar. Stúlkan reyndist burðardýr.
- Sautján ára piltur handtekinn í Leifsstöð við komuna frá Amsterdam 27. ágúst í fyrra með um 100 grömm af kókaíni falin í endaþarmi.



### STÓR KÓKAÍNSMYGLMÁL ÞAÐ SEM AF ER ÁRI

**13. FEBRÚAR** 700 GRÖMM
Tvær miðaldra konur teknar við komuna í Leifsstöð frá Amsterdam með 700 grömm af kókaíni innvortis.

**6. APRÍL** 1.100 GRÖMM
Tveir Hollendingar, 27 ára karl og nítján ára kona, tekin í Leifsstöð við komuna frá Amsterdam með samtals tæp 1.100 grömm af kókaíni innvortis.

**31. MAÍ** 2.000 GRÖMM
Karl Bjarni Guðmundsson tekinn í Leifsstöð við komuna frá Frankfurt með tvö kíló af kókaíni í fórum sínum.

**30. JÚLÍ** 500 GRÖMM
Tæplega þrítugur maður og sextán ára stúlka hans tekin í Leifsstöð við komuna frá Venesúela um Bandaríkin með samtals um hálft kíló af kókaíni innvortis.

Efri deild velur sér forseta:

## Nýtt áfall fyrir Japansstjórn

**JAPAN, AP** Satsuki Eda varð fyrir valinu sem forseti efri deildar Japansþings í gær, þar sem stjórnarandstaðan náði meirihluta í kosningum í lok júlí. Eda er gamalreyndur stjórnmálamaður og svarinn andstæðingur stjórnar Shinzos Abe forsætisráðherra.



**SATSUKI EDA** Nýr þingforsetinn segist gera sér grein fyrir ábyrgð sinni.

Þessi niðurstaða er enn eitt áfallið fyrir Abe og stjórn hans. Meirihluti stjórnarandstöðunnar í efri deild, sem þó hefur minni völd en neðri deildin, segist ennfremur koma til greina að krefjast brotthvarfs japanska flughersins frá Írak. **- gb**

## Lést í bílslysi á Suðurlandi



Maðurinn sem lést í umferðarslysi á Laugarvatnsvegi snemma á mánudagsmorgun hét Eiríkur Óli Gylfason.

Eiríkur var 26 ára gamall og til heimilis að Skriðuseli 4 í Reykjavík. Hann lætur eftir sig unnustu og eitt barn.

SLYS

### Haldið sofandi í öndunarvél

Karlmaður sem féll í Glerárgljúfur skammt ofan Akureyrar á laugardagsmorgun liggur enn þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítalans. Honum er haldið sofandi í öndunarvél.


# Fasteignir á Spáni

**Kaupið beint af byggingaraðila**

**Yfir 300 eignir á skrá!**

bspain

Property builders since 1966

**Sala - Leiga**

Snorrabraut 27, sími 534 1599 - Netfang petrina@bspain.com

**www.bspain.com**


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BEST FYRIR AUSTAN**

Í dag verður áfram einna besta veðrið austan til á landinu en vætusamt allavega framan af degi á landinu vestanverðu. Gæti úrkoman teygt sig nokkuð austur með Norðurlandinu. Almennt séð verður ekki mjög sólríkt á landinu á morgun og næstu daga og sennilega fram yfir helgi. Vindar verða hins vegar yfirleitt hægir og milt verður í veðri.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Suðaustan eða austan 5-8 m/s. Rigning og síðar skúrir. Hiti 10-14 stig að deginum.

um hádegi »



» á morgun



5-10 sunnan til, annars hægari.

» föstudagur



3-10 m/s.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23°C skúrir | London | 21°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 19°C skúrir |
| Billund | 24°C hálfskýjað | París | 21°C skúrir | Basel | 21°C rigning |
| Osló | 22°C skúrir | Eindhoven | 19°C skúrir | Alicante | 27°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 25°C léttskýjað | Frankfurt | 19°C skúrir | Algarve | 26°C heiðskírt |
| Gautaborg | 23°C skúrir | Berlín | 27°C skúrir | Las Palmas | 26°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

DELL MÆLIR MEÐ WINDOWS VISTA™ HOME PREMIUM

# VIÐ KYNNUM NÝJA DELL INSPIRON FARTÖLVU – LITRÍKT ÚRVAL



NÝ INSPIRON™ 1520

8 MISMUNANDI LITIR

HD SKJÁR

MEDIADIRECT

INNBYGGÐ
2,0 MEGAPIXLA
VEFMYNDAVÉL

WI-FI CATCHER™

VELDU ÞINN LIT!



## INSPIRON 1520 KOSTAR 129.900,-
## eða 4.969,- á mánuði (miðað við 36 mánuði)

- Intel Core 2 Duo örgjörvi T5250
- 1,50GHz, 667MHz FSB, 2MB L2 Cache
- 2GB 667MHz Dual Channel DDR2 vinnsluminni (2x1024)
- 15,4” Widescreen WXGA+ (1440x900) TrueLife skjár
- Innbyggð 2,0 megapixla myndavél
- 256MB nVidia GeForce Go 8600M GT skjákort
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- 8X DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
- Windows Vista Home Premium
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Dual Core örgjörvi og 15,4” WideScreen skjár gerir það að verkum að Inspiron 1520 hentar vel í hverskonar margmiðlun og tölvuleiki. Inspiron 1520 fæst í 8 litum og því átt þú að geta fundið eina sem passar þér. Snjöll og einföld, ef þú leitar að gæðafartölvu er Inspiron 1520 tölvan fyrir þig.

Dell, Dell vörumerkið, Inspiron, UltraSharp, TrueLife og TrueMobile eru vörumerki í eigu Dell Inc. Intel, Pentium og Core eru skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Microsoft, Windows og Windows Vista eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Önnur nöfn eða vörumerki sem vísað er til í þessari auglýsingu geta verið í eigu annarra. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra.

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

www.ejs.is

**KJÖRKASSINN**



*Fórst þú í ferðalag um helgina?*

| | |
|---|---|
| Já | 33% |
| Nei | 67% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú ekið undir áhrifum?*

Segðu skoðun þína á visir.is. VÍSIR

Erlendir fiskmarkaðir krefjast staðfestingar á ábyrgum veiðum Íslendinga:

# Íslenskur fiskur fær vottun

**SJÁVARÚTVEGUR** Fiskur sem veiddur er samkvæmt íslensku fiskveiðistjórnunarkerfi getur fengið vottun frá þriðja aðila um að hann sé veiddur á sjálfbæran hátt. Þannig geta framleiðendur fengið sérstakt merki á umbúðir sem staðfesta að framleiðslan sé samkvæmt íslenskum kröfum.

Þetta kom fram í umhverfislýsingu um íslenskar fiskveiðar sem var kynnt í gær. Að yfirlýsingunni stóðu Fiskifélag Íslands, sjávarútvegsráðuneytið, Hafrannsóknastofnun og LÍÚ.

Vinnuhópur hefur verið skipaður sem mun skilgreina virkni íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins. Framleiðendum verði svo kleift að fá vottun frá þriðja aðila um að vara þeirra sé framleidd eftir þessu kerfi. Erlendir fiskmarkaðir hafa krafist þess í auknum mæli að fá staðfestingu á að íslenskir fiskistofnar séu nýttir með ábyrgum hætti, að því er fram kemur í tilkynningu frá Fiskifélaginu.

„Þetta undirstrikar ásetning okkar að sýna með afgerandi hætti að íslenskur sjávarútvegur sé stundaður með ábyrgum hætti," sagði Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra við undirritunina. „Það hefur verið talsverður þrýstingur að taka upp einhvers konar umhverfismerki í íslenskum sjávarútvegi." - sgj



**SKRIFAÐ UNDIR** Íslenskt sjávarfang mun fá vottun um að fiskveiðistjórnun sé með ábyrgum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Fornar heimskautaverur:

# Örverur lifna við eftir ísdvöl

**BANDARÍKIN, AP Örverur sem voru fastar í ísnum á Suðurskautslandinu í hundrað þúsund ár hafa lifnað við á ný eftir að vísindamenn gáfu þeim hlýju og næringu í tilraunastofu.**

**Það eru vísindamenn við Rutgers-háskólann í Washington í Bandaríkjunum sem gerðu tilraunir með örverurnar, sem allar eru á aldrinum hundrað þúsund til átta milljón ára.**

**Elstu örverurnar sýndu ekki mikil lífsmerki, en þær „yngstu" reyndust býsna sprækar komnar inn úr kuldanum.** - gb

Lenti í slysi fjögurra ára:

# Skáru blýant úr höfði konu

**ÞÝSKALAND Læknar fjarlægðu blýant úr höfuðkúpu 59 ára gamallar þýskrar konu á dögunum, en blýanturinn hafði verið fastur í höfði hennar í 55 ár. Þetta kom fram hjá Sky News.**

**Margaret Wegner hrasaði þegar hún var fjögurra ára gömul og blýantur sem hún hélt á fór í gegnum húðina og inn í höfuð hennar. Til allrar hamingju slapp heili hennar við skaða.**

**Blýanturinn orsakaði blóðnasir og höfuðverki hjá Margaret. Enginn læknir hafði þorað að fjarlægja blýantinn þar til nú. Læknum tókst að fjarlægja átta sentimetra bút, en of áhættusamt þótti að fjarlægja oddinn.** - sgj

Gin- og klaufaveikin:

# Smit líklega úr rannsóknarstöð

**BRETLAND, AP** Bresk heilbrigðisyfirvöld sögðu í gær miklar líkur til þess að gin- og klaufaveiki, sem greinst hefur í nautgripum í sunnanverðu Englandi síðustu daga, hefði borist frá rannsóknarstöð þar sem bóluefni gegn veikinni hefur verið framleitt. Bresk stjórnvöld stækkuðu í gær einangrunarsvæðið eftir að gin- og klaufaveiki hafði greinst í fleiri nautgripum. - gb



**GSM ÚTBREIÐSLA JANÚAR 2008** Á skyggðu svæðunum á kortinu verður komið GSM-samband í janúar. Gera verður fyrirvara við svæðið á Barðaströndinni á sunnanverðum Vestfjörðum. Sendir frá Flatey mun ná inn á svæðið en ólíklegt er að hann nái innst í firðina og að GSM-sambandið verði samfellt þar.

# Allur hringvegurinn með GSM í janúar

**Hringvegurinn og fimm fjölfarnir fjallvegir utan hans verða komnir með GSM-samband í janúar. Útboð er hafið í seinni hluta áfangans um að GSM-væða vegakerfið. Búist er við að því verki verði lokið á tveimur árum.**

**TÆKNI** Unnið hefur verið að því á þessu ári að koma á GSM-sambandi á hringveginum og fimm fjölförnum fjallvegum. Því verki á að ljúka í janúar á þessu ári. Vegirnir eru Fróðárheiði á Snæfellsnesi, Fagridalur, sem er leiðin milli Egilsstaða og Reyðarfjarðar, Fjarðarheiði, sem er milli Egilsstaða og Seyðisfjarðar, Steingrímsfjarðarheiði á Vestfjörðum og Þverárfjallsvegur, sem er milli Skagastrandar og Sauðárkróks. Auk þess verður sendirinn sem kominn er í gang í Flatey settur upp í mastur þar í nóvember og mun hann ná til sunnanverðra Vestfjarða. Talið er að hann nái alveg frá Kleifaheiði á Barðaströnd og að Reykhólum. Þó má búast við að ýmsir vegakaflar sem liggja innarlega í fjörðunum á þessu svæði verði utan GSM-sambandsins.

Útboð er síðan hafið um að GSM-væða yfir 800 kílómetra svæði á landinu. Því útboði lýkur í október og að sögn Jóhannesar Tómassonar hjá samgönguráðuneytinu er vonast til að þær framkvæmdir geti hafist í kringum áramót. Það verkefni á að taka tvö ár.

Síminn ætlar að setja upp nýtt langdrægt kerfi sem mun leysa NMT-kerfið af hólmi í lok næsta árs. Það kerfi verður með sama dreifikerfi og NMT og næst því um allt land, þar með talið uppi á jöklum og einnig út á mið. Það verður með háhraðatengingu svipaðri ADSL-kerfinu og verður hægt að senda myndir og önnur gögn með því kerfi eins og í öðrum þriðju kynslóðar farsímakerfum.

peturla@frettabladid.is



**VISTHÆFUR BÍLL** Fyrstu þrír bílarnir með bílaskífum voru seldir á fimmtudag.

Visthæfir bílar:

# Fyrstu bílaskífurnar afhentar

**SAMGÖNGUR** Brimborg afhenti fyrirtækinu Bugt ehf. fyrstu bílaskífurnar á fimmtudag. Skífurnar gilda sem stöðumælar í miðborg Reykjavíkur fyrir svokallaða visthæfa bíla, sem eyða litlu eldsneyti og losa út lítið magn koltvísýrings í andrúmsloftið.

Bugt, sem er lítið smávörufyrirtæki, keypti þrjá Citroen C1 hjá Brimborg og flokkast þeir sem visthæfir bílar. Fimm bílaumboð bjóða upp á visthæfa bíla og geta eigendur slíkra bifreiða sótt bílaskífur þangað. - sgj

Norrænt sagnfræðingaþing:

# Hefst í Háskóla Íslands í dag

**MENNINGARMÁL 350 gestir og hátt í tvö hundruð fyrirlesarar verða á 26. norræna sagnfræðingaþinginu sem hefst í Háskóla Íslands í dag og stendur til 12. ágúst. Þingið var síðast haldið hér á landi árið 1987, segir Einar Hreinsson sagnfræðingur, sem er framkvæmdastjóri þingsins.**

**Einar segir að meðal efnis verði fyrirlestrar um lagalega stöðu samkynhneigðra á Norðurlöndum frá árinu 1842 þegar samkynhneigð hætti að vera dauðarefsing í Noregi, hvort jafnaðarstefnan sé liðin undir lok á Norðurlöndum og eins verði rætt um hleranir á Norðurlöndunum í kalda stríðinu. Heimasíða þingsins er: www.nordisk.hi.is.** - ifv


## Gleðilegar ræstingar
– og farsælan vinnudag!

Á tilboði í ágúst 2007
Öflugar gólfþvottavélar frá TASKI



**TASKI swingo 450 B**
Einstaklega lipur vél sem hentar á svæðum þar sem aðkoma er þröng. Vél sem kemur á óvart!
**Raunhæf afköst 450 m²/klst**
Reiknuð afköst 1250m²/klst
**399.384 kr.**



**TASKI swingo 750 B**
Lítil og nett, en afkastamikil vél með innbyggðu hleðslutæki sem hindrar afhleðslu rafgeyma.
**Raunhæf afköst 750 m²/klst**
Reiknuð afköst 1935m²/klst
**499.396 kr.**



Eigum einnig til notaðar vel meðfarnar TASKI gólfþvottavélar, nýkomnar úr 3ja ára rekstrarleigu frá viðskiptavinum RV.
Tækifæri til að gera ótrúlega góð kaup.

**Rekstrarvörur**
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Unique/RV 0707 02


Ný könnun Capacent á lestri dagblaða:

# Yfirburðir Fréttablaðsins

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið heldur yfirburðastöðu sinni á íslenskum dagblaðamarkaði samkvæmt nýrri lestrarkönnun Capacent. Meðallestur landsmanna mældist nú 63 prósent á hvert tölublað. Þetta er örlítið minni lestur en mældist í síðustu könnun, sem var framkvæmd í vor, en þá lásu um 65 prósent Íslendinga Fréttablaðið.

Lestur Morgunblaðsins og Blaðsins helst einnig svipaður milli kannana. Morgunblaðslestur fer úr 43 prósentum í 44,4 prósent, en lestur Blaðsins lækkar úr 38,2 prósentum í 36,2 prósent. Langt á eftir hinum dagblöðunum kemur DV, en blaðið mælist með 7 prósenta meðallestur á tímabilinu.

Yfirburðastaða Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði er enn greinilegri ef litið er til lesenda á aldrinum 18 til 49 ára.

Meðallestur á hvert tölublað í þeim hópi mælist 63,8 prósent hjá Fréttablaðinu, en 36,4 prósent hjá Morgunblaði. Lestur Fréttablaðs umfram Morgunblað er því 75 prósent.

Í sama aldurshópi er Blaðið með 31,1 prósents lestur og er umframlestur Fréttablaðs því 105 prósent. Það þýðir að meira en tvöfalt fleiri Íslendingar á aldrinum 18 til 49 ára lesa Fréttablaðið en Blaðið.

DV mælist svo með 6,7 prósenta meðallestur í þessum hópi og telst umframlestur Fréttablaðsins á DV því 859 prósent.

Könnun Capacent var gerð í síma og nær yfir tímabilið 1. maí til 31. júlí. Niðurstöðurnar eru byggðar á svörum 2.455 manna á aldrinum 12 til 80 ára.



ÞÖKK SÉ ÓKEYPIS STRÆTÓ, HAFÐI ÉG LOKSINS EFNI Á AÐ LÁTA GRÆÐA Á MIG ÞETTA BRJÓST Á ENNIÐ!
HUGMYND 0 KR
FRÍTT Í STRÆTÓ FYRIR NÁMSMENN!
Í vetur verður frítt í strætó fyrir framhalds- og háskólanema á höfuðborgarsvæðinu. Nú geturðu lesið blöðin, sötrað kaffi og fengið hugmyndir á leiðinni í skólann. Allt frítt.
Nánari upplýsingar á rvk.is/betristraeto og á straeto.is
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hvar fær Fisfélag Reykjavíkur aðstöðu undir flugvöll og félagsaðstöðu á næstunni?*

*2. Hversu lengi hefur hljómsveitin Dúkkulísurnar verið starfandi?*

*3. Hversu stór hluti vopna sem flutt hafa verið til Íraks hefur glatast þar?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Stjórnvöld í Georgíu segja að rússneskar herþotur hafi skotið flugskeyti að þorpi:

# Saka Rússa um loftárás

**GEORGÍA, AP** Stjórnvöld í Georgíu segja að tvær rússneskar orrustuþotur hafi farið ólöglega inn í lofthelgi landsins yfir Gori-héraðinu á mánudaginn og skotið flugskeyti að þorpinu Shavshebi. Flugskeytið lenti um 25 metrum frá húsi í jaðri þorpsins en sprakk ekki. Engan sakaði. Stjórnvöld í Georgíu segja að ef flugskeytið hefði sprungið hefði það valdið miklum skaða.

Innanríkisráðherra Georgíu, Vano Merabishvili, segir að rússnesku orrustuþoturnar hafi sést á ratsjám georgíska hersins. Vyacheslav Kovalenko, sendiherra Rússa í Georgíu, neitar því að Rússar hafi skotið flugskeytinu.



**LOFTSKEYTIÐ RANNSAKAÐ** Embættismenn í Georgíu rannsaka flugskeytið. Samskipti Georgíu og Rússlands eru stirð; ríkisstjórnin í Tíblisi vill draga úr úr áhrifum Rússa í landinu og ganga í Atlantshafsbandalagið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hugsanlegt er að atvikið tengist valdabaráttu Georgíumanna og Rússa í sjálfsstjórnarhéruðum Georgíu. Gori-héraðið liggur að Suður-Ossetíu, sjálfsstjórnarhéraði í Georgíu. Aðskilnaðarsinnar í Suður-Ossetíu vilja sjálfstæði frá Georgíu.

Boris Chociyev, ráðherra í ríkisstjórn Suður-Ossetíu, segir að stjórnvöld í Georgíu hafi skotið flugskeytinu til þess að geta kennt Rússum um það. En stjórnvöld í Georgíu hafa vænt Rússa um að styðja við bakið á aðskilnaðarsinnum í Suður-Ossetíu og Abkasíu, öðru sjálfsstjórnarhéraði í Georgíu. - ifv

Tilraun vísindamanna:

# Tónlist kemur hákörlum í stuð

**ÞÝSKALAND Þýskir vísindamenn hafa komist að því að rómantísk tónlist getur stuðlað að aukinni kynorku hákarla. Fimm sædýrasöfn í Þýskalandi tóku þátt í tilraun þess efnis, en illa hafði gengið að fá hákarlana til að fjölga sér.**

**Eftir fjögurra vikna tilraunir kom í ljós að tónlistin hafði áhrif. Nokkrir flytjendur virtust kveikja sérstaklega í hákörlunum, þar á meðal Salt n' Pepa, Justin Timberlake, Joe Cocker og Bob Marley.**

**Þessi aðferð hefur áður verið reynd hjá pöndum og prímötum með góðum árangri.** - sgj

Al Gore gagnrýnir vísindi:

# Stórfé varið í að skapa ágreining

**SINGAPÚR, AP Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, segir að sum þeirra stórfyrirtækja, sem bera hvað mesta ábyrgð á útblæstri gróðurhúsalofttegunda, hafi varið miklu fjármagni til að styrkja vísindarannsóknir í þeim tilgangi að skapa ágreining um að hlýnun jarðar sé af mannavöldum.**



**AL GORE**

**„Sannleikurinn er sá að afar lítill ágreiningur er um þetta," sagði Al Gore á ráðstefnu í Singapúr í gær. „Við lifum í heimi þar sem það, sem einu sinni var kallað áróður gegnir stóru hlutverki við að móta almenningsálitið."** - gb

Reykingar verða bannaðar á Landspítalanum frá næstu áramótum:

# Sjúklingar fá fræðslu og ráðgjöf

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við erum að svara kalli tímans um hreint loft og góðar vinnuaðstæður," segir Dóra Lúðvíksdóttir, lungnalæknir á Landspítalanum. Frá og með næstu áramótum verður Landspítalinn reyklaust sjúkrahús. Reykingar verð ekki leyfðar á sjúkrahúsinu né á lóð þess.

Fram til þessa hafa reykingar verið leyfðar í sérstökum herbergjum í húsnæði spítalans. „Starfsfólk og sjúklingar hafa orðið fyrir ónæði og oft hefur verið kvartað undan þessum herbergjum," segir Dóra.

„Um miðjan ágúst verða reykingar bannaðar í aðalbyggingum sjúkrahússins. Um áramót verða reykingar bannaðar á langlegudeildum og þar með í öllu húsnæði spítalans," segir hún.

**LANDSPÍTALINN ÁRIÐ 2006**

- Að meðaltali voru 4.878 starfsmenn á launaskrá á mánuði.
- Stöðugildin voru að meðaltali 3.866 á mánuði.
- Legur á legudeildum voru 29.147.
- Legudagarnir voru 255.497 eða 8,8 dagar að meðaltali.



**LANDSPÍTALI-HÁSKÓLASJÚKRAHÚS** Frá næstu áramótum verður öllu starfsfólki og sjúklingum bannað að reykja í húsnæði spítalans og á lóð hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aðdragandinn að reykingabanninu hefur verið talsverður að sögn Dóru. Frá síðustu áramótum hefur starfsfólki spítalans verið meinað að reykja á vinnutíma. „Starfsfólkinu var boðið upp á námskeið til að takast á við reykleysið. Það hefur gengið mjög vel," segir Dóra.

Sjúklingum spítalans verður boðið upp á aðstoð til að hemja reykingafíkn sína. Meðal annars verður þeim boðið upp á lyf sem draga úr löngun í nikótín. „Við vonum að sem flestir nýti þetta tækifæri til að hætta að reykja," segir hún. - aví

Hylands Park á Englandi:

# Alheimsmóti skáta lauk í nótt

**ÚTIVIST** Á miðnætti lauk 21. alheimsmóti skáta sem fór fram í Hylands Park á Englandi.

42 þúsund skátar frá 158 þjóðlöndum voru þar saman komnir í tólf daga og fræddust meðal annars um mismunandi aðstæður í heiminum, til dæmis hvernig sumir þurf að ganga langar vegalengdir til þess eins að fá vatn og aðrar nauðsynjar sem aðrir fá beint úr krananum heima hjá sér.

Íslenski skátahópurinn, yfir 300 ungmenni, heldur nú í heimagistingu hjá breskum skátum víðs vegar á Bretlandseyjum Þar munu Íslendingarnir kynnast aðstæðum ungmenna á sama aldri í Bretlandi. - aví

Dýraníðingur í Hollandi:

# Slapp því kind gat ekki vitnað

**HOLLAND Maður sem var sakaður um að hafa haft samræði kind var sýknaður þar sem kindin gat ekki borið vitni um að hún hafi ekki viljað samræðið.**

**Eigandi kindarinnar kom að manninum, sem er frá Haaksbergen í Hollandi, og tilkynnti lögreglu um athæfið.**

**Hollenskir dómstólar urðu að vísa málinu frá þar sem gildandi lög kveða á um að samræði við dýr séu ekki brot á lögum nema hægt sé að sýna fram á að athæfið sé gegn vilja dýrsins.**

**Dómsmálaráðherra Hollands, Ernst Hirsch Ballin, hefur lýst því yfir að lögunum verði breytt til að hægt verði að dæma menn fyrir dýraníð.** - aví



**FANGI Í GUANTANAMO** Sumir eiga pyntingar yfir höfði sér heima. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fangi frá Alsír:

# Vill vera áfram í Guantanamo

**ALSÍR, AP** Ahmed Bel Bacha, einn fanganna í fangelsi Bandaríkjahers við Guantanamo-flóa á Kúbu, berst nú fyrir því að fá að vera þar lengur frekar en að vera sendur heim til Alsírs.

Hann óttast að þurfa að sæta pyntingum í Alsír, en þaðan flúði hann til Bretlands á sínum tíma til að leita hælis.

Þrír aðrir Alsírbúar, sem eru fangar í Guantanamo, eru á sama báti og vilja heldur vera þar en fara til Alsírs.

Mannréttindasamtök vita um nærri þrjátíu fanga í Guantanamo sem óttast að fara heim. Þeir eru flestir frá ríkjum í norðanverðri Afríku. - gb




MOSFELLSBÆR

WWW.MOS.IS



# Mosfellsbær 20 ára

# 1987-2007

Mosfellsbær býður til afmælishátíðar í Bókasafni Mosfellsbæjar og Listasal Mosfellsbæjar í Kjarna fimmtudaginn 9. ágúst næstkomandi klukkan 17.00 í tilefni af 20 ára afmæli bæjarins. Afmælið markar jafnframt upphaf bæjarhátíðarinnar **Í TÚNINU HEIMA** sem stendur til 26. ágúst.

DAGSKRÁ

**TRÍÓ REYNIS SIGURÐSSONAR LEIKUR LJÚFA TÓNA**
Reynir Sigurðsson leikur á víbrafón, Jón Páll Bjarnason leikur á gítar og Gunnar Hrafnsson leikur á kontrabassa.

**HÁTÍÐARFUNDUR BÆJARSTJÓRNAR MOSFELLSBÆJAR**
Bæjarstjórn heldur hátíðarfund sem er öllum opinn.

**MOSFELLINGAR SAMTÍMANS**
Opnun sýningar á ljósmyndum úr safni bæjarblaðsins Mosfellings. Sýningin er samstarfsverkefni Hilmars Gunnarssonar, Karls Tómassonar, Magnúsar Más Haraldssonar og umsjónarmanna Listasalarins.

**„ ... OG FJÖLLIN URÐU KYR“**
Dagskrá í umsjón Bjarka Bjarnasonar og Sigurðar Ingva Snorrasonar.
Flytjendur: Bjarki Bjarnason rithöfundur og Þórunn Lárusdóttir leikkona lesa, Eyjólfur Eyjólfsson tenór syngur, Sigurður I. Snorrason leikur á klarínettu, Anna Guðný Guðmundsdóttir leikur á píanó og Hávarður Tryggvason leikur á kontrabassa.

**Dagskráin fer fram í Bókasafni Mosfellsbæjar og Listasal Mosfellsbæjar í Kjarna og hefst klukkan 17.00.**

ALLIR VELKOMNIR

Í túninu HEIMA

BÆJARÚTGERÐIN · A4 / HGM · LJÓSMYND: MOSFELLINGUR



**ÚLFALDAKEPPNI** Bedúíni býr sig undir hið árlega úlfaldakapphlaup í Bilbeis í Egyptalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Nokkrir þjóðhátíðargestir brenndu föggur sínar en aðrir skildu þær eftir:

# Óskilamunir í kílóavís í Eyjum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Vestmannaeyjum þurfti að hafa afskipti af nokkrum ungmennum í Herjólfsdal í fyrrinótt sem léku sér að því að bera eld að tjöldum sínum áður en þau hurfu á brott af þjóðhátíð.

Varðstjóri lögreglu segir þetta hefðbundna hegðun á mánudegi eftir þessa helgi, þegar hún er á annað borð möguleg vegna veðurs. Hann segir enga hættu hafa skapast, eldur hafi ekki borist á milli tjalda. Ekki var kallað til slökkviliðs til að ráða niðurlögum eldanna heldur gengu lögreglumenn á milli með slökkvitæki auk þess sem gestir hjálpuðu til að eigin frumkvæði. Ekki var um mörg tjöld að ræða.

Þjóðhátíðargestir voru enn að tínast frá Eyjum í gær og fór Herjólfur meðal annars með fullan farm af ferðalöngum strax í gærmorgun. Varðstjóri segir ferðir til og frá eyjunni helsta flöskuhálsinn og ástæðu þess að sumir dvelji í dalnum langt fram á þriðjudag. „Þess vegna vildum við göng,“ segir hann.

Þótt sumir hafi haft fyrir því að brenna föggur sínar voru aðrir sem einfaldlega skildu þær eftir. Lögreglan hefur því í fórum sínum umtalsvert magn óskilamuna, og er þar að finna síma, veski og fleira, tugi ef ekki hundruð kílóa að sögn varðstjóra. „Sumt var merkt og við höfum reynt að koma því til skila,“ segir hann. Ef með þarf eru munirnir sendir í pósti. - sh



**ÞJÓÐHÁTÍÐ** Ekki skapaðist hætta þegar einhverjir gestanna báru eld að tjöldum sínum í Herjólfsdal í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Vestmannaeyjar:

# 340 lendingar á flugvellinum

**VESTMANNAEYJAR** Flugvélar lentu um 340 sinnum á Vestmannaeyjaflugvelli á mánudag í því skyni að sækja þjóðhátíðargesti á heimleið. Það þýðir að flugvél lenti á um það bil þriggja og hálfrar mínútu fresti.

Að sögn starfsmanna flugturnsins gengu flugferðirnar greiðlega fyrir sig. Flogið var frá fimm að morgni til miðnættis á mánudag, en frá sjö að morgni frá föstudegi til sunnudags.

Flugfélag Vestmannaeyja fór flestar ferðirnar en Flugfélag Íslands og Vængir hafa einnig flogið til og frá Eyjum. - sgj

LÖGREGLUFRÉTTIR

## Bramlað á Reykjanesi

Talsvert var um skemmdarverk í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum aðfaranótt mánudags, að því er fram kemur á vef lögreglu. Fjórar rúður voru brotnar í anddyri félagsheimilis í Reykjanesbæ og vinstri hliðarspeglar brotnir af níu bílum. Málin eru í rannsókn.

VINNUMARKAÐUR

## Leiðbeiningar á útlensku

Vinnueftirlit ríkisins hefur gefið út bækling á níu tungumálum með leiðbeiningum um vinnuvernd á Íslandi fyrir erlenda starfsmenn. Mikil fjölgun erlendra starfsmanna á Íslandi kallaði á þessar breytingar sem nú hafa komið til framkvæmda.

# Húsbóndinn vaknaði við sprengingu

**Maður vaknaði við sprengingu og stóð þá svefnherbergi hans og konu hans í ljósum logum. Hann vakti konu sína og börn og þau forðuðu sér út og hringdu á slökkviliðið. Rétt viðbrögð íbúa björguðu því að ekki fór verr. Íbúðin var ótryggð.**

**ELDSVOÐI** „Við sofnuðum aldrei þessu vant í sófanum. Um nóttina vaknaði maðurinn minn við sprengingu. þá var svefnherbergið okkar í ljósum logum,“ segir Hrafnhildur Eva Ingibergsdóttir, íbúi að Hulduhlíð 28 í Mosfellsbæ.

Hrafnhildur og maður hennar tóku drengina sína tvo, fimm og sex ára, og forðuðu sér út úr íbúðinni. Annar drengurinn svaf í herbergi við hliðina á því sem eldurinn logaði í. Reykskynjari fór ekki í gang fyrr en talsverðum tíma eftir að þau voru komin út segir Hrafnhildur.

Neyðarlínunni barst tilkynning um brunann um klukkan þrjú aðfaranótt laugardagsins. Að sögn varðstjóra slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var mikill viðbúnaður og nokkrir bílar sendir af stað. Þegar fyrstu bílarnir komu á staðinn kom í ljós að eldurinn var að mestu kafnaður en mikill reykur var í íbúðinni. Að sögn varðstjórans voru viðbrögð íbúanna hárrétt að loka herberginu og segir hann rétt viðbrögð hafa bjargað því að eldurinn varð ekki meiri.

Mest allt sem var í svefnherberginu er ónýtt og eru innanstokksmunir um alla íbúð skemmdir vegna sóts og reyks. Íbúðin er í eigu Mosfellsbæjar og voru innanstokksmunir ekki tryggðir.

Hrafnhildur er ósátt við framkomu lögreglunnar og slökkviliðsins á vettvangi. „Þegar við sögðum þeim að þetta væri félagsleg íbúð og að við værum ótryggð var eins og við skiptum þá engu máli,“ segir Hrafnhildur. Hún segir að það hafi gengið erfiðlega að fá svör um hvernig þau ættu að snúa sér í málinu.

Að sögn varðstjóra hjá slökkviliðinu reynir slökkviliðið að hjálpa fólki eins mikið og unnt er í hvert sinn. Slökkviliðið lét útbúa fyrir sig bækling sem það færir fólki sem hefur misst eigur sínar í bruna. Þar eru upplýsingar um þá helstu hluti sem fólk þarf á að halda á svona stundu, til dæmis neyðarnúmer hjá tryggingafélögum. Einnig er slökkviliðið í samstarfi við Rauða krossinn þar sem þeir geta kallað út starfsfólk hafi fólk ekki í nein hús að venda.

Rannsókn á brunanum er hafin hjá lögreglunni. Að sögn Hrafnhildar voru engin rafmagnstæki í herberginu sem líklegt er að kviknað hafi í. Þar hafi ekki verið sjónvarp og tölvur í herberginu ekki í sambandi. andriv@frettabladid.is





**ALLT BRUNNIÐ** Ekki er ljóst á þessari stundu hver upptök eldsins voru. Lögreglan vinnur að rannsókn málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**ELDSVOÐI** Hrafnhildur Eva Ingibergsdóttir stendur í svefnherberginu þar sem eldurinn kviknaði. Flestir innanstokksmunir í íbúðinni eru ónýtir og voru þau hjónin ótryggð.


EXISTA

Exista hf., kt. 610601-2350, hefur gefið út lýsingu vegna skráningar víxla sem OMX Nordic Exchange Iceland hf. hefur samþykkt og gert aðgengilegar almenningi frá og með 8. ágúst 2007.

Eftirfarandi víxlaflokkur hefur verið gefinn út:

- Víxlaflokkur að nafnverði kr. 3.000.000.000 var gefinn út þann 25. júlí sl. og er auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland hf. EXIS 071008B. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 8. október 2007. Víxlarnir verða skráðir í OMX Nordic Exchange Iceland hf. þann 8. ágúst 2007.

Lýsingu vegna EXIS 071008B er hægt að nálgast hjá útgefanda Exista hf., Ármúla 3, 108 Reykjavík og á vefsetri útgefanda Exista, www.exista.com, í eitt ár frá útgáfudegi. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Lýsingar er hægt að nálgast hjá útgefanda Exista hf., Ármúla 3, 108 Reykjavík og á vefsetri útgefanda Exista hf. www.exista.com. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík 8. ágúst 2007

KAUPÞING



ACER EIGENDUR!

VIÐ HÖFUM svar.) IÐ

OFFICIAL ACER SERVICE CENTER

Við viljum minna þig á að Svar tækni er eini viðurkenndiþjónustuaðili Acer á Íslandi og veitum við alla þá þjónustu sem þú þarfnast fyrir þinn Acer tölvubúnað, óháð því hvar hann er keyptur. Tölvubúnaður sem keyptur er erlendis frá ber eins árs ábyrgð, sé hann keyptur frá söluaðilum sem ekki eru endursöluaðilar Svar tækni ber hann 2ja ára ábyrgð. Ef hann er keyptur af Svar tækni eða viðurkenndum endursöluaðilum þess ber hann 3ja ára ábyrgð. *Það er því mikilvægt að velja réttan söluaðila!*

KVEÐJA, STARFSFÓLK SVAR TÆKNI

*Stundum er lítil uppfærsla nóg til að gera gamla tölvu sprækari, kíktu til okkar og við sjáum hvað hægt er að gera til að fríska upp á gömlu Acer tölvuna þína.*

3 ÁRA ÁBYRGÐ

svar.) tækni

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

AJ ARMANI JEANS

FINUCCI
collezione

Benvenuto.

LLOYD

REDGREEN

BELLINI
collezione

bugatti

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
OG LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17





**FLÓÐIN Í BANGLADESS** Þessir íbúar í einu hverfa Dakka, höfuðborgar Bangladess, hafa smíðað sér fleka úr bambustrjám til að komast leiðar sinnar um borgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Óvenjulegt hús í Póllandi:

# Hús á hvolfi í pólsku þorpi

**PÓLLAND** Pólski listamaðurinn Daniel Czapiewski hefur byggt harla óvenjulegt hús í þorpinu Szymbark, sem er í norðanverðu Póllandi. Húsið er á hvolfi, hvílir á þakinu og hallast af þeim sökum svolítið.

Húsið á að minna á ástandið þegar kommúnistastjórn var við völd í Póllandi, þegar tilveran öll var á hvolfi og enginn vissi hvað sneri upp og hvað niður.

Húsið er í fullri stærð, búið húsgögnum sem einnig eru á hvolfi og rammlega fest við gólfið svo þau detti ekki niður. - gb



**ALLT SNÝR ÖFUGT** Húsinu er ætlað að minna á tíma kommúnistastjórnarinnar í Póllandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Morðið á Sæbraut:

# Rannsókn lokið án ákæru

**LÖGREGLUMÁL** **Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur lokið rannsókn sinni á morðinu sem framið var á Sæbraut sunnudaginn 29. júlí. Málið telst upplýst og kom ekkert óvænt fram við rannsóknina, að sögn Sigurbjörns Víðis Eggertssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns.**

**Málið verður sent til ríkissaksóknara. Þar sem sá seki framdi sjálfsvíg er ekki talið að nokkur ákæra verði gefin út. Ríkissaksóknari getur hins vegar óskað eftir frekari rannsókn ef hann telur þörf á.** - sgj

HEYR HEYR

- Öll þjónusta fyrir heyrnartækjanotendur
- Heyrnarmælingar, heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

ATHUGIÐ! Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu heyrnartækja.

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin Uppsölum Kringlunni • www.heyrnarstodin.is
Tímapantanir virka daga frá 9-18 í síma 568 6811

# Bretar vilja fanga frá Guantanamo

**Bresk stjórnvöld krefjast þess að Bandaríkjaher láti lausa fimm fanga úr Guantanamo-fangelsinu á Kúbu. Þetta er stefnubreyting sem þykir benda til að Gordon Brown forsætisráðherra ætli að leggja meiri áherslu á mannréttindamál.**

**LONDON, AP** David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, hefur skrifað bréf til Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, þar sem farið er fram á að fimm fangar í búðum Bandaríkjahers við Guantanamo á Kúbu verði látnir lausir.

Allir höfðu þessir fimm fangar verið búsettir í Bretlandi áður en þeir voru handteknir, en enginn þeirra er þó breskur ríkisborgari.

Af hálfu Breta er þarna um stefnubreytingu að ræða undir forystu Gordons Brown forsætisráðherra, því meðan Tony Blair var forsætisráðherra hafði breska stjórnin eingöngu viljað hafa afskipti af föngum í Guantanamo væru þeir breskir ríkisborgarar. Sú afstaða var ítrekuð síðast í mars.

Mennirnir fimm eru Shaker Aamer frá Sádi-Arabíu, Jamil el-Banna frá Jórdaníu, Omar Deghayes frá Líbíu, Binyam Mohammed frá Eþíópíu og Abdennour Sameur frá Alsír. Þeir höfðu ýmist fengið dvalarleyfi eða hæli sem flóttamenn í Bretlandi.

„Viðræður við Bandaríkjastjórn um að fá þessa menn lausa og senda heim gæti tekið einhvern tíma,“ segir í yfirlýsingu frá breska utanríkisráðuneytinu.

„Það hefur tekið okkur fimm og hálft ár að ná þessum áfanga,“ segir Moazzam Begg, breskur ríkisborgari sem hafði dvalist í tvö ár í Guantanamo-búðunum áður en hann fékk að fara til Bretlands árið 2005. „Til eru börn sem hafa aldrei séð feður sína. Einnig eru foreldrar sem hafa dáið meðan börn þeirra voru höfð í haldi. En loksins virðist mega sjá ljóstýru við endann á þessum löngu göngum,“ bætti hann við.

Breska utanríkisráðuneytið segir að fimm breskir ríkisborgarar hafi verið látnir lausir í mars árið 2004 og fjórir aðrir í janúar árið 2005. Auk þess höfðu Bretar gert eina undantekningu og náð því fram að maður yrði látinn laus, þótt hann hafi ekki verið breskur ríkisborgari, en sá hafði veitt bresku leyniþjónustunni aðstoð sína.

Hvorki utanríkisráðuneytið né skrifstofa Browns forsætisráðherra hafa viljað staðfesta að Brown hafi rætt þessi mál við George W. Bush Bandaríkjaforseta á fundi þeirra í síðustu viku.

gudsteinn@frettabladid.is



**GORDON BROWN** Forsætisráðherra Bretlands hverfur frá þeirri stefnu forvera síns að Bretar skipti sér ekki af föngum í Guantanamo nema þeir séu breskir ríkisborgarar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar
4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjaskóli • 6 Neskaupstaður
7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar

ENNEMM / SÍA / NM31608




Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is Sími 444 4000

Talsmaður neytenda segir bankana rukka of mikið þegar farið er yfir á reikningum:

# Segir bankana ekki mega refsa

**NEYTENDUR** Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segir bankana innheimta of háar upphæðir í svonefndan FIT-kostnað. FIT-kostnaður leggst á viðskiptavini sem fara yfir á reikningum, til dæmis ef debetkort án innistæðu er notað í verslun. „Bönkum verður ekki veitt refsivald yfir neytendum,“ segir Gísli.

„Það væri sérstök staða ef það kostaði ekkert að fara yfir á reikningnum,“ segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja. „Þá gætu menn náð sér í eins mikinn pening og þeir vildu.“

Guðjón segir það kosta bankana mikið að innheimta gjöldin, en þau séu ekki hærri hérlendis en best sé á kosið erlendis. Hann segir innheimtuna jafnframt byggjast á lögum um tékka.

Gísli segir það ekki standast. Bankar geti ekki lagt á sektir sem lögregla, ákæruvald og dómsvald ættu að ákveða. Þær sektir ættu að renna í ríkissjóð, en ekki til bankanna. FIT-kostnaður verði að styðjast við lög, samninga, skaðabótaábyrgð eða auðgunarkröfu. Svo sé ekki. - sgj



**FARIÐ YFIR** FIT-kostnaður leggst á þá sem nota kort sem engin innistæða er á.

www.icelandexpress.is

# Iceland Express býður 2.990 flugsæti á sérstöku tilboðsverði!




Bókunartímabil:
8.–10. ágúst
Ferðatímabil:
20. ágúst–30. sept.

Sala hefst kl. 12 í dag!

» Tryggðu þér flug með Iceland Express til hvaða áfangastaðar sem er á frábæru tilboðsverði, **lægsta verð aðeins 5.985 kr.**, aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

Bókunartímabilið er **8.–10. ágúst** og ferðatímabilið **20. ágúst til 30. september**. Um er að ræða valdar dagsetningar og takmarkað sætaframboð.

» Sala hefst í dag, stundvíslega kl. 12 á hádegi og það er eins og alltaf: Fyrstur bókar, fyrstur fær!

**Þú bókar á www.icelandexpress.is**

Fíton/SÍA FI118659

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

www.icelandexpress.is

Iceland Express

# SPARI DAGAR

## ..og þú gerir frábær kaup!





PIONEER bíltæki og hátalarar
**20% AFSLÁTTUR**

Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU

### PIONEER HEIMABÍÓ

Glæsilegt heimabíókerfi með DVD upptöku og hörðum disk

*Pioneer RCS-404*



SPARIDAGAVERÐ:
**69.900 kr** Áður kr.: ~~114.900~~

### PIONEER DVD upptökutæki með hörðum disk

· Innbyggður 80 GB harður diskur (allt að 227 klst. upptaka)
· Tekur upp á allar gerðir DVD diska (Dual-Layer)
· Chase Play – samhliða afspilun og upptaka
· Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX



*Pipneer DVR-440H*

SPARIDAGAVERÐ:
**44.900 kr** Áður kr.: ~~65.900~~

Nikon

*NIKON Coolpix S5*



6.0 milljón pixlar · 3 x aðdráttur í linsu (35-105mm) · 2.5" LCD skjár · Video upptaka með hljóði · 21 MB innbyggt minni - hægt að stækka með XD minniskorti · Aðeins 165 grömm án rafhlöðu
Notar lithium rafhlöðu

SPARIDAGAVERÐ: **29.900 kr**
Áður kr.: ~~46.900~~

OLYMPUS

*OLYMPUS FE-240*



7,1 milljón pixlar · 5x aðráttarlinsa (38-190mm) · 2,5" LCD skjár · 15 handhægar tökustillingar · Stál hús · Videoupptaka með hljóði · Sérlega einföld og þægileg í notkun · Tekur xD minniskort · Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5cm fjarlægð · Hleðslutæki og Lithium-ion rafhlaða fylgja.

SPARIDAGAVERÐ: **19.900 kr**
Áður kr.: ~~24.900~~

*ZEPTO Znote 4015SE*



SPARIDAGAVERÐ:
**79.900 kr**
Áður kr.: ~~89.900~~

Skjár: 15" XGA 1024x768 · Örgjörvi: Intel Pentium M750 1,86Ghz 2Mb · Kubbasett: Intel 915GM · Skjákort: Intel Graphics Media Accelerator 128Mb · Vinnsluminni: 512Mb DDR2 PC5300 – 667Mhz (mest 2Gb) · Harður diskur: 80Gb 5400rpm 8Mb Cache Hitatchi · Drif: DVD-RW Dual Layer DVD skrifari
Tengi: 4x USB 2.0, 1x VGA, 1x Firewire *o.fl. – o.fl.* · 2 ára ábyrgð

SHARP



*SHARP XL-UH220H*

· 5 diska geislaspilari · Spilar MP3, CD-R/RW · Magnari: 2 x 50W RMS · USB tengi - spilar tónlist beint af minniskubbum, MP3 spilurum o.fl. · AM/FM útvarp með RDS og 40 stöðva minni · Vekjaraklukka · 6 tónjafnarastillingar og X-BASS kerfi · Fullkomin fjarstýring

SPARIDAGAVERÐ: **27.900 kr**
Áður kr.: ~~35.900~~

SAMSUNG



*SAMSUNG LE15S51B*

15" LCD SJÓNVARP · Skjáform: 4:3 · Upplausn: 640 x 480 · Birta: 450 cd/m2 · Sjónarhorn: 160°/160° · Íslenskt textavarp Nicam stereo hljóð · SCART og VGA tengi

SPARIDAGAVERÐ: **34.900 kr**
Áður kr.: ~~49.900~~

**DVD TÓNLISTARDISKAR FRÁ KR. 690.-**
*Mikið og gott úrval - eitthvað fyrir alla!*

SHARP



HD ready

*SHARP LC37GA8E*

### 37" LCD SJÓNVARP

· Upplausn: 1366 x 768 (16:9 widescreen)
· Kontrast: 1200:1
- frábær dýpt og litaskerpa
· Svartími: 6 ms
· Birta: 450 cd/m2
· Sjónsvið: 176°/176°
· Clear Flat hljóðkerfi
- frábær og kraftmikill hljómur
· Tengingar: HDMI, 2 x SCART, VGA/Component (D-Sub), AV/S-Video, USB

SPARIDAGAVERÐ:
**169.900 kr**
Áður kr.: ~~219.900~~

### 32" LCD SJÓNVARP

· Upplausn: 1366 x 768 (16:9 breiðtjald)
· Hágæða XWCG skjár
· Stafrænn sjónvarpsmóttakari
· Svartími: 8 ms
· Kontrast: 6000:1
· Birta: 500 cd/m2
· 10-bita litvinnslubúnaður
· Sjónsvið: 178°/178°
· Tengingar: HDMI x 2, Component, SCART x 2, PC (VGA D-sub), AV/S-Video, USB

SPARIDAGAVERÐ:
**144.900 kr**
Áður kr.: ~~169.900~~

SAMSUNG



*SAMSUNG LE-32N73BDX*

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 · ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 · ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 · ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 · ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 · ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 · ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000 · ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 · ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 · ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 · ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 · ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

KVIKA

SÝNISHORN:

# Vertu Sparidaga megin í lífinu ..!!



AEG

AEG KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR
MIKIÐ ÚRVAL - VÖNDUÐ VARA.



AEG

„Algjör himnasending!"

AEG UPPÞVOTTAVÉL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
**SPARIDAGAVERÐ: 69.900 kr.** Hvít
~~Áður kr.: 96.667~~



AEG
EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

Lavamat 76820

Lavatherm 57820

AEG ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
**SPARIDAGAVERÐ:**
**175.000 kr**



LÚXUS GASHITARI
Á VERÖNDINA.
Þrýstijafnari fylgir.

**SPARIDAGAVERÐ:**
**19.900 kr**
~~Áður kr.: 36.737~~



11000 M-MN

E-3051-4-M

AEG

HÁGÆÐA AEG
ELDHÚSTÆKI
Í MIKLU ÚRVALI

Ofn og helluborð:
**SPARIDAGAVERÐ:**
**65.900 kr**

~~Áður kr.: 103.613~~



Lavamat 52820

AEG

AEG ÞVOTTAVÉL
1200 snúninga
6 kg.
Fjöldi prógramma
Íslenskt stjórnborð
Íslenskar leiðbeiningar
**SPARIDAGAVERÐ:**
**69.900 kr**
~~Áður kr.: 85.914~~



Emile Henry
Poterie culinaire

Frönsk leirvara.Frábært úrval.
Eftirsótt um alla Evrópu.
**25-35% AFSLÁTTUR**



AEG

AEG AT260
Einfaldlega
klassísk brauðrist
sem endist lengi.

**SPARIDAGAVERÐ:**
**3.990 kr**



brabantia
solid company

FLOTT ÚRVAL
AF RUSLAFÖTUM.
Hönnun á
heimsmælikvarða.

**25% AFSLÁTTUR**



AEG

Ryksugur
eins og þær
gerast bestar!

**SPARIDAGAVERÐ:**
frá **8.990 kr**

TEFAL



JAMIE OLIVER
Eðal pottar og pönnur
frá Jamie Oliver og TEFAL
**25% AFSLÁTTUR**



Solis
OF SWITZERLAND

Traustur og sterkur
blandari - burstað stál

**SPARIDAGAVERÐ:**
**8.990 kr**



# ORMSSON

www.ormsson.is

## Svona erum við

> Gistinætur á íslenskum hótelum í júní




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FISFLUGVÉLAR

## *Fisvélar eru margar tegundir af loftförum*

Fis og fisflugvélar hafa verið í umræðunni síðustu vikur. Fyrir nokkrum vikum þurftu ítalskir fisflugmenn, sem hugðust fljúga frá Ítalíu til Íslands, frá að hverfa vegna veðurs á Bretlandseyjum.

Í síðustu viku flaug um landið Indverji sem er að reyna að setja heimsmet í fisflugi. Hann hyggst fljúga í kringum hnöttinn á fisvél á innan við 99 dögum sem er núgildandi heimsmet.

Fisfélag Reykjavíkur fékk á dögunum úthlutað svæði á Hólmsheiði undir flugvöll og félagsaðstöðu.

**Hvað er fis?**
Fis er samheiti yfir loftfar sem hefur ekki fleiri en tvö sæti og heildarþyngd í flugtaki má ekki fara yfir 450 kíló. Fisin skiptast niður í undirflokka eftir gerð: svifdreka, véldreka, svifvængi og vélknúin fis. Munurinn á vélknúnu fisi og venjulegri flugvél liggur í þyngd vélanna og stollhraða (lágmarkshraða). Til að teljast fis má heildarþyngd ekki fara yfir 300 kíló fyrir utan öryggisbúnað. Öryggisbúnaður er þá til dæmis talstöð og slökkvitæki en það telst ekki hluti af heildarþynd farsins. Stollhraði (eða sá hraði sem flugvélin þarf til að halda flugi) má að hámarki vera 65 kílómetrar á klukkustund.



**Hvernig öðlast maður flugréttindi?**
Til að fljúga vélknúnu fisi þarf skírteini fisflugmanns. Þjálfun og prófun fer fram hjá viðurkenndu fisfélagi. Bæði er um að ræða verklega og bóklega þjálfun. Að þjálfun lokinni er prófað í bóklegum og verklegum þætti fisflugs. Bóklegt nám er 35 stundir þar sem meðal annars er farið yfir veðurfræði svo dæmi sé tekið. Verklega prófið er undir leiðsögn fisflugmanns með tilskilin réttindi. Verklegi þátturinn tekur um tólf stundir þar sem farið er í gegnum þá þætti sem nauðsynlegt er að kunna í fisflugi.

*Heimild: fisflug.is*

**SPURT & SVARAÐ**
**RÁÐSTEFNA UM INNFLYTJENDAMÁL**

## *Fjölmiðlar og útlendingar*

Í gær hófst ráðstefna í Alþjóðahúsinu um málefni innflytjenda. Ráðstefnan heldur áfram í dag og hefst hún klukkan 18.30. Aðgangur er ókeypis. Einar Skúlason er framkvæmdastjóri Alþjóðahússins.



**Um hvað er rætt?**
Við erum meðal annars að velta því fyrir okkur hvernig það er að flytja til nýrra landa og búa í öðrum menningarheimi og skoða þau ólíku sjónarmið sem fólk hefur, meðal annars tungumál, siði og venjur.

**Aðsteðjandi vandamál?**
Það er ekkert eitt vandamál sem er sérstaklega aðsteðjandi í dag. Það er kannski helst í sambandi við tungumálið og hvernig bæta megi íslenskukennslu fyrir útlendinga og eins hvernig Íslendingar geta hjálpað útlendingum að aðlagast lífinu hér.

**Eitthvað sem þarf að breytast?**
Já, ég held að það muni einnig verða rætt hvernig fjölmiðlar eigi að tala um útlendinga sem eru handteknir hér á landi. Það er óæskilegt að vera alltaf að tiltaka þjóðerni þeirra, það er kannski spurning hvenær við eigum að nefna þjóðerni og hvenær ekki.

# Hefndarmorð FSB-manna?

**Martin Sixsmith, fyrrum fréttaritari breska ríkisútvarpsins BBC í Moskvu, segir í nýlegri bók að Vladimír Pútín Rússlandsforseti hafi ekki fyrirskipað morðið á Alexander Litvinenko í London í árslok í fyrra. Sixsmith telur að meðlimir í rússnesku leyniþjónustunni FSB hafi drepið Litvinenko og að um hefndarmorð hafi verið ræða.**



**FRÁ JARÐARFÖR LITVINENKOS** Marína, ekkja Litvinekos, sést hér ásamt Alexander Goldfarb, samstarfsmanni Boris Berezovksys, og óþekktri konu í jarðarför leyniþjónustumannsins fyrrverandi í Highgate-kirkjugarðinum í London í desember í fyrra.

Sixsmith telur að Alexander Litvinenko, fyrrverandi meðlimur rússnesku leyniþjónustunnar KGB, síðar FSB, sem drepinn var með geislavirka efninu pólón 210 í London í nóvember í fyrra, hafi verið drepinn af hópi manna sem tengist rússnesku leyniþjónustunni. Hann byggir þessa skoðun á rannsókn bresku leyniþjónustunnar Scotland Yard á morðinu sem og á viðtölum við samstarfsmenn Pútíns í Moskvu og við ættingja Litvinenkos.

Talið er að Andrey Lugovoy, fyrrverandi KGB og FSB-maður, hafi drepið Litvinenko. Bresk stjórnvöld hafa óskað eftir því að fá Lugovoy framseldan frá Rússlandi en stjórnvöld í landinu hafa neitað því. Yfirvöld í Bretlandi ráku þess vegna fjóra rússneska diplómata úr landi fyrr í sumar og svöruðu yfirvöld í Rússlandi í sömu mynt.

### „Frumkvæði að neðan“

Að mati Sixsmiths var morðið á Litvinenko dæmi um það sem kallað er „frumkvæði að neðan“: að einhver hópur manna í FSB hafi talið að Pútín vildi losna við Litvinenko, sem hafði gagnrýnt forsetann harðlega úr útlegð sinni á Englandi frá því árið 2000. Hann telur hins vegar ekki að Pútín hafi gefið skipun um að myrða Litvinenko. Sixsmith telur að morðið á rússnesku blaðakonunni, Önnu Politkovskayu, hafi verið skipulagt á sams konar hátt. Hún var drepin á afmælisdegi forsetans í fyrra, þann 7. október.

Sixsmith telur að tvenn lög, sem rússneska þingið setti í fyrrasumar, hafi auðveldað meðlimum FSB að láta drepa Politkovskayu og Litvinenko. Með öðrum lögunum getur forseti Rússlands látið leyniþjónustuna drepa „öfgamenn“, bæði heima fyrir og í öðrum löndum. Í hinum lögunum er skilgreiningin á öfgamanni látin ná yfir alla þá „gagnrýnendur stjórnvalda í Rússlandi sem láta út úr sér meiðyrði um þau“.

Sixsmith telur að vegna þess að Litvinenko gagnrýndi Pútín þá muni stjórnvöld í Rússlandi ekki beita sér fyrir því að reyna að upplýsa hver hafi drepið hann.

### Átti að drepa Berezovsky

Blaðamaðurinn telur að ástæðuna fyrir morðinu á Litvinenko megi rekja aftur til nóvembermánaðar árið 1998 þegar Litvinenko, fjórir samstarfsmenn hans hjá FSB og rússneski auðkýfingurinn Boris Berezovsky héldu blaðamannafund þar sem þeir sögðu frá því að Yevgeny Khokholkov, yfirmaður hjá FSB, hefði skipað FSB-mönnunum að drepa Berezovsky í lok árs 1997. Á þeim tíma var Berezovsky einn valdamesti maðurinn í Rússlandi og var jafnvel talið að hann stjórnaði landinu í gegnum Boris Jeltsín, þáverandi Rússlandsforseta.

Tilgáta Sixsmiths er að morðingjar Litvinenkos hafi viljað hefna sín á honum fyrir að hafa svikið leyniþjónustuna með því að fylgja ekki skipuninni að drepa Berezovsky og fyrir að hafa kjaftað frá því.

Þessi blaðamannafundur átti eftir að hafa mikil áhrif á stjórnmálaástandið í Rússlandi, meðal annars á uppgang Vladímírs Pútín núverandi Rússlandsforseta.

### Berezovsky kom Pútín að

Eftir að Berezovsky komst að því að einhverjir í FSB hefðu ætlað að láta myrða sig sannfærði hann Jeltsín forseta um að færa Khokholkov til í starfi og reka yfirmann FSB, Nikolai Kovalyov. Berezovsky beitti sér fyrir því að Jeltsín skipaði Vladimír Pútín, núverandi Rússlandsforseta, sem yfirmann FSB í stað Kovalyovs. Á þessum tíma taldi Berezovsky að Pútín væri pólitískur samherji sinn. Berezovsky vildi að Pútín rannsakaði hver hefði viljað sig feigan og fékk hann Jeltsín til að ýta á eftir rannsókn málsins.

Pútín hafði hins vegar orðið reiður þegar FSB-mennirnir greindu frá því að þeir hefðu átt að drepa Berezovsky. Sixsmith telur að Pútín hafi strax ákveðið að hefna sín á þeim. Pútín áttaði sig hins vegar á því að hann þurfti á stuðningi Berezovskys að halda ef hann ætlaði sér að verða kjörinn forseti þegar Jeltsín léti af völdum.

Berezovsky beitti sér fyrir því að Jeltsín skipaði Pútín forsætisráðherra árið 1999 og studdi sjónvarpsstöð auðkýfingsins, ORT, Pútín í forsetakosningunum árið 2000 en gagnrýndi mótframbjóðanda hans.

### Sambandið versnar

Eftir að hafa sigrað í kosningunum árið 2000 byrjaði Pútín að beita sér gegn auðkýfingunum sem höfðu hagnast hvað mest á einkavæðingu ríkiseigna eftir hrun Sovétríkjanna, en Berezovsky var einn þeirra. Pútín vildi komast aftur yfir þær eignir sem höfðu tilheyrt ríkinu.

Í kjölfarið byrjaði sjónvarpsstöð Berezovskys að gagnrýna valdníðslu Pútíns. Í ágúst árið 2000 bauð forsetinn auðkýfingnum að afsala hlutabréfum sínum í stöðinni til ríkisins, ellegar að fara í fangelsi því stöðin væri mjög spillt. Berezovsky neitaði og hófust málaferli gegn honum nokkru síðar þar sem hann var ásakaður um fjárdrátt.

Berezovsky og Litvinenko flýðu báðir til Englands í lok ársins 2000; Litvinenko hafði einnig verið ákærður fyrir glæpi í starfi í árslok 1999. Frá árinu 2000 var Litvinenko á launaskrá hjá Berezovsky og unnu þeir að því úr útlegðinni að gagnrýna Pútín Rússlandsforseta sem hafði haft betur í valdabaráttunni við auðkýfinginn.

### Hefði getað drepið Berezovsky

Eitt forvitnilegasta atriðið í bók Sixsmiths er að hann segir frá því að daginn áður en eitrað var fyrir Litvinenko deildi Lugovoy, meintur morðingi hans, vínflösku með Boris Berezovsky á skrifstofu hans. Lugovoy hafði unnið fyrir Berezovsky sem lífvörður og öryggisráðgjafi. Þegar breska leyniþjónustan Scotland Yard rannsakaði skrifstofu Berezovskys komst hún að því að í stólnum sem Lugovoy hafði setið í var mikil geislavirkni eftir pólon 210. Berezovsky skilur ekki sjálfur af hverju Lugovoy eitraði ekki fyrir sér því hann átti jafn mikinn þátt í blaðamannafundinum árið 1998 og Litvinenko.

Sixsmith telur að Berezovsky hafi ekki verið drepinn vegna þess að FSB-mennirnir vildu frekar drepa Litvinenko því að hann hafi verið fyrrverandi FSB-maður sem sveik samtökin og slíkt sé ekki liðið meðal meðlima þeirra. Þess vegna hafi morðið á Litvinenko verið hefndarmorð því hann hafi svikið málstað FSB.

**HEIMILD:** MARTIN SIXSMITH. THE LITVINENKO FILE: THE TRUE STORY OF A DEATH FORETOLD. LONDON, 2007.



FRÉTTASKÝRING
INGI FREYR VILHJÁLMSSON
ingifreyr@frettabladid.is

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Komnir aftur!

# HEILIRSTURTU KLEFAR







## Rúnaður

6mm hert öryggisgler allan hringinn

80x80 og 90x90

## Innifalið:

- Ömmustöng
- Stór handsturta
- Hitastýrð blöndunartæki

## Kanntaður

heilopnun

8mm hert öryggisgler allan hringinn

80x80 og 90x90

CCC
E000479

Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 Lokað laugardaga | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fárið liðið hjá í bili:

## Slökktir eldar helgarinnar

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Löggæslan í landinu er víðast sammála um að liðin helgi hafi verið með stilltara móti og þakkar það áróðri fyrir bættri hegðun. Viðmiðin eru fyrri hátíðahöld um þessa fyrstu helgi ágústmánaðar. Samt kostaði umferðin mannslíf og orsökin er eins og oft áður glannaakstur þar sem langþreyttir karlmenn missa stjórn á ökutækjum sínum á þröngum og bugðóttum vegum.

Víða voru menn hirtir af löggæslunni á ólöglegum hraða og undir annarlegum áhrifum áfengis eða fíkniefna: Áróðurinn eða andróðurinn við lífshættulegu háttalagi í þungri umferð nær ekki lengra en að menn láta lönd og leið dómgreind um akstursshæfni sína og leggja sitt líf og annarra undir í rússneskri rúllettu. Því mun ekki veita af hertum áróðri gegn slíkri fífldirfsku.

Og mun vart duga til: Ferðalangur af þjóðvegum í námunda við helgina mátti hafa sig allan við að komast leiðar sinnar á löglegum hraða. Framúrakstur á þjóðvegi 1 var frekar regla en undantekning og með örstuttu millibili mátti oft litlu muna. Hraðakstur yfir leyfilegum mörkum er almenn regla meðal íslenskra bílstjóra. Bílarnir hafa stækkað og eru kraftmeiri og menn missa sig fljótt yfir hundraðið. Jafnvel þeir sem fara um þjóðvegina með tengivagna af ýmsu tagi, húsvagna, fellihýsi, kerrur undir farangur og farartæki, fjórhjól, hross eða báta. Þeir skirrast ekki við að láta hraðann lokka sig og stefna með því háttalagi sjálfum sér og öðrum í verulega slysahættu. Lítið má út af bera.

Eru skrílslætin í Herjólfsdal, þar sem langdrukkið fólk á ýmsum aldri svalaði skemmtana- og skemmdarfýsn sinni með því að bera eld að yfirgefnum tjöldum, eitthvað verri en háttalag allsgáðra manna undir stýri sem leyfa sér að keyra um þrönga vegi landsins á ólöglegum hraða? Frekjan og yfirgangssemin gengur báðum til. Tillitsleysi og hömluleysi er báðum þessum hópum að því er virðist eðlislægt. Réttlæting þessa háttalags kann að finnast í hugum þessa fólks, en þá fullið er drukkið, ölvun skemmda og ofsahraða er náð, verða orð og afsakanir harla lítilvægar. Og einskis virði verði þessi eftirbreytni saklausu fólki að fjörtjóni eða örkumlum um lengri eða skemmri tíma.

Margt er rætt um fyrirbyggjandi aðgerðir: menningar- og siðleysi á opinberum vettvangi hefur um langan aldur verið þjóðareinkenni okkar og á sér sýnilega djúpar rætur í daglegum framgangi. Hert eftirlit skilar sýnilega sínu, háar sektir, réttindasvipting og upptaka eigna: afdrifaríkar opinberar aðgerðir fyrir brotamenn kunna að reynast þrautalending dugi almenn uppfræðsla og umvöndun ekki. Stjórnvöld verða að reyna hvort tveggja, að kosta til látlítlum áróðri og halda þeim skikk á opinberum vettvangi að allir borgarar geti farið óttalaust um byggðir og sveitir án ama af ruddaskap og án þess að lifa í stöðugri ógn af hraðafíklum.

Nema menn hallist frekar að sjónarmiðum sjoppueigenda á Akureyri sem sjá skrílslæti í samkomuhaldi sem nauðsynlega tekjulind og við sættumst á það sjónarmið að ólöglegur hraði á þjóðvegum sé eðlilegur ferðamáti, lögin einskis virði og þær fórnir sem hraðinn heimtar óumflýjanlegar með öllum sínum sársauka og sorg.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Menningin bankar upp á

Hálfu ári eftir að Kaupþing átti 25 ára afmæli hefur verið ákveðið að halda upp á tímamótin föstudaginn 17. ágúst með stórtónleikum á Laugardalsvelli. Hefur það líklega ekkert með það að gera að daginn eftir fer fram Reykjavíkurmaraþon í boði Glitnis og Menningarnótt sem Landsbankinn styrkir. Smiðshöggið er rekið á Menningarnótt með stórtónleikum Landsbankans og Rásar 2, sem verða haldnir á Miklatúni. Athygli vekur hins vegar að Sjónvarpið ætlar að sjónvarpa tónleikum Kaupþings í beinni útsendingu daginn fyrir tónleika Rásar 2. Hver veit nema allir verði orðnir fullsaddir af stórtónleikum á laugardag en kannski er ekki sama hver bankar upp á hjá útvarpsstjóra?



### Uppfræðarinn

Senn líður að hausti en þá fetar Sjónvarpið í fótspor Mjólkursamsölunnar og hleypir bókmenntaþætti af stokkunum. Umsjónarmaður verður Egill Helgason og ljóst að hann á ærið verk fyrir höndum, að minnsta kosti ef marka má hann sjálfan. „Jæja, mýtan um bókmenntaþjóðina er endanlega að hrynja,“ bloggaði Egill á dögunum. Hann bætir við að það þurfi ekki að koma á óvart „mitt í allri ameríkaníseríngunni og neyslubrjálæðinu hér. Á frönsku heitir ástandið sem ríkir hér *nostalgie de la boue* – þið getið flett því upp.“ Undir handleiðslu Egils hlýtur þjóðin að rétta úr andans kút áður en vetur er úti. Annars þurfum við líklega að fletta upp orðinu *merde*.



bergsteinn@frettabladid.is

# Frumbyggjasáttmáli?



STEFÁN JÓN HAFSTEIN

**Í DAG** | Þróunarmál

Það eru undarleg líkindi með því að koma í búðir hinna fornu „Búskmanna“ Kalaharimerkurinnar og ferðast um „verndarsvæði“ indíána Norður-Ameríku. Hvorir tveggju teljast til frumbyggja þessara ólíku meginlanda.

Það sama á við um báða hópa: Fornir lifnaðarhættir eru aflagðir en ekkert tekur við. Þeir eru á menningarlegum strandstað tveggja tíma og þýðast hvorki fortíð né nútíð. Þegar maður ferðaðist um Navahóbyggðirnar í Arizóna blasti þetta við: Atvinnuleysi 80%, alkóhólismi og félagsleg upplausn, menntun lítil og firring ríkjandi. Maður ók um eyðimörkina og börnin báðu um dollar fyrir mynd, lítil húsræskni á víð og dreif og kringum þau sundurleitt drasl. Ég hvarf í minningunni aftur til sama staðar um daginn þegar ég sótti heim frumbyggja Kalahari: San-fólkið. Tölur um atvinnuleysi eru marklausar því enginn hefur neitt að gera, það sést ekki peningur í byggðunum, ríkið skaffar mat þegar best lætur og fæst börn klára skóla, ef þau byrja. Í Bandaríkjunum fundu menn þá frumlegu lausn að leyfa frumbyggjunum að reka spilavíti með einkaleyfi til að hópurinn fengi einhverjar tekjur. Örfáir afrísku frumbyggjanna hafa náð að koma á legg verndarsvæðum þar sem útlendir auðkýfingar taka þátt í annars konar spilamennsku: Skjóta fíla gegn gjaldi. En þeir eru löngu hættir að reika um mörkina á lendaskýlu með boga og örvar í leit að dýrum eða jurtum til að eta. Sá lífsstíll entist þeim til menningarlegs sjálfstæðis sem einn merkilegasti mannflokkur sem jörðin hefur alið – í fjörutíu þúsund ár. Síðustu áratugi hefur þetta líf kvatt fyrir annað – sem varla telst líf.

**Frumbyggjar allra landa**

Það er skýrt að indíánar Norður-Ameríku komu á undan hvíta manninum. Og enginn getur sagst hafa komið á undan Búskmönnum til merkurinnar í Suður-Afríku, Botswana og Namibíu. En líf og örlög mannflokka ráðast ekki af rökunum um hver kom fyrstur. Það eru tvö þúsund ár síðan hirðingjar höfu mikla sókn suður um álfu Afríku og komu sér fyrir á mikilvægum lendum. Þegar hjarðbúskapur og akuryrkja reyndust ábatasamari en lifnaðarhættir veiðimanna og safnara hörfuðu þeir einfaldlega undan. Í dag er ekki nokkur leið að rökræða málið til lykta með því að spyrja um tímaröð í aldanna rás. Allra síst vegna þess að nú er talið að jörðina byggi tæplega 400 milljónir manna sem á einhvern hátt teljast frumbyggjar, og það í 70 löndum. Sameinuðu þjóðirnar stóðu fyrir áratug frumbyggjanna, sem lauk 2004, án þess að takast mætti að gera alþjóðlegan sáttmála um stöðu þeirra. Það mistókst einnig í fyrra, og enn skal reynt, nú á haustþingi Sameinuðu þjóðanna, í september 2007.

**Flókin skilgreining**

Reynt er að skilgreina frumbyggjarétt út frá því sem við blasir í indíánabyggðunum sem ég lýsti eða aðkomunni í Sanþorpinu sem ég heimsótti: Út frá kerfisbundinni efnahagslegri og félagslegri útskúfun sem útilokar þetta fólk á sögulegum forsendum frá því að aðlagast nútímalegum stjórmálum og efnahagsmálum. Menn sjá auðvitað ótal gildrur í þessu. Þess vegna vakti gríðarlega athygli í fyrra þegar hæstiréttur Botswana dæmdi San-fólki í hag og heimilaði því að taka búsetu á einu stærsta verndarsvæði landsins, en áður hafði ríkið flutt fólkið burt til „aðlögunar“. Forn réttur til búsetu var viðurkenndur. Mörg nýfrjáls Afríkuríki vinna af skiljanlegum ástæðum gegn „ættbálkastefnu“. Gömul og ný dæmi um hörmulegar afleiðingar deilna ólíkra ættbálka eru næg til að réttlæta stefnu sem byggir á sambúð allra án mismununar. Hugmyndir um „sjálfræði“ einstakra hópa eru því í andstöðu við pólitísk yfirmarkmið ungra ríkja, sem nógu erfitt eiga samt með að fóta sig. Það er líka vandséð hvernig frumbyggjakrafan mun breyta bágri stöðu fólksins ef hún þýðir ekki efnahagslegar bætur eða jákvæða mismunun, sem fjöldi annarra fátæklinga af öðrum uppruna mun líta á sem ögrun. Þá eru einnig margar innri mótsagnir í umræðunni: Er stefnt að félagslegri og efnahagslegri aðlögun, sem vinnur gegn menningarlegri sérstöðu? Eða öfugt: Á að reyna að viðhalda menningarlegri sérstöðu sem á sér engar rætur í nútíma? En engin rökræða breytir staðreyndum sem við blasa, um skipbrot hefðbundinna lifnaðarhátta í samkeppni við aðra og upplausn menningarhópa. Hvernig hinum Sameinuðu þjóðum tekst að leysa úr verður ein af fréttum ársins.

***Sjá frásagnir og myndir af heimsóknum til San-fólks á vefnum www.stefanjon.is.***

# Hlauptu til góðs

**UMRÆÐAN**

Reykjavíkurmaraþon



ÁRSÆLL ARNARSON

Reykjavíkurmaraþonið verður haldið í 24. sinn laugardaginn 18. ágúst næstkomandi. Glitnir er samstarfsaðili maraþonsins sem nú heitir Reykjavíkurmaraþon Glitnis. Í ár, eins og í fyrra, heitir bankinn á þá starfsmenn sína sem taka þátt í hlaupinu og greiðir 3.000 krónur á hvern hlaupinn kílómetra.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra var svo lánsamt að nokkur fjöldi starfsmanna Glitnis hljóp í þess nafni í fyrrasumar. Þannig safnaðist töluverð fjárhæð sem félagið notaði til uppbyggingar á sjúkra- og iðjuþjálfun fyrir börn og ungmenni með hreyfifrávik. Auk þess rekur félagið sumardvöl í Reykjadal fyrir fötluð börn. Rúmlega 1.200 einstaklingar sækja sjúkra- og iðjuþjálfun hjá okkur og 200 börn nýta sér þjónustu Reykjadals. Félagið var stofnað 1952 og hefur því í 55 ár treyst á stuðning fyrirtækja, félagasamtaka og einstaklinga. Framtak fyrirtækja eins og Glitnis skiptir gríðarmiklu máli fyrir slíka starfsemi.

Í ár gengur Glitnir skrefinu lengra og munu allir þátttakendur hafa möguleika á að hlaupa til góðs með því að safna áheitum sem munu renna til góðgerðarfélaga. Viðskiptavinir Glitnis ákveða sjálfir vegalengdina og hvaða góðgerðarsamtök njóta góðs af þátttökunni en bankinn greiðir 500 krónur til góðgerðarmála fyrir hvern kílómetra sem þeir hlaupa. Vinir og velunnarar þessara viðskiptavina geta heitið á þá í hlaupinu með því að skrá áheitin á marathon.is. Þannig hvetja þeir viðkomandi til dáða og láta jafnframt gott af sér leiða.

Áheit Glitnis vegna viðskiptavinar sem hleypur heilt maraþon, 42 kílómetra, nemur því alls 21.000 krónum. Sá sem hleypur hálft maraþon, 21 km, fær 10.500 krónur og sá sem hleypur 10 km fær 5.000 krónur í áheit frá Glitni. Áheit á starfsmann Glitnis sem hleypur heilt maraþon, 42 kílómetra, nemur alls 126.000 krónum. Sá sem hleypur hálft maraþon, 21 km, fær 66.000 krónur og sá sem hleypur 10 km fær 30.000 krónur í áheit frá Glitni.

Um leið og ég þakka Glitnisfólki frábæran stuðning, skora ég á starfsmenn og viðskiptavini að nota sér þetta frábæra tækifæri og velja sér góðgerðafélag til að styðja. Allir geta tekið þátt!

*Höfundur er formaður Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.415 **+0,15%**

**Fjöldi viðskipta:** 562
**Velta:** 6.830 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **TEYMI** | +1,60% | **CENTURY ALUM.** | -5,32% |
| **LANDSBANKINN** | +1,26% | **FØROYA BANKI** | -3,86% |
| **TRYGGINGAMIÐST.** | +1,01% | **EIK BANKI** | -2,45% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,40 +0,21% ... Bakkavör 67,20 +0,45% ... Eimskipafélagið 41,10 +0,61% ... Exista 36,10 -0,69% ... FL Group 27,00 -0,37% ... Glitnir 29,25 +0,00% ... Icelandair 28,85 +0,17% ... Kaupþing 1.183 -0,17% ... Landsbankinn 40,20 +1,26% ... Mosaic Fashions 17,20 +0,00% ... Straumur-Burðarás 20,85 +0,00% ... Össur 107,00 -1,38% ... Teymi 5,71 +1,60%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Hvalfjarðartankar seldir hæstbjóðanda



**Í HVALFIRÐI** Sérsveit lögreglu við æfingar í Hvalfirði. Vitað er til þess að ríkislögreglustjóri hefur áhuga á að nýta fyrrum birgðastöð NATO áfram sem æfingasvæði. MARKAÐURINN/VILHELM

Olíubirgðastöð NATO í Hvalfirði, sem verið hefur á forræði ríkisins frá því Varnarliðið skilaði svæðinu í fyrra, verður auglýst til sölu á næstu vikum.

Þórhallur Arason, skrifstofustjóri fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, segir þó nokkur fyrirtæki hafa haft samband vegna aðstöðunnar, en koma verði í ljós hver bjóði best.

„Við höfum ákveðið að auglýsa þetta til sölu í ágúst eða september, svona þegar sumri hallar," segir Þórhallur.

Mannvirkin í Hvalfirði eru fyrst og fremst stórir niðurgrafnir olíutankar, bryggja, skemmur og íbúðarhúsnæði. Þórhallur segir ljóst að eitthvað þurfi að hreinsa til á svæðinu; sum gömlu húsanna séu ekki notkunarhæf. Ríkislögreglustjóri hefur nýtt svæðið til æfinga fyrir sérsveitir lögreglu, en verður líklega að leita annað vilji einhver kaupa. Kunnugir segja óvíst um ástand olíutankanna, enda þeir komnir til ára sinna. **- óká**



**GERVILIMIR Í FRAMLEIÐSLU** Greiningardeild Landsbankans mælir með kaupum á hlutum Össurar.

## Össurarhluturinn á 115 krónur

Greiningardeild Landsbankans mælir með kaupum á hlutabréfum Össurar. Þá metur hún virði félagsins á 710 milljónir Bandaríkjadala eða 114,7 krónur á hlutinn. Gengi Össurar við lokun markaðar í gær var 108 krónur.

Össur skilaði sem nemur 94,4 milljóna króna hagnaði á öðrum ársfjórðungi. Það var viðsnúningur frá tapi á fyrsta ársfjórðungi.

Afkoman á öðrum ársfjórðungi gefur tilefni til bjartsýni að mati greiningardeildarinnar. Þrátt fyrir hökt framan af ári muni þær aðgerðir sem félagið hefur farið í skila árangri á næstu misserum. Það hafi mjög öfluga þróunarstarfsemi sem sífellt komi með mjög frambærilegar vörur á markað. **- hhs**

## Rabobank gefur út krónubréf

Hollenski bankinn Rabobank gaf út krónubréf fyrir 25 milljarða króna í gær. Útáfan er sú næststærsta til þessa að því er fram kemur í Vegvísi Landsbankans. Hin stærsta var upp á 40 milljarða, einnig á vegum Rabobank.

Bréfin sem bankinn gaf út í gær eru til 18 mánaða og bera 12,5 prósent vexti. „Heildarupphæð útistandandi jöklabréfa er nú um 400 milljarðar króna. Það jafngildir um þriðjungi áætlaðrar landsframleiðslu þessa árs," segir greiningardeildin og telur mestar líkur á að stærstur hluti þeirra krónubréfa sem falla í gjalddaga í september, 86,5 milljarðar, verði framlengdur. **- óká**

## Gistinóttum fjölgar stöðugt

Gistinóttum á íslenskum hótelum á fyrstu sex mánuðum ársins fjölgaði um sautján prósent miðað við sama tímabil í fyrra. Í heild voru gistinæturnar 564.300. Þetta sýna bráðbirgðatölur Hagstofunnar.

Gistinóttum í júní fjölgaði um sextán prósent miðað við sama mánuð í fyrra. Þær voru 153.900 í ár en 132.800 í júní í fyrra. Aukninguna má bæði rekja til erlendra ferðamanna og íslenskra. Gistinóttum erlendra ferðamanna fjölgaði um átján prósent en Íslendinga um sjö prósent.

Fjölgunin í júní varð mest í Reykjavík þar sem gistinóttum fjölgaði um 22 prósent. Merkja mátti fjölgun í flestum landshlutum. Á Suðurlandi stóðu þær hins vegar í stað og drógust saman á Austurlandi. **- hhs**


SIMPLY CLEVER

SKODA AUTO

Fjölskylduskemmtun árið um kring í boði Skoda

FÁÐU ÁRSMIÐA FYRIR FJÖLSKYLDUNA Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINN

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 7480



**Skoda**Octavia

**Skoda** Octavia er þekktur fyrir að vera áreiðanlegur og eyðslugrannur. Nú bjóðum við með í kaupum á nýjum Skoda Octavia kort fyrir alla fjölskylduna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í heilt ár.

**Skoda** Octavia með 1,9 lítra **TDI**® dísilvél sannar að afl og hagkvæmni geta farið saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

**Skoda Octavia – skemmtilegur fjölskyldumeðlimur**

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA



*Ástkær sonur okkar, bróðir og vinur,*

**Gunnlaugur Björnsson**
Bjarkarheiði 13, Hveragerði,

sem lést af slysförum 28. júlí síðastliðinn verður jarðsunginn frá Hveragerðiskirkju miðvikudaginn 8. ágúst kl. 14.00.

**Ásta Gunnlaugsdóttir Björn Guðjónsson**
**Guðjón Hugberg Björnsson**
**Hafþór Vilberg Björnsson**
**Valdís Ösp Árnadóttir**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Þorsteinn Ketilsson**
frá Fossi í Hrunamannahreppi,

áður til heimilis að Hæðargarði 35, Reykjavík, lést á Hrafnistu í Reykjavík föstudaginn 3. ágúst.

**Guðrún Sveinsdóttir**
**Leifur Þorsteinsson Sigríður S. Friðgeirsdóttir**
**Sturla Þorsteinsson Ingibjörg Haraldsdóttir**
**Áshildur Þorsteinsdóttir Lúðvík Friðriksson**
**og barnabörn.**



*Eiginmaður minn , faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haukur Einarsson**
brúarsmiður, Austurgerði 7, Kópavogi,

sem lést á Landspítalanum föstudaginn 3. ágúst, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 10. ágúst kl. 13.00.

**Guðríður Gísladóttir**
**Gísli Hauksson Ágústa Kristófersdóttir**
**Erna Hauksdóttir Skúli Halldórsson**
**Valdís Hauksdóttir Rúnar Ólafur Axelsson**
**Sólveig Jónasdóttir**
**Ósk Ásgeirsdóttir Marinó Eggertsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,*

**Hannes Hafsteinsson**
matvælaverkfræðingur, Ph.D.,
Hraunbæ 162,

andaðist á gjörgæsludeild Landspítalans laugardaginn 28. júlí. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 9. ágúst kl. 13.00.

**Soffía Jóhannsdóttir**
**Nína Nilsdóttir,**
**Magnús Már Nilsson Ásta Björg Reynisdóttir**
**Kristín Hannesdóttir Kári Kristinsson**
**Hafsteinn Ormar Hannesson**
**Sigríður Jóna Hannesdóttir**
**barnabörn**
**Kristín Bárðardóttir**
**Bárður Hafsteinsson**
**Guðrún Kristjana Hafsteinsdóttir**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigfús A. Jóhannsson**
bóndi á Gunnarsstöðum, Þistilfirði,

sem lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. 2. ágúst verður jarðsunginn frá Svalbarðskirkju laugardaginn 11. ágúst klukkan 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningar- og gjafasjóð Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Nausts í Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis.

**Sigríður Jóhannesdóttir**
**Kristín Sigfúsdóttir Ólafur H. Oddsson**
**Jóhannes Sigfússon Fjóla Runólfsdóttir**
**Steingrímur J. Sigfússon Bergný Marvinsdóttir**
**Árni Sigfússon Hanne Matre**
**Ragnar Már Sigfússon Ásta Laufey Þórarinsdóttir**
**Aðalbjörg Þuríður Sigfúsdóttir Jón Hallur Ingólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Friðberts Halldórssonar**
Vallargötu 6, Súðavík,

sem lést miðvikudaginn 18. júlí.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki heimahjúkrunar á Ísafirði fyrir einstaka umhyggju og hlýtt viðmót.

**Kristjana Magnea Jónatansdóttir**
**Halla Valdís Friðbertsdóttir Árni Marinósson**
**Hinrik Halldór Friðbertsson Guðmunda Jóna Pétursdóttir**
**Ingibjörg Jóna Friðbertsdóttir Árni Zophoníasson**
**Ægir Páll Friðbertsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ármann Guðmundsson**

verður jarðsunginn frá Egilsstaðakirkju föstudaginn 10. ágúst kl.14.

**Guðfinna Sigurbjörnsdóttir**
**Guðmundur Ármannsson Kristín Ólafsdóttir**
**Magnús Ármannsson Valgerður Erlingsdóttir**
**Guttormur Ármannsson Mariatta Kojo**
**Gunnar Ármannsson Guðrún Halldórsdóttir**
**Védís Ármannsdóttir Örnólfur Oddsson**
**Jóna S. Ármannsdóttir Magnús Snædal**
**Hera Ármannsdóttir Jón Grétar Traustason**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Jónsson**
fyrrv. verslunarmaður, Njálsgötu 112, Reykjavík,

andaðist á líknardeild LSH Landakoti aðfaranótt sunnudagsins 5. ágúst sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Börn, tengdabörn og barnabörn.**



*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Margot Gamm**
Borgum,

sem lést á Landspítalanum 31. júlí, verður jarðsungin frá Hafnarkirkju, Hornafirði fimmtudaginn 9. ágúst kl. 14.00. Jarðsett verður í heimagrafreit að Borgum í Nesjum.

**Ingiríður Skírnisdóttir Krister Gustavsson**
**Hákon Skírnisson**
**Karl Skírnisson Ástrós Arnardóttir**
**Sigurgeir Skírnisson Ingibjörg Björnsdóttir**
**Hjördís Skírnisdóttir Sigurður Einar Sigurðsson**
**og barnabörn.**





**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110 & 893 8638**
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990



Fallegir legsteinar á góðu verði
Englasteinar
Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is


**DUDLEY MOORE FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1935**



*„Ég var haldinn minnimáttarkennd vegna stéttarstöðu, vegna styrkleika og vegna smæðar. Hefði ég verið fær um að slá einhvern, hefði ég sjálfsagt ekki orðið leikari.“*

***Þegar leikarinn Dudley Moore lést úr lungnabólgu 27. mars árið 2002 hafði honum tvisvar hlotnast Golden Globe-verðlaun.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is




**GÖMLU OG GÓÐU** Guðbjartur með númerin góðu sem framleidd voru í vélsmiðjunni Steðja í æði mörg ár. Fornbílaklúbburinn fékk tækjabúnaðinn úr smiðjunni og býr enn í dag til númerin á bíla sem eru eldri en 25 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

FORNBÍLAKLÚBBURINN: KVEÐUR STEÐJA

## Gömlu bílnúmerin lifa enn

Félagar í Fornbílaklúbbnum koma saman og minnast vélasmiðjunnar Steðja sem um langt árabil framleiddi allar númeraplötur landsmanna. Flestir kannast við númerin sem eru orðin sjaldséð á götunum í dag. Grunnurinn svartur og stafirnir hvítir og einkennisstafirnn fremst vísaði til heimabæjar bílsins.

Vélsmiðjunni Steðja á Skúlagötu 32-34 var breytt í íbúð fyrir nokkrum árum en nú skal uppbyggingin í borginni hafa sinn framgang og húsið rifið. Félagar í Fornbílaklúbbnum ætla því að fjölmenna að hinni gömlu verksmiðju, þiggja kaffi hjá Guðnýju Sveinbjörnsdóttur sem nú býr í húsnæði gömlu smiðjunnar og minnast smiðjunnar þar sem flestar númeraplötur fornbílanna eiga uppruna sinn.

„Þarna verður með okkur einn félagi sem vann í Steðja og við ætlum að rifja upp sögu hans,“ segir Guðbjartur Sigurðsson hjá Fornbílaklúbbnum sem stendur fyrir heimsókninni, en saga smiðjunnar er um margt merkileg. „Þarna var stærsti rennibekkur Íslands og húsið nánast byggt utan um hann,“ útskýrir Guðbjartur en allar númeraplötur voru framleiddar í Steðja allt til ársins 1990 þegar númerunum var breytt og framleiðslan flutt á Litla-Hraun.

Þó verksmiðjan hafi verið lögð niður og húsið verði nú jafnað við jörðu lifir Steðji áfram með fornbílunum. „Fornbílaklúbburinn fékk stansana frá Steðja og leyfi til að framleiða gömlu Steðjanúmerin á fornbíla, það er bíla sem eru 25 ára og eldri,“ segir Guðbjartur sem segir langflesta eigendur fornbíla vilja hafa gömlu númerin á bílunum sínum enda fylgi þeim viss stemning.

Í kvöld munu tveir félagar rifja upp sögu Steðja yfir kaffibolla auk þess sem Fornbílaklúbburinn stendur fyrir smá bílasýningu bak við húsið, milli Skúlagötu og Hverfisgötu.

**solveig@frettabladid.is**



**60 ára afmæli**

Þann 7 ágúst varð
**Steinar Már Clausen**
sextugur



**Líkt og samkvæmisleikur**
Gönguklúbburinn Krummafótur fór nýlega í ferð um eyðislóðir við nyrsta haf
FERÐIR 3



**Kanntu bíl að þrífa?**
Sumir skilgreina bílþvott sem eins konar listgrein. Mörg og margvísleg þvottaefni, bón og þurrkur eru til í bílabransanum.
BÍLAR 2



## Hinsegin bókmenntaganga

HINSEGIN KVOSARGANGA FARIN NÆSTKOMANDI FIMMTUDAGSKVÖLD.


Veitingastaðurinn Fógetinn var til skamms tíma samkomustaður samkynhneigðra.

Miðborgin verður litin hýrum augum næstkomandi fimmtudagskvöld, en þá munu Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur og Ingunn Snædal rithöfundur leiða göngu á staði sem tengjast bókmenntum, þar sem samkynhneigð kemur við sögu.
Venju samkvæmt verður lagt af stað frá Grófinni kl. 20.00 og endað í Aðalstræti 10, einu elsta húsi borgarinnar, þar sem trúbadorinn Stella Hauksdóttir tekur lagið. Þar var veitingastaðurinn Fógetinn áður til húsa, sem var um tíma samkomustaður samkynhneigðra.
Þess skal getið að þetta er næstsíðasta kvöldgangan úr Kvosinni og sem fyrr kostar ekkert í hana.

*- rve*

## Framtíðin hjá Opel

GTC HUGMYNDABÍLLINN MARKAR ÞAÐ SEM KOMA SKAL HJÁ OPEL.

Samkvæmt hönnuðum Opel mun nýi GTC hugmyndabíllinn verða fyrirmynd bíla Opel í náinni framtíð. Hvort bíllinn sjálfur fer í framleiðslu er óvíst en hverju sem því líður gefur hann góða hugmynd um hvert fyrirtækið stefnir. Bíllinn er einnig búinn nýju skynvæddu fjórhjóladrifi sem tryggja á hámarkssnerpu og fullkomna dreifingu afls milli fram- og afturhjóla.









Haukur Hauksson, framkvæmdastjóri Bjarmalands, stendur fyrir ferð til Moskvu í samstarfi við félagið MÍR. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Á slóðir Stalíns

***Haukur Hauksson, framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Bjarmalands, stendur fyrir septemberferð til Moskvu í samstarfi við félagið MÍR (Menningartengsl Ísland og Rússlands).***

„Siglt er frá Moskvu eftir Volgu til borgarinnar Astrakhan við Kaspíahaf," segir Haukur Hauksson, framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Bjarmalands. „Að því hafi liggja Íran, Kasakstan, Túrkmenistan, Aserbaídsjan og Rússland. Þetta er langt ferðalag eða 2.700 kílómetrar, sem jafngildir því ef siglt væri frá Íslandi til Portúgals."

Að sögn Hauks tekur ferðin fjórtán daga og hefst 10. september með flugi til Frankfurt am Main í Þýskalandi. Þar verður farið í um þriggja klukkutíma skoðunarferð með rútu á meðan beðið er eftir fluginu til Moskvu. Þar, og það sem eftir er ferðarinnar, verður farið í skoðunarferðir um hverja borg undir leiðsögn Hauks, sem er lærður leiðsögumaður.

„Við byrjum á að skoða Moskvu þar sem 15 milljónir manna búa, en í seinni tíð er hún orðin að gríðarlegri menningar-, sögu- og viðskiptamiðstöð," segir Haukur. „Jafnframt því er hún orðin að miðpunkti fyrir samgöngur Samveldisríkjanna eins og þau heita nú.

Svo verður farið til Kasan, höfuðborgar Tatarstans, Tataralýðveldis í Rússneska sambandsríkinu. Síðan til Simbírsk, sem áður hét Úljanovsk, þar sem Lenín fæddist og safn um hann heimsótt. Auk þess verða merkilegar söguminjar skoðaðar í borginni Volgograd eða Stalíngrad eins og hún kallaðist áður."

Að auki er boðið upp á fullt fæði og ýmsa afþreyingu um borð í skipinu sjálfu, sem er 200 metra langt og tekur 260 farþega. „Félagslífið er í blóma, einkum á kvöldin," útskýrir Haukur. „Þá eru, auk veitingastaða, barir og diskótek höfð opin og hægt að skella sér á dansleik. Svo er staðið fyrir hinum og þessum skemmtunum. Þannig að enginn ætti að þurfa að láta sér leiðast í ferðinni."

Hægt er að afla sér frekari upplýsinga um ferðina á heimasíðunni www.austur.com eða með því að hafa samband við Hauk í síma 848-4429.

*roald@frettabladid.is*


Stórfengleg húsgagna lagersala



Allt á að seljast
30% til 90% afsláttur

Mikið úrval af sófasettum, rúmum, hægindastólum, borðum ofl.
Leðurhornbogasófi frá 69.000
Leðursófasett frá 79.000
Dugguvogur 2 S: 557 9510



**Lágmarkshraði** er víða tilgreindur á hraðbrautum í Evrópu. Að aka of hægt getur skapað hættu líkt og að keyra of hratt og sums staðar er tekið hart á þeim sem dóla á hraðbrautunum.



Starfsmenn Hertz og Bílaleigu Akureyrar hafa nú fengið leiðbeiningar í notkun barnabílstóla.

# Aukin áhersla lögð á öryggi barna í bílum

***Barnabílstólar eru nauðsynlegur öryggisbúnaður fyrir börn.***

Bílaleigan Hertz og Bílaleiga Akureyrar í samstarfi við Sjóvá Forvarnahúsið og N1 festu nýlega kaup á nokkrum tuga Britax-barnabílstóla. Með þessu á að bæta öryggisbúnað barna í útleigubílum og mæta aukinni kröfu um notkun öryggisbúnaðar fyrir börn í bílum.

Í samstarfi við Sjóvá Forvarnahúsið hafa í vor og sumar verið haldin námskeið meðal starfsmanna Bílaleigu Akureyrar og Hertz bílaleigunnar til að auka öryggi erlendra ökumanna auk þess sem Sjóvá Forvarnahúsið hefur yfirfarið þá barnabílstóla sem notaðir eru og ráðlagt um val á nýjum stólum. Þá mun Forvarnahúsið leiðbeina starfsmönnum um meðferð barnabílstóla á næstunni og gera sérstakar notkunarleiðbeiningar fyrir erlenda ferðamenn sem þeir fá afhentar með barnabílstólunum svo tryggja megi að stólarnir séu rétt spenntir í bílinn.

Fjöldi barnabílstóla hjá bílaleigunum hefur verið aukinn enda var ný reglugerð um búnað barna í bílum gefin út en sú reglugerð gerir auknar kröfur um verndarbúnað barna.

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta
HONDA þjónusta
NISSAN þjónusta

Þýskar álkerrur

fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.
N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur"
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

# Kanntu bíl að þrífa?

***Það er ekki sjálfgefið að ökumenn kunni að þrífa bíla þó að þeir nái ökuprófi.***

Sumir skilgreina bílþvott sem eins konar listgrein og alls ekki er sama hvernig staðið er að því verki. Metnaðarfullir bílaþvottasérfræðingar mæla með því að forðast notkun kústa á bílaþvottastöðvum þar sem þeir geta haft í sér sand og óhreinindi sem rispa lakkið á bílnum. Best er að væta bílinn með vatni, þrífa hann að innan meðan vatnið leysir upp óhreinindin, sápuþvo tvisvar, skola vel og bera svo jafnvel hraðbón yfir í lokin. Mikilvægt er að enda alltaf á því að hreinsa svæðið í kringum hjólbarða og þar sem tjara safnast, upp því ellegar er hætt við því að þeim óhreinindum sé dreift yfir bílinn. *- mhg*



Að bóna er ekki lengur margra klukkustunda verk eins og hér áður fyrr heldur þarf það ekki að taka nema um hálftíma sé rétt að verkinu staðið.

Tjöruhreinsir er fyrsta og eitt mikilvægasta skrefið í bílaþvotti. Tjara getur farið illa með lakk ef hún er ekki þrifin burtu með reglulegu millibili. Þessi tjöruhreinsir þykir með þeim betri, kemur frá Clean Plus Auto og fæst á bensínstöðvum víða um land.





Einnota hreinsiklútar frá Clean Plus sem hentugt er að hafa í hanskahólfinu til að þrífa mælaborð, stýri og annað sem safnar ryki eða óhreinindum.



Klútur sem hentar vel til að þurrka bílinn eftir þvott og bón.



Eftir að bíllinn hefur verið þrifinn hátt og lágt er tilvalið að hengja góða lykt á spegilinn. Þessi tegund hefur þann kost að hægt er að sjá hvort eitthvað er eftir af lyktinni.



Áklæðahreinsir frá Car Plan leysir upp óhreinindi í bílaáklæðinu, eitthvað sem flest barnafólk kannast vel við.



Undraefnið frá Rain-X heldur rákum í órafjarlægð sé það borið á framrúðu bílsins.



Shampoo Wash & Wax frá Clean Plus Auto þrífur öll óhreinindi af bílnum og skilur eftir sig fallega glansáferð.



Black Flash frá Turtle Wax endurheimtir svarta litinn á stuðara og listum bílsins, en þeir vilja gjarna upplitast í sól og seltu.

# Eftir einn ei aki neinn, á Nissan

ENGINN DRUKKINN FÆR AÐ KEYRA NISSAN Í FRAMTÍÐINNI.

Japanski bílaframleiðandinn Nissan hefur hafið þróun á tæknibúnaði sem nota má í bíla. Búnaðurinn getur sagt til um hvort bílstjórinn sé undir áhrifum.



Hin nýja tækni, sem enn er á þróunarstigi, á að stemma stigu við ölvunarakstri og slysatíðni. Lyktarnemi í bílstjóra- og farþegasæti nemur alkóhólmagn í líkama bílstjórans en nemi í gírstönginni mælir svita í lófa hans. Ef niðurstaðan er sú að bílstjórinn hefur drukkið of mikið gefur bíllinn viðvörun eða læsir svissinum.

Alkóhólmælar eru ekki óþekktir í bílaiðnaðinum. Volvo hefur meðal annars þróað tækni þar sem bílstjóri verður að blása í mæli í sætisbeltinu áður en hægt er að kveikja á bílnum. Hins vegar hefur Nissan bætt við nýstárlegri tækni. Það er myndavél sem metur meðvitund bílstjórans með augnskanna. Ef mat tækisins er að bílstjórinn þurfi á hvíld að halda segir rödd honum að keyra út í kant og fá sér blund.

Ekki er vitað hvenær búast má við slíkri tækni í bíla frá Nissan enda er enn verið að vinna að útfærslu og tæknilegum smáatriðum. **Af fréttavef CNN**

**Sögusigling** með Húna II verður farin í kvöld 8. ágúst klukkan 19.30 frá Akureyri. Hanna Rósa Sveinsdóttir, sérfræðingur hjá Minjasafninu á Akureyri, sér um leiðsögnina en siglingin er í boði Akureyrarstofu, Minjasafnsins á Akureyri og Hollvina Húna II.



## Fjör í Frankfurt

LEIKKONAN EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR OG SÓLEY JÓHANNSDÓTTIR, LEIKFIMIS- OG DANSKENNARI, BJÓÐA MEÐ SÉR TUTTUGU KONUM Á SJÁLFSTYRKINGAR- OG GLEÐINÁMSKEIÐ Í FRANKFURT.



Sóley Jóhannsdóttir mun sjá um æfingar, hugleiðslu og slökun fyrir þátttakendur námskeiðsins.



Edda Björgvinsdóttir ætlar að kenna gleðiæfingar og jákvæðni í sveitinni við Frankfurt.

Ferðin stendur frá 3.-8. september og verður mottó námskeiðsins: „Dagurinn í dag er besti dagur lífs míns.“ Námskeiðið verður á glæsilegu sveitahóteli skammt frá Frankfurt og hefst hver dagur á gönguferð, léttum teygjum, jógaæfingum, hugleiðslu og slökun. Þá taka við fyrirlestrar, verkefnavinna og gleðiæfingar en einnig er því lofað að hvert tækifæri verði nýtt til að hoppa og dansa. Markmið námskeiðsins er að allar konurnar verði ríkari í anda að því loknu og öðlist aukna færni í mannlegum samskiptum og sjálfsöryggi auk þess að læra að meta betur hvert einasta augnablik lífsins.

Edda og Sóley eru engir nýliðar í slíkum námskeiðum því báðar hafa þær hjálpað fjölda kvenna við sjálfsstyrkingu og að ná jafnvægi í lífinu.

*- sig*

# Íslenskar myndir á lettneska vísu

***Ljósmyndabókin Íslendingar – Milli jökla og hrauns var tilnefnd til árlegra útgefendaverðlauna í Lettlandi.***

Lettneski ljósmyndarinn Kaspars Goba og blaðamaðurinn Ieva Pukite eru höfundar bókarinnar Íslendingar – Milli jökla og hrauns. Þeir komu fyrst til landsins árið 1998 og heilluðust við fyrstu sýn.

Síðan þá hafa þeir ferðast vítt og breitt um landið, farið allan hringveginn, yfir hálendið og skoðað landið úr lofti, heimsótt sjávarþorp og einangraða sveitabæi, auk höfuðborgarinnar.

Útgáfan var samstarfsverkefni bókaforlagsins Valters un Rapa og Lettlandsskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Verkefnið naut líka stuðnings Nordic Partners Ltd, sem gerði kleift að gefa 400 eintök af bókinni í framhaldsskóla Lettlands um síðustu jól.

Nánari upplýsingar gefur Kaspar Goba ljósmyndari á tölvupósti goba@parks.lv.

*- rh*



Bók Kaspars Goba og Ieva Pukite, Íslendingar – Milli jökla og hrauns, er tilnefnd til lettneskra útgefendaverðlauna.



Að komast klakklaust yfir vatnsföll er bæði skemmtun og áskorun og allir hjálpast að. Hlöðver Hlöðversson (í lopapeysunni), bóndi á Björgum í Köldukinn, taldi ekki eftir sér að blotna í fætur til að tryggja það að allir kæmust heilir yfir Naustavíkurá.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þetta er samkvæmisleikur

***Gönguklúbburinn Krummafætur fór nýlega í fjögurra daga ferð um eyðislóðir við nyrsta haf. Gunnar V. Andrésson ljósmyndari er einn úr hópnum og að sjálfsögðu var myndavélin með í för.***

Leiðin sem Krummafótur gekk að þessu sinni lá úr Köldukinn í Þingeyjarsýslu út í Náttfarvíkur, yfir Víknafjöll, um Flateyjardal og þaðan í Hvalvatnsfjörð. Er þá ógetið siglingar út í Flatey á Skjálfanda. En gefum Gunnari ljósmyndara orðið: „Ferðin hófst í byggð því lagt var upp frá Björgum í Köldukinn. Hlöðver Hlöðversson, bóndi þar, gerðist leiðsögumaður okkar fyrsta áfangann, út í Naustavík þar sem gist var í gömlu húsi. Síðan var gengið upp Víknafjöllin og yfir í Flateyjardal. Það er æði strembin ganga þótt loftlínan sé bara níu kílómetar því farið er upp í tæplega 1.000 metra hæð en þaðan sést vítt yfir. Í Flateyjardal var tjaldað. Þriðja daginn var dalurinn genginn út í Eyrarvík og þar stigið um borð í bát sem flutti okkur út í Flatey í skoðunarferð. Síðasta dagleiðin var svo yfir Bjarnarfjall í Hvalvatnsfjörð. Þetta voru sem sagt fjórar dagleiðir og þarna er sagan við hvert fótmál. Því þótt „fagurt sé í fjörðum þá frelsarinn gefur veður blítt“ verður manni óhjákvæmilega hugsað til þess fólks sem þarna háði lífsbaráttu sína fyrr á tíð og tókst á við óblíð náttúruöfl.

Við vorum 24 saman og ganga svona hóps er mikil skemmtun. Hún felst í því að svitna saman, ganga saman og tala saman. Þetta er samkvæmisleikur þar sem allir eru sigurvegarar að lokum.“

*gun@frettabladid.is*



GPS eru góð öryggistæki göngufólks. Hér bera Kristín Vigfúsdóttir og Ása Kristbjörg Karlsdóttir saman punktana í sínum tækjum og rýna í þokuna í Kotaskarði á leið í Naustavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hópurinn á leið niður lausar og brattar hlíðar Bjarnarfjalls, ofan Hvalvatnsfjarðar. Ölgandi hafið svarraði fyrir neðan en lítið sást af því fyrir þoku. Allir sigruðust á verkefninu og komu niður á jafnsléttu heilir og ánægðir.



Það perlar á burnirótina í vætunni.



Fullorðið fólk verður eins og börn og brestur í leik þegar komið er í náttstað. Hér við Brettingsstaði á Flateyjardal.

Ford Fiesta eða sambærilegur

Vika á Ítalíu

frá 17.300

kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Bókaðu bílinn heima

- og fáðu 500 Vildarpunkta

ÍSLENSKA/SIA.IS/HER 38919 04/07

Hertz

522 44 00 • www.hertz.is



VISIR.IS

Fyrstur með fréttirnar


ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE
2 skemmtilegri
ÞAU STÁLU AMERÍSKA DRAUMNUM
THE RICHES
Í KVÖLD KL. 20:50
OPRAH - kl. 20:05
THE RICHES - kl. 20:50
GHOST WHISPERER - kl. 21:40




Gerum allt fyrir garðinn þinn. Varist ódýrar eftirlíkingar. Sláttumenn, Magnús 862 8618 & Þórhallur 846 0864.

**Garðaþjónusta Íslands**
**Tökum að okkur alhliða garðvinnu & hreinsun. Fellum tré, þökuleggjum og fl. Vönduð vinnubrögð -Hjörleifur í s. 844 6547 -Róbert í s. 866 9767.**

Góðverk almenn garðyrkja fyrir þig og þína. Afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. S. 659 8797 & 848 1416, Eiríkur.

**Garðaþjónusta H.G.**
Öll helstu garðverk, hellulagnir, sólpallar. Uppl. í s. 699 8509.

Getum bætt við okkur verkefnum í hellulögnum, tyrfingum og drenlögnum. Föst verðtilboð. Uppl. í s. 869 8704.

## Málarar







## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

## Húsaviðhald

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Verkfag ehf**
Tökum að okkur allt viðhald húsa, s.s múrun, málun, flotun, glerjun, rennur, niðurföll, blikk ofl. Uppl. í s. 690 9855.

Flísalagnir. Getum bætt við okkur verkefnum í flísalögnum og málningarvinnu, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Uppl í síma 6691001 Listflísar ehf

## Stífluþjónusta







## Tölvur

**Vandaðar tölvuviðgerðir**
Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður - Miðnet ehf. S. 615 2000.

## Spádómar










**Englaljós S. 908 5050 & 863 1987**
**Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 11 á morgnana til 01 eftir miðnætti. Lára spámiðill. Visa/Euro.**

**Stína Lóa Spámiðill**
**Tarrot & draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál. Sími 908 2008 & 462 2811 - Visa/MasterCard Opið til 02 alla daga. Geymið þessa auglýsingu.**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Alspá 445 5000**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

**Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395**
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

## Múrarar

**ALEXA EHF**
Tek að mér múrverk og filteringu utanhús og tökum að okkur öll innanhúsverkefni. S. 847 2209 Alexa ehf.

## Rafvirkjun




# HEILSA

## Heilsuvörur

**Léttist um 15 kg á aðeins 10 vikum.**
**LR- HENNING - Nýtt á Íslandi**

**Viltu léttast? Fá meiri orku?**

**Stuðningur, einkaráðgjöf og matarprógramm sniðið að þínum þörfum**
**Uppl. Gefur Dóra í síma 869 2024**

**Eða lr-dora@internet.is**

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

www.leit.is smellið á Ristilvandamál.

Léttist um 10 kg á 12 vk.Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir.
www.heilsuval.topdiet.is
Rannveig s.8625920

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

**Viltu verða stílisti?**
Nám í útlitsráðgjöf. The Academy of Colour and Style - útlits-og förðunarskóli. Uppl. í síma 533 5101.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Óska eftir 60 cm hvítri eldavél ódýrt. Þarf að vera óskemmd. Hugi s. 6622996

## Gefins

Til gefins pottablóm ýmsar tegundir. Uppl. í s. 555 4215.

## Dýrahald

**Dýrabær**
**Dýrabær óskar eftir að ráða jákvæðan og þjónustulundaðan starfskraft í 50-80% stöðu. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir óskast sendar á dyrabaer@dyrabaer.is**



Til sölu bræður, Labradorhvolpar úr Skaftárræktun. Foreldrar með 1. eink á sýningum og í Úrvalsfl. á veiðiprófum. Traust heilsufar og traust geðslag. Ættbók frá HRFÍ. S. 896 0028.

Gull falleg 10 vikna Rottweiler tík til sölu. Heilsufarsskoðuð, örmerkt og með ættbók. Uppl. í s. 869 5792.

Yndislegir Papilon hvolpar til sölu. tilbúnir til afhendingar fyrstu vikuna í sept. Heilsufarsskoðaðir og með ættbók frá HRFÍ. Allar uppl. um tegundina er að finna á http://deildir.hrfi.is/papilon og í síma 692 7949.

Til sölu Border collie hvolpar. Einnig til sölu Bob cat 453 árg '97. Uppl. í s. 453 8882 & 895 2229 Vigfús.

Tveir 12 vikna kettlingar undan hálfpersneskri mömmu fæst gefins. Uppl. í s. 861 9559.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta




**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.sjostong.is, hvalalif@hvalalif.is

## Gisting



**Sumarhús í Varmahlíð í Skagafirði**
Til leigu 50-60fm bústaðir með heitum potti við skóginn fyrir ofan Varmahlíð. Helgar & vikuleiga. Hestaleiga, rafting omfl. Uppl. í s. 862 2129.

**Gistiheimili sólheimar 1. 601 Akureyri**
Gisting í lengri eða skemmri tíma. Uppl. í s. 897 7613.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herb. til leigu í Kóp. stórt og bjart með aðg. að baði, eldhúsi og interneti. Verð 45000. Maria 8462039

Til leigu 2 herb. íbúð í 101. Leigist á 95000 á mán. Uppl. í s. 696 2334.

Til leigu stúdíóíbúð m/sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. í s. 860 0866.

Pokoj do wynajecia dla 1 osoby od zaraz. 108 Rvk. Tel. 869 8197.

**Skipta.is**
**Eignir-skipti Viltu skipta á einhverju sem þú átt og vilt eitthvað í staðinn? Farðu á www.skipta.is og skráðu þína eign. Mikil hreyfing! Góð skipti! Láttu hlutina gerast og farðu á www.skipta.is**

## Húsnæði óskast

Einstaklings íbúð eða herbergi m. eldunnaraðstöðu óskast fyrir 57 ára mann. Gæti unnið eitthvað af viðhaldi uppl. s:8238458

Stúdíó/tveggja herb. íbúð óskast til leigu fyrir nema. Frá 1/9 - 1/12. S. 482 4321 & 846 6000.

## Sumarbústaðir



Til sölu til flutnings 2 ný Sumarhús 67 fm + 32 fm svefnloft. Fullbúin að utan, einangruð og plöstuð að innan. Teikningar fylgja með. Sumarhus.com S. 615 2500.

Sumarhús með heitri laug í Biskupstungum. Helga- og vikuleiga í águst og september. S. 898 6033.

## Atvinnuhúsnæði

Ódýrustu geymslu m2 á markaðnum í nýstandsettu húsnæði Á Eyrarbakka 250 m2 á 495 m2, og 1.500 m2 á 465 m2 Sími: 661 6800.

Vantar ca 25-80 fm atvinnu/ iðnaðarhúsnæði. Inkeyrsluhurð kostur en ekki skilyrði. Skoða allt. Uppl. í s. 844 5222.

Til leigu atvinnuhúsnæði við Sundahöfn allt að 840 fm, góðar innkeyrsludyr. Uppl. í s. 860 0866.

óska eftir iðnaðarhúsnæði með innkeyrsluhurð til leigu ca 100-150fm á höfuðborgarsvæðinu s:8471930

## Geymsluhúsnæði




## Bílskúr

Bílskúr óskast til leigu.uppl í síma 8204640

23 fm upphitaður bílskúr til leigu í kóp, 25þús á mán uppl í síma 6607675

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki. Uppl. fást hjá Önnu Helenu í síma 699 7967 eða á staðnum Kleppsvegi. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

BÆJARBAKARÍ

**Starfskraftar óskast**
Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu, á tvískiptar vaktir. Getum einnig bætt við helgarstarfsfólki. Umsóknareyðublöð á staðnum & í s. 555 0480, Sigurður.

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT KORNIÐ BAKARÍ

**Afgreiðslufólk óskast.**
Kornið rekur 8 verslanir og vill ráða hörkuduglegt fólk til starfa. Vinnutími sveigjanlegur. Uppl. í s. 864 1543, Rut.




**Leikskólinn Vinaminni**
**Laus er til umsóknar staða leikskólakennara eða starmanns með reynslu af leikskólastarfi á Leikskólanum Vinaminni Asparfelli 10, 111 Rvk. Viðkomandi þarf að hafa gaman af börnum og skapandi starfi, börnin eru besta fólkið, hvað er betra en að vinna að því að efla visku og vöxt leikskólabarnanna þar sem gleðin og einlægnin er í fyrirrúmi? Nánari upplýsingar fást hjá Sólveigu leikskólastjóra í síma 861 8055 eða 587 0977.**

## BÁTUR TIL SÖLU



# Borðstofuhúsgögn

## mikið úrval á frábæru verði

Fáanlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri



**VERÐDÆMI**

| TAKE húsgagna-lína | Lista-verð | Afsláttar-verð |
|---|---|---|
| Borðstofuborð | 59.900.- | **47.920.-** |
| Skenkur | 84.900.- | **67.920.-** |
| Borðstofustólar | 14.900.- | **11.920.-** |

**THEO húsgagnalína**



**CUBIC húsgagnalína**



Borðstofuborð
fáanlegt í 220 cm

## BORÐSTOFUSTÓLAR Á SPRENGITILBOÐI



| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ |
| 9.900kr | 8.990kr | 12.990kr | 8.330kr | 8.330kr | 11.900kr | 11.920kr | 14.900kr |
| Verð áður 14.900,- | Verð áður 12.900,- | Verð áður 18.900,- | Verð áður 11.900,- | Verð áður 11.900,- | Verð áður 18.900,- | Verð áður 14.900,- | Verð áður 24.900,- |

Gildir til 12. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



ACER
VERÐHRUN
ALLAR ACER FERÐTÖLVUR Á STÓRLÆKKUÐU VERÐI
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar, villur og myndabrengl
Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast
ACER 6292
• Intel Core 2 Duo T7100 1.8GHz
• 2GB DDR2 667MHz minni
• 160GB SATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 12.1" WXGA 1280x800 skjár
• 358MB Intel X3100 HD skjákort
• 0.3MP innbyggð vefmyndavél
• Windows VISTA Business
Intel Santa Rosa tækni með 54Mbps þráðlausu neti, FireWire, BlueTooth, Fingrafaraskanna og er aðeins 1.95KG
121.900
VE12 11.752 Á MÁN | VE lán í 12 mánuði
Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast
ACER 5100
• AMD T64 Dual Core X2 TL50
• 1GB DDR2 533MHz minni
• 120GB ATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
• 256MB Radeon Xpress 1100
• 5 í 1 minniskortalesari
• Windows VISTA Home Premium
Frábær fartölva með öflugum tveggja kjarna örgjörva, stórum harðdisk og öflugri skjástýringu á ótrúlega góðu verði
74.900
VE24 4.078 Á MÁN | VE lán í 24 mánuði
Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast
ACER 5720G B
• Intel Core 2 Duo T7100 1.8GHz
• 2GB DDR2 667MHz minni
• 160GB SATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 15.4" WXGA+ CrystalBrite skjár
• 256MB ATI HD X2300 skjákort
• 0.3MP innbyggð vefmyndavél
• Windows VISTA Home Premium
Intel Santa Rosa tækni með 54Mbps þráðlausu neti, FireWire, DVI HDCP og 2.0 Dolby Home Theatre hljóðkerfi
108.900
VE36 4.246 Á MÁN | VE lán í 36 mánuði
Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast
ACER 5920G
• Intel Core 2 Duo T7300 2.0GHz
• 2GB DDR2 667MHz minni
• 160GB SATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 15.4" WXGA+ CrystalBrite skjár
• 256MB GeForce 8600GT skjákort
• 0.3MP innbyggð vefmyndavél
• Windows VISTA Home Premium
Intel Santa Rosa tækni með 300Mbps Draft-N þráðlausu neti, FireWire, BlueTooth, HDMI og 2.1 Dolby hljóðkerfi
138.900
VE48 4.346 Á MÁN | VE lán í 48 mánuði
Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast
ACER 7520 A
• AMD Dual Core X2 TL50 1.7GHz
• 2GB DDR2 667MHz minni
• 120GB SATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 17" WXGA+ CrystalBrite skjár
• 256MB GeForce Go7000 skjákort
• 0.3MP innbyggð vefmyndavél
• Windows VISTA Home Premium
Ný kynslóð af ferðatölvum frá Acer með tveggja kjarna örgjörva, FireWire, vefmyndavél og 2.1 Dolby hljóðkerfi
86.900
VE12 4.691 Á MÁN | VE lán í 12 mánuði
Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast
ACER 7520 B
• AMD Dual Core X2 TL53 1.8GHz
• 2GB DDR2 667MHz minni
• 160GB SATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 17" WXGA+ CrystalBrite skjár
• 256MB GeForce 8400GS skjákort
• 0.3MP innbyggð vefmyndavél
• Windows VISTA Home Premium
Ný kynslóð af ferðatölvum frá Acer með tveggja kjarna örgjörva, FireWire, DVI, vefmyndavél og 2.1 Dolby hljóðkerfi
98.900
VE24 5.305 Á MÁN | VE lán í 24 mánuði
Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast
ACER 7520 C
• AMD Dual Core X2 TL56 1.9GHz
• 2GB DDR2 667MHz minni
• 320GB SATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 17" WXGA+ CrystalBrite skjár
• 256MB GeForce 8400GS skjákort
• 0.3MP innbyggð vefmyndavél
• Windows VISTA Home Premium
Ný kynslóð af ferðatölvum frá Acer með tveggja kjarna örgjörva, FireWire, DVI, vefmyndavél og 2.1 Dolby hljóðkerfi
108.900
VE36 4.246 Á MÁN | VE lán í 36 mánuði
Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast
ACER 7720G
• Intel Core 2 Duo T7300 2.0GHz
• 2GB DDR2 667MHz minni
• 320GB SATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 17" WXGA+ CrystalBrite skjár
• 256MB ATI HD X2300 skjákort
• 0.3MP innbyggð vefmyndavél
• Windows VISTA Home Premium
Intel Santa Rosa tækni með 300Mbps Draft-N þráðlausu neti, FireWire, BlueTooth, DVI og 2.1 Dolby hljóðkerfi
138.900
VE48 4.346 Á MÁN | VE lán í 48 mánuði


iP4300
7.990
Aðeins 1 stk. á mann meðan birgðir endast
OFFICE 2007
11.900
Með nýrri tölvu á mann meðan birgðir endast
acer
ATHUGIÐ!
RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 48 MÁNAÐA
Til afgreiðslu
Strax
á meðan birgðir endast
ACER 2480 FERÐATÖLVA Á ÓTRÚLEGU TILBOÐSVERÐI
celeron M
INTEL CELERON
Nýji Celeron örgjörvinn er öflugri en forverinn með 1MB flýtiminni og Low Power tækni
14.1" WXGA
Frábær fartölvuskjár með 1280x800 upplausn og SVHS TV út tengi fyrir sjónvarp
128MB GMA950
Intel GMA950 er frábært skjákort með öflugum stuðning við nýjungar í VISTA
Windows Vista
FRÁBÆR Í SKÓLANN
Fyrirferðalítil og fislétt ferðatölva aðeins 2.4KG með 6cellu rafhlöðu sem endist í 2.5 tíma
VISTA HOME BASIC
Nýja Vista stýrikerfið með meira öryggi, fullkomnir leitarmöguleikar og fleiri nýjungar
Til afgreiðslu
Strax
á meðan birgðir endast
AFGREIÐSLU STRAX
Tölvutek er leiðandi í lágum verðum og er með allar fartölvur tilbúnar til afgreiðslu strax
• Intel Celeron M440, 1.86GHz
• 512MB DDR2 533MHz minni
• 80GB ATA 5400RPM diskur
• Combo DVD lesari CD skrifari
• 14,1" WXGA 1280x800 skjár
• 128MB Intel GMA950 skjákort
• 54Mbps þráðlaust net og netkort
• 5in1 kortalesari fyrir flest minniskort
• Ótrúlega létt aðeins 2.4KG
• Windows VISTA Home Basic
49.900
VE12
4.958
VE LÁN Í 12 MÁNUÐI
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

ENNEMM / SIA / NM28783

# Vetrar ævintýri




## Dóminíska

Glæsileg gisting í boði!
Allt innifalið í 11 daga - frá aðeins
**79.845 kr.**

18. des. – örfá sæti laus
20. des. – UPPSELT
30. des. – aukaflug
3. jan. – UPPSELT
18. jan. – aukaflug
24. jan. – UPPSELT
3. feb. – örfá sæti laus
6. mars – aukaflug
17. mars – PÁSKAFERÐ



## Tenerife

Ótrúlegt verð! - frá aðeins
**49.995 kr.**

*Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti. Hjón með 2 börn, 2-11 ára, 4. janúar, 11 nætur, El Cortijo - íbúðir.

Beint morgunflug - með íslensku flugfélagi



## Jamaica

8 dagar - frá aðeins
**98.490 kr.**

30. okt. – 8 nætur
7. nóv. – 10 nætur
14. feb. – 10 nætur
24. feb. – 10 nætur



## Kúba

Frá aðeins
**78.990 kr.**

17. nóv. – 7 nætur
24. nóv. – 11 nætur
5. des. – 13 nætur



## Kanarí

Ótrúlegt verð! - frá aðeins
**43.395 kr.**

Hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 9. janúar, í íbúð með 2 svefnherbergjum á Parquemar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

Beint morgunflug - með íslensku flugfélagi



## Skíðaferðir

Frá aðeins
**29.990 kr.**

Flugsæti með sköttum. Fargjald A. Netverð.

Beint morgunflug - með íslensku flugfélagi

## Flug með Primera Air

Það er íslenska flugfélagið JetX sem annast allt leiguflug Primera Air fyrir Heimsferðir á Íslandi og fyrir önnur dótturfyrirtæki Primera Travel Group í Skandinavíu. Þjónusta um borð er fyrsta flokks og að sjálfsögðu á íslensku.



Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Ferðaskrifstofa

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500


# STUÐ MILLI STRÍÐA: Af sögu þjóðarinnar

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** FÓR Á ÞJÓÐMINJASAFNIÐ



Þjóðminjasöfn eiga með réttu að endurspegla sögu þjóðarinnar. Þannig er British Museum eitt stærsta þjófabæli heims enda var breska heimsveldið duglegt við að kúga fátækar þjóðir á stórveldistíma sínum og ræna þau sögunni.

Saga Íslands er varðveitt við Suðurgötuna og þótt húsið myndi varla rúma nema bara grísku deild breska safnsins fann maður óneitanlega til þjóðarstoltsins þegar gengið var inn í safnið. Íslendingar hafa ætíð verið stoltir af sögu sinni og menningu og stært sig af þjóðerni sínu á erlendri grund. Telja sig komna af miklu siglingakyni sem vann sér það helst til afreka að ramba á Ameríku á árabát.

Þegar gengið er um safnið við Suðurgötuna er fátt sem minnir á þennan glæsta tíma í sögu þjóðarinnar. Hvergi er eitt víkingaskip að sjá né annað sem minnir á hina stórkostlegu landvinninga Eiríks rauða og Leifs heppna, sem þó fékk eitt besta styttustæðið á Íslandi. Þar vantar einhvern neista, innslög sem fær fólkið af Lego- og Playmo-kynslóðinni til að hrópa upp yfir sig af undrun: „Vá, sigldu þeir um á svona bátum?“

Ekki var heldur neinn minnisvarði um íslenska hestinn sem verið hefur einn þarfasti þjónn þjóðarinnar svo öldum skiptir. Hefði ekki verið nær að gera risastóra eftirmynd af Gunnari á Hlíðarenda á hestbaki í fullum herklæðum sem smáfólkið hefði gapað yfir og dáðst að? Og í ljósi upplifunarinnar hefði það beðið um húslestur upp úr Njálu í stað Kapteins Ofurbrókar fyrir svefninn. Og hvar var eiginlega íslenski fjárhundurinn sem selst fyrir morðfjár í Bandaríkjunum? Að ekki sé talað um íslensku kindina sem fætt hefur landsmenn og klætt frá örófi alda.

Þjóðminjasafnið kveikti engan rómantískan þjóðarblossa heldur kvað hann frekar í kútinn. Í stað þess að magna upp sögur af hetjum fornaldarinnar sat eftir minning um þjóð sem er, þegar öllu er á botninn hvolft, frekar smá í samfélagi þjóðanna.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ego dekor

**BÆJARLIND 12 - S: 544 4420**



40% afsláttur

## New York eikarlína -40% afsláttur

Borð 160x90
Verð áður: 45.000,-
VERÐ NÚ: 27.000,-

Borð 180x90
Verð áður: 49.000,-
VERÐ NÚ: 29.400,-

Borð 220x90
Verð áður: 64.000,-
VERÐ NÚ: 38.400,-

Bekkur
L: 160
Verð áður: 33.000,-
VERÐ NÚ: 19.800,-

Skápasamstæða
Stærð: 150x50x200
Verð áður: 178.000,-
VERÐ NÚ: 106.800,-

Borðstofuskenkur
Stærð: 200x50x95
Verð áður: 129.000,-
VERÐ NÚ: 77.400,-



20% afsláttur

**Coco armstóll**
Tweed áklæði,
fáanlegur í nokkrum litum
Verð áður: 19.500,-
VERÐ NÚ: 15.600,-



30% afsláttur

**Boston leðurhægindastóll**
Fáanlegur í svörtu og brúnu leðri
Verð áður: 56.000,-
VERÐ NÚ: 39.200,-

# Útsalan er hafin
# 20-70% afsláttur



30% afsláttur

**Iona stóll**
Verð áður: 13.500,-
VERÐ NÚ: 9.450,-



30% afsláttur

**Bilbao leðursófasett**
Fáanlegt í svörtu, brúnu og hvítu leðri

3+1+1
Verð áður: 228.000,-
-30%
VERÐ NÚ: 159.600,-

3+2
Verð áður: 212.000,-
-30%
VERÐ NÚ: 148.400,-



40% afsláttur

**Metro tungusófi**
Microfiber áklæði, hægt að taka áklæði af og hreinsa
Færanleg tunga
Verð áður: 128.000,-
VERÐ NÚ: 76.800,-



30% afsláttur

**Palma leðurtungusófi**
Fáanlegur í svörtu, brúnu og hvítu leðri
Verð áður: 195.000,-
VERÐ NÚ: 136.500,-



30% afsláttur

**Havana leðursófasett**
Fáanlegt í svörtu og brúnu leðri

3+1+1
Verð áður: 254.000,-
VERÐ NÚ: 177.800,-

3+2
Verð áður: 239.000,-
VERÐ NÚ: 167.300,-

**Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-18:00 - sun 13:00-18:00 - www.egodekor.is**

hönnun: www.origami-art.net

! *Danska hljómsveitin JAZIRKUS treður upp á Gauknum í kvöld. Hún hefur ferðast með Jónasi Sigurðssyni um landið og gert það gott. JAZIRKUS hefur starfað síðan 2003 í Kaupmannahöfn með sína blöndu af djassi og kaffihúsabræðingi.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Málverk í Hafnarborg

Á morgun kl. 17 verður opnuð í Hafnarborg sýning á málverkum bandarísku listakonunnar Joan Perlman. Joan er skóluð í San Francisco Art Institute og hún hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum víða um Bandaríkin. Jafnframt því að vera starfandi listamaður hefur hún starfað sem kennari við háskóla í Bandaríkjunum, m.a. California State University og Sonoma State University.

Perlman hefur lengi haft mikinn áhuga á Íslandi. Hún hefur kynnt sér íslenska menningu og þekkir vel sögu landsins. Árið 1995 kom hún hingað í fyrsta skipti, þegar henni var boðið að halda fyrirlestur í Nýlistasafninu. Eftir að Joan hafði komið til Íslands í fyrsta skipti varð hin hrjúfa náttúra landsins algengt viðfangsefni í málverkum listakonunnar. Joan Perlman leitast við að túlka landslagið, reynir að fanga dulúð þess.



**MYNDLIST** Eitt verka Joan á sýningunni.

Hafnarborg er opin alla daga nema þriðjudaga frá kl. 11 til 17, fimmtudaga er opið til kl. 21. Sýningunni lýkur 9. september.

Frítt er í hafnfirsk söfn í boði Glitnis. **- pbb**

# Hátíðin hefst á Klaustri

Kammertónleikar á Klaustri hafa nú verið árlegur viðburður á tónlistarsumrinu í sextán ár. Hátíðin hefur jafnan verið haldin nálægt töðugjöldum í ágúst og lendir að þessu sinni á komandi helgi, 10. til 12. ágúst. Þetta er annað árið í röð sem mezzósópransöngkonan Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir er listrænn stjórnandi hátíðarinnar, en það er Menningarmálanefnd Skaftárhrepps sem stendur fyrir hátíðinni og naut lengi fulltingis Eddu Erlendsdóttur píanóleikara. Rétt eins og Edda áður er Guðrún Jóhanna einn helsti drifkraftur hátíðarinnar en auk hennar koma þar fram á þrennum tónleikum þau Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari, Elena Jáuregui fiðluleikari og þeir Francisco Javier Jáuregui og Robert Brightmore sem leika á klassíska gítara. Allir tónlistarmennirnir eru búsettir erlendis, bæði hinir íslensku og gestirnar sem koma lengra að.

**Ný verk vakin**

Í ár er bryddað upp á þeirri nýjung að frumflytja nýtt íslenskt tónverk. Hátíðin fór þess á leit við tónskáldið Huga Guðmundsson og skáldið Kristján Þórð Hrafnsson að þeir semdu sungið eintal fyrir mezzósópran, fiðlu og tvo klassíska gítara og ber verkið heitið Réttu orðin. Mun þetta vera í fyrsta sinn sem Kristján leggur ljóð að lagi og er nýnæmi að tiltækinu.

Auk framangreinds verks mun Guðrún flytja tvo spænska ljóðaflokka, eftir Turina og Montsalvatge, og kantötu Haydns, Arianna a Naxos. Guðrún er eins og fleiri af listamönnum Klausturdaga verðlaunuð í bak og fyrir: hlaut nýverið verðlaun sem besti flytjandi ljóðatónlistar í alþjóðlegri söngkeppni á vegum Zamora-borgar á Spáni, en í fyrra hlaut hún verðlaun sem besti túlkandi tónlistar Joaquíns Rodrigo í alþjóðlegri keppni í Madríd sem ber nafn tónskáldsins. Víkingur fékk Íslensku tónlistarverðlaunin 2006 sem Flytjandi ársins, meðal annars fyrir leik sinn á Kammertónleikum á Kirkjubæjarklaustri í fyrra. Í ár munu áheyrendur fá að heyra hann takast á við hina frægu sónötu Beethovens Pathétique og Sónötu nr. 3 í h-moll eftir Chopin.

**Gítarhljómar á ágústkvöldi**

Það var Chopin sem staðhæfði að ekki væri til neitt fegurra en að hlusta á gítar, nema þá kannski á tvo. Gestir Kammertónleikanna munu fá að hlýða á samleik spænska gítarleikarans Franciscos Javiers Jáuregui og enska gítarleikarans Roberts Brightmore en þeir munu flytja saman dansa úr tónverkum eftir Manuel de Falla. Francisco Javier og Robert munu einnig flytja ýmsar perlur gítartónbókmenntanna, eftir Mompou, Houghton og Domeniconi. Spænski fiðluleikarinn Elena Jáuregui mun leiða íslenska áheyrendur inn í hinn heillandi tónlistarheim Spánar með leik sínum á verkum eftir Manuel de Falla og Pablo Sarasate.



**TÓNLIST** Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir sópransöngkona stýrir Kammertónleikahátíðinni á Kirkjubæjarklaustri öðru sinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Nýtið fyrirvara**

Það er því fjölbreytni í fyrirrúmi á Klaustri í ár: tónlist frá Haydn til Huga Guðmundssonar, virtúósaeinleiksverk og kammerverk.

Tónleikarnir verða haldnir í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli föstudaginn 10. ágúst kl. 21.00, laugardaginn 11. ágúst kl. 17.00 og sunnudaginn 12. ágúst kl. 15.00. Kostakjör eru í boði fyrir þá sem kaupa miða á alla tónleikana. Upplifun er að gista í nágrenni Kirkjubæjarklausturs til að njóta þar tónlistar og náttúrufegurðar undir lok sumarsins og er fólki ráðlagt að panta gistingu í tíma. Upplýsingamiðstöð Skaftárhrepps tekur við miðapöntunum.

**pbb@frettabladid.is**


SPARI DANSLEIKUR

MILLARNIR Á BROADWAY

Hinn árlegi sparidansleikur Millanna verður haldinn á Broadway laugardagskvöldið 11. ágúst.

Millarnir munu fagna 15 ára afmæli sínu og leika m.a. lög af spánýrri plötu sinni „Alltaf að græða“.

Aðgangseyrir 2000 kr.
Húsið opnar kl. 22.00
Miðasala laugardag frá kl. 13 á Broadway.

Milljarðamæringar fá ókeypis inn.

Fram koma:
STEBBI HILMARZ
BOGOMIL FONT
RAGGI BJARNA
BJARNI ARA

Heiðursgestur:
LADDI



# HINSEGIN DAGAR Í REYKJAVÍK 2007

# GAY PRIDE




## SKEMMTILEGASTA HÁTÍÐ Á ÍSLANDI

**FIMMTUDAGUR 9. ÁGÚST**

*Kl. 12:00* **Klúbbur Hinsegin daga** á *Q-Bar* opnar – Stonewall endurlífgað. Judy Garland og Páll Óskar á kreiki!
*Kl. 20:00* **Tónleikar** á *Domo*: Didda og Mina rakastan sinua Elvis / Sarah Greenwood og GSX
*Kl. 23:00* **QBoy** skemmtir og þeytir skífum á *Q-Bar*

**FÖSTUDAGUR 10. ÁGÚST**

*Kl. 20:30 (Húsið opnar kl. 20:00)*
**OPNUNARHÁTÍÐ** í *Loftkastalanum:* Miss Vicky frá Bandaríkjunum, indverski dansarinn Sunny, Magga Stína, stúlknasveitin Pay TV frá Svíþjóð og Q-boy. – *Aðgangseyrir 1500 kr.*
**Pride partý** og veitingar í anddyri fyrir gesti að lokinni sýningu.
*Kl. 24:00* **Stelpnaball** á *Q-Bar*
**Strákaball** á *Barnum* Laugavegi 22

**LAUGARDAGUR 11. ÁGÚST**

Upphitun: **Klúbbur Hinsegin** daga á *Q-Bar* frá kl. 10:00.

*Kl. 14:00* **GLEÐIGANGA** Allir safnast saman á Rauðarárstíg, rétt hjá Hlemmi, í síðasta lagi klukkan 12:30. Lagt af stað stundvíslega klukkan tvö í voldugri gleðigöngu eftir Laugavegi og niður í Lækjargötu að Arnarhóli.

*Kl. 15:15* **HINSEGIN HÁTÍÐ VIÐ ARNARHÓL** Meðal skemmtikrafta: Friðrik Ómar, Sarah Greenwood og GSX, Tommi Tomm og vinir, Hara, Pay TV, Hafsteinn Þórólfsson, QBoy og Páll Óskar.

*Kl. 23:00* **Hinsegin hátíðardansleikir**: *NASA* við Austurvöll – DJ Páll Óskar / *Q-Bar* – DJ Aaron Carl

**SUNNUDAGUR 12. ÁGÚST**

*Kl. 10:00* **Klúbbur Hinsegin daga** á *Q-Bar.*
*Kl, 18:00* **Hairspray** – Kvikmyndasýning í *Háskólabíói.*
*Kl. 20:00* **Regnbogamessa** í *Laugarneskirkju.* Sr. Bjarni Karlsson og sr. Jóna Hrönn Bolladóttir predika

***VIP-kort***
*Gildir á alla viðburði á vegum Hinsegin daga yfir hátíðisdagana.*

**www.gaypride.is**

HINSEGIN DAGAR
REYKJAVÍK GAY PRIDE

> Í DAG

hefst tískuvikan í Kaupmannahöfn af fullum krafti. Þar sýna margir bestu hönnuðir Danmerkur og annarra Norðurlanda hönnun sína fyrir vor- og sumartískuna 2008. Allt að 40 þúsund manns sækja tískuvikuna, en hún er haldin tvisvar á ári.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Luxor-strákarnir við stífar æfingar

„Það má með sanni segja að þetta sé „grand-entrance“ hjá okkur. Byrja á stærsta sviði sem sett hefur verið upp á Íslandi og það í beinni útsendingu. Það verður nú að viðurkennast að maður er svoldið stressaður,“ segir Sigursveinn Þór Árnason, einn af fimm meðlimum Luxor-flokksins, sem nýlega var settur saman af umboðsmanninum Einari Bárðarsyni. Luxor-flokkurinn er á meðal þeirra listamanna sem koma fram á risatónleikum Kaupþings á Laugardalsvelli 17. ágúst næstkomandi sem haldnir verða í tilefni af 25 ára afmæli bankans.



**LUXOR** Fimmmenningarnir hafa verið við þrotlausar æfingar síðustu daga og vikur og verða í toppformi á sviði Laugardalsvallar 17. ágúst.

Luxor-flokkurinn hefur verið í þrotlausum æfingbúðum hjá Kristjönu Stefánsdóttur söngþjálfara og Yesmine Olson, sem stýrir framkomu þeirra. Þetta er í fyrsta sinn sem söngsveit stráka er sett saman með þessu tagi á Íslandi og mikil spenna, bæði hjá strákunum og þeim sem standa á bak við þá, við að sjá hvernig þeim verður tekið af þjóðinni.

Undirbúningur að fyrstu breiðskífu Luxor er þegar hafinn en Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson og Vignir Snær Vigfússon munu stjórna upptökum á henni. Upptökur munu fara fram hér á landi og erlendis en fyrirhugað er að platan komi í verslanir þann 29. október.

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

MR. SKALLAGRÍMSSON

- höf. og leikari Benedikt Erlingsson

Sjá sýningadagatal á www.landnamssetur.is

Miðapantanir í síma: 437-1600

vísir.is

Fyrstur með fréttirnar

# Innipúkar og útipúkar

**Stemningin í höfuðborginni um verslunarmannahelgina var ekki síður góð en á tjaldstæðum landsins. Innipúkar flykktust á samnefnda hátíð á meðan aðrir lögðu leið sína í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, þar sem Stuðmenn stóðu undir nafni.**



FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA





**VERSLUNARMANNAHELGI Í BORGINNI**

Þeir sem ekki höfðu áhuga eða færi á að komast í tæri við íslenska náttúru um helgina lögðu margir hverjir leið sína á tónlistarhátíðina Innipúkann. Seabear og Motion Boys voru tvær af þeim mörgu hljómsveitum sem þar héldu uppi stuði, en Stuðmenn gerðu slíkt hið sama í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, þar sem gestir virtust ekki síður ánægðir með borgardvölina.



# Aðþrengdir Beckham og Robbie

Marc Cherry, skapari og aðalhugmyndasmiður þáttanna Aðþrengdar eiginkonur, Desperate Housewives, vinnur nú hörðum höndum að því að fá knattspyrnumanninn David Beckham og söngvarann Robbie Williams til að koma fram í gestahlutverki í þáttunum í vetur. Hugmyndin er að láta David og Robbie leika samkynhneigt par, sem myndi flytja til Wisteria Lane-götunnar í Los Angeles. Að sögn Cherry hefur Beckham tekið vel í hugmyndina og eru framleiðendur vongóðir um að Robbie muni láta til leiðast á endanum. „David og Robbie eru fullkomnir í þetta hlutverk,“ segir Cherry, sem hafði í fyrstu hugsað sér að fá Tom Cruise til að leika á móti Beckham. „Við vildum fá einhvern sem hæfir honum betur og er eins breskur og hann. Robbie er sá sem við viljum fá,“ segir Cherry.

„Þeir eru báðir fyndir og eru þekktir fyrir að gera grín að sjálfum sér. Þeir hafa karlmannsímyndina með sér, svo ég held að þetta geti gengið fullkomlega upp,“ bætti vongóður Cherry við.



**DAVID BECKHAM** Virðist vera reiðubúinn að gera hvað sem er til að fá athygli í Bandaríkjunum.



**ROBBIE WILLIAMS** Hefur verið við margan kvenmanninn kenndur, en aldrei fyrr við David Beckham.



**ELTON JOHN** Tónlistarmaðurinn Elton John er ekki hrifinn af netinu.

# Mótmælir netinu

**Tónlistarmaðurinn Elton John segir að netið aftri fólki frá því að eiga eðlileg samskipti. Telur hann að fólk eigi að hætta að blogga og fara út á götu í staðinn.**

**„Netið hefur orðið til þess að fólk er hætt að fara út og hitta hvert annað og skapa hluti,“ sagði Elton. „Í staðinn hangir fólk heima hjá sér og býr til sínar eigin plötur. Það væri sniðug tilraun ef netinu yrði lokað í fimm ár til að sjá hvort það kæmi ekki meiri sköpun út úr því. Það er of mikil tækni í boði og ég er viss um að með þessu yrði tónlistin mun áhugaverðari en hún er í dag.“**

**John segist hvorki eiga farsíma né iPod. „Ég er svo gamaldags þegar kemur að því að semja tónlist. Ég kann bara að semja á píanó. Snemma á áttunda áratugnum voru gefnar út að minnsta kosti tíu frábærar plötur í hverri viku en núna koma í mesta lagi tíu á ári í sama gæðaflokki.“**


Hannes Pétursson, hagfræðinemi og geimfari, treystir á reiknivélar og geimskip frá HP.



HP Compaq 6710b
Örgjörvi: Intel Core 2 Duo 2 GHz
Vinnsluminni: 1 GB
Skjár: 15,4" WSXGA+ WVA
Harður diskur: 160 GB SATA
Geisladrif: Dual layer DVD skrifari
Skjástýring: Intel GMS X3100, allt að 384 MB
Stýrikerfi: Microsoft Vista Business 32/64
3ja ára ábyrgð
Verð: 149.900 kr.

HP og Office vinna vel saman

HP fartölvur eru bestu og áreiðanlegustu fartölvurnar samkvæmt könnun TBR (Technology Business Research, Inc).

Office Home and Student 2007

hp invent

HP vörur fást hjá eftirtöldum aðilum: Verslun Opinna kerfa, Höfðabakka 9 - Oddi skrifstofuvörur - Start tölvuverslun, Kópavogi - Samhæfni, Reykjanesbæ - TRS, Selfossi - Tölvuþjónusta Vesturlands, Akranesi, Borgarnesi Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Húsavík - Eyjatölvur, Vestmannaeyjum - Hátíðni, Höfn - Kaupfélag Skagfirðinga - Munus, Hafnarfirði - Netheimar, Ísafirði - Snerta Ísland, Vogum




Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 4, 7 og 10-POWER | 10 |
| PLANET TERROR | kl. 8 og 10.20 | 16 |
| SIMPSONS enskt tal | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| SIMPSONS íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 5 - 8 - 11 | 7 |
| TRANSFORMERS LÚXUS | kl. 5 - 8 - 11 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4 - 6 | 14 |
| DIE HARD 4.0 | kl. 8 - 10.45 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| BECOMING JANE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| PLANET TERROR | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6.30 - 8.30 - 10.30 | |
| DEATH PROOF | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 6 - 9 | 7 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 | |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PLANET TERROR | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 | |

MIÐASALA Á midi.is

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | DIGITAL | 10 |
| TRANSFORMERS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | VIP | |
| NANCY DREW | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | | 10 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 | | L |

| | | |
|---|---|---|
| BLIND DATING | kl. 4 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 8 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 4 - 7 - 10 | DIGITAL | 10 |
| NANCY DREW | kl. 5:50 - 8 | | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 10:10 | | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 4 - 7 | | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 4 | | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 5 - 8 - 11 | 7 |
| SIMPSONS M/- ENSK TAL | kl. 6 - 8 | L |
| NANCY DREW | kl. 10 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 5 - 8 - 11 | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 5 | 10 |
| NANCY DREW | kl. 8 - 10 | 7 |

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA


# Nýtt lag frá Heiðari Erni

Hljómsveitin The Viking Giant Show, sem er hugarfóstur Heiðars Arnar Kristjánssonar úr Botnleðju, hefur gefið út nýtt lag sem nefnist The Cure. Tvö ár eru liðin síðan síðasta lag hljómsveitarinnar, Party at the White House, kom út við góðar undirtektir. Fjallaði það á kaldhæðnislegan hátt um þátttöku Bandaríkjamanna í Íraksstríðinu en nýja lagið fjallar aftur á móti um náunga sem leitar lækninga við samkynhneigð sinni.



HEIÐAR ÖRN KRISTJÁNSSON Fyrsta sólóplata Heiðars Arnar er væntanleg í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI

Lögin verður að öllum líkindum að finna á fyrstu plötu The Viking Giant Show sem er væntanleg í haust. Hafa Heiðar og félagar þegar bókað sig á Iceland Airwaves-hátíðina í október þar sem platan verður kynnt enn frekar.



LJÚFUR Loney, Dear hefur heillað marga á árinu með plötunni Loney, Noir sem þykir melódísk poppplata í anda til dæmis Brians Wilson, Jens Lekman og Belle & Sebastian. FRÉTTABLAÐIÐ/STEINÞÓR HELGI

# Íslandsförin hápunktur ársins

**Hljómsveit Emils Svanängen, Loney, Dear, er ein af þeim sveitum sem spila á Airwaves-hátíðinni í október. Steinþór Helgi Arnsteinson hitti Svíann kná í Færeyjum á dögunum og tók hann tali.**

Emil er frá Jönköping og hóf feril sinn með því að taka upp alla sína tónlist sjálfur sem hann seldi síðan á netinu og á tónleikum. Fljótlega myndaðist spenna í kringum sveitina í sænsku tónlistarsenunni og eftir þrjár plötur sem hljómsveitin gaf út sjálf gerði Loney, Dear plötusamning við Seattle-plötufyrirtækið Sub Pop. Fyrr á þessu ári kom síðan út platan Loney, Noir. Sub Pop þykir með þeim virtari í bransanum og hefur gefið út merkar sveitir á borð við Low, Nirvana, Modest Mouse, Sebadoh og CSS svo fáeinar séu nefndar. „Ég hafði ekki heyrt um þá [Sub Pop] áður en þeir höfðu samband við mig. Ég komst samt fljótlega að því að þetta var nokkuð stórt dæmi,“ útskýrir Emil rólega.



Á G! Í FÆREYJUM Emil og félagar í Loney, Dear spiluðu á G! tónlistarhátíðinni í Færeyjum á dögunum við góðan orðstír. FRÉTTABLAÐIÐ/STEINÞÓR HELGI

Tónlistarsenan í Svíþjóð hefur hlotið mikið lof undanfarin ár en Emil veit ekki hvort það sé honum til ábata að vera frá Svíþjóð, þar sem hann hafi engan samanburð. Hann segir jafnframt að hann sé mun vinsælli utan föðurlandsins og því vilji hann breyta. „Núna erum við samt orðin ágætlega þekkt hljómsveit í Svíþjóð en til dæmis höfum við ekki spilað á einni einustu tónlistarhátíð þar í ár. Það hlýtur að segja manni eitthvað.“

Spurður hvort hann kjósi samt ekki fremur að vera lítill í Svíþjóð og stór utan hennar en stór í Svíþjóð og óþekktur utan hennar, svarar Emil því neitandi. „Ég er ekki mikið fyrir ferðalög, eða jú, kannski ferðlög, en ekki að vera á túra úti um allt. Fyrir mér væri þægilegra að spila meira í Svíþjóð. Ég er samt ánægður eins og staðan er núna. Mér finnst bara yndislegt að vera heima en núna á ég í raun hvergi heimili.“

Emil tekur samt skýrt fram að Íslendingur þurfi engu að kvíða fyrir komu sveitarinnar hingað til lands. Hann og hans hljómsveit bíði mjög spennt eftir ferðinni til Reykjavíkur. „Við verðum búin að vera í góðu fríi fyrir tónleikana og ég hlakka mikið til. Þetta er sá atburður sem ég hlakka mest til á árinu.“

# Lee Hazlewood er allur

Jaðarpopparinn Lee Hazlewood er látinn, 78 ára að aldri.

Hazlewood er þekktastur fyrir samstarf sitt við Nancy Sinatra, dóttur Franks Sinatra, en hann samdi meðal annars smellinn hennar These Boots Are Made for Walking og flest hin lögin sem hún gerði vinsæl. Hazlewood söng einnig með kynþokkafullri barítónrödd sinni inn á þrjár plötur með henni.

Hazlewood fæddist í Oklahoma í Bandaríkjunum árið 1929. Hann ferðaðist mikið alla ævi og bjó víða. Meðal annars bjó Hazlewood lengi í Svíþjóð þar sem hann tók upp nokkrar plötur, þar á meðal eina þekktustu plötu sína, Cowboy in Sweden.

Þrátt fyrir velgengni og samstarfið við Nancy Sinatra seldust sólóplötur Hazlewoods illa. Þær voru margar orðnar ófáanlegar þegar Steve Shelley úr Sonic Youth tók hann upp á sína arma fyrir átta árum og endurútgaf margar plötur hans hjá útgáfufyrirtæki sínu Smells Like Records.



LEE HAZLEWOOD ER LÁTINN Hér sést hann með þekktasta samstarfsmanni sínum, Nancy Sinatra.

Hazlewood naut í kjölfar þess mikillar virðingar innan jaðartónlistarsenunnar síðustu árin sem hann lifði og hóf að gefa út tónlist á ný eftir tæpra tveggja áratuga útgáfuhlé. Síðasta plata hans kom út í nóvember á síðasta ári, eftir að hann hafði greinst með krabbamein, og ber hið skemmtilega nafn Cake or Death.

Fjölskylda hans biður þá sem vilja minnast hans um að styrkja Hjálpræðisherinn.

# Feðgar gefa út Flateyjarplötu

**Feðgarnir Óskar og Pan Thorarensen gefa þann 20. ágúst út plötuna Parallel Island og verða útgáfutónleikarnir haldnir í Flatey á Breiðafirði fimm dögum síðar.**

Pan segir að samstarf hans og Óskars föður síns við væntanlega plötu hafi gengið mjög vel. „Þetta small alveg saman. Hann er mjög klár og veit hvað hann vill. Hann er með sínar pælingar en við erum með alveg sama stíl. Við hlustum á sömu tónlist og fílum sama hljóð og „sánd“. Þetta gerist ekki betra,“ segir Pan, sem starfar einnig undir nafninu Beatmakin Troopa. Faðir hans var fyrir rúmum tíu árum í hljómsveitinni Inferno 5 en hefur að undanförnu verið syni sínum til halds og trausts á sólóferli hans.

Pan játar að hann fái jafnan skammir frá pabba sínum ef hann stendur sig ekki. „Það kemur fyrir að hann skammi mig ef ég geri einhverja vitleysu. Maður verður að bera virðingu fyrir karlinum gamla, það þýðir ekkert að æsa sig.“

Platan, sem er í raftónlistarstíl, var öll unnin í Flatey og er eyjan nokkurs konar þema á plötunni. „Við fórum hérna í júní í fyrra í ferðalag og vorum bara rosalega hrifnir. Við fengum okkur hús í smá tíma og byrjuðum bara að taka upp. Síðan erum við búnir að vera með annan fótinn þar í allt sumar að fínpússa plötuna,“ segir Pan.

Þeir feðgar hafa ekki lagt árar í bát þótt nýja platan sé í höfn því þeir eru strax byrjaðir að vinna í annarri plötu. Einnig ætla þeir að fara yfir gamlar upptökur með Inferno 5 og hugsanlega gefa þær út í endurhljóðblönduðum útgáfum. freyr@frettabladid.is



**FEÐGAR** Óskar og Pan Thorarensen gefa á næstunni út plötuna Parallel Island. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Sísta plata Interpol

New York-sveitin Interpol er ein af skemmtilegri rokkhljómsveitum síðustu ára. Fyrsta platan hennar, Turn On The Bright Lights kom út árið 2002 og vakti mikla athygli, enda frábær plata undir miklum Joy Division-áhrifum. Sveitin hélt áfram á sömu braut á næstu plötu, hinni ágætu Antics sem kom út fyrir þremur árum og nú er þriðja platan sem sagt komin.

Það má telja næsta öruggt að þeir sem dáðu fyrstu tvær plöturnar finna eitthvað við sitt hæfi á Our Love To Admire. Hljómurinn er svolítið þykkari og rokkaðri og sums staðar er búið að legja meira í útsetningarnar, en í grunninn er þetta samt sama tónlistin. Hljómborð eru nokkuð áberandi á nýju plötunni auk þess sem það má heyra í strengjum og blásturshljóðfærum hér og þar. Það er margt gott á Our Love To Admire, en þessar nýju útsetningar heppnast misvel og lögin eru líka misgóð. Persónulega er ég hrifnastur af No I In Threesome, Mammoth og The Heinrich Maneuver, en upphafslagið Pioneer To The Falls og lagið All Fired Up vinna mikið á við frekari hlustun líka.

Our Love To Admire er ekki vond plata. Hún er alveg viðunandi og það er engin hætta á því að aðdáendurnir yfirgefi sveitina í hrönnum. Mér finnst samt eins og meðlimir Interpol hafi ekki alveg vitað hvert þeir vildu fara með tónlistina og útkoman er þess vegna plata sem er ekki jafn heilsteypt og sannfærandi og fyrri plöturnar tvær. Trausti Júlíusson




**TÓNLIST**

**Our Love To Admire**

Interpol

★★★

Það er margt gott á Our Love To Admire. Harðir Interpol-aðdáendur ættu ekki að hika við að ná sér í eintak þó að platan sé ekki jafn heilsteypt og sannfærandi og fyrri plöturnar tvær.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Matt Damon** er sá leikari sem er hlutfallslega hagstæðast fyrir kvikmyndaframleiðendur að ráða, ef marka má nýja könnun bandaríska fjármálatímaritsins Forbes. Damon er alls ekki í hópi launahærri leikara samtímans en þær myndir sem hann leikur í eiga það sameiginlegt að skila góðum tekjum. Útreikningar hafa nú sýnt að fyrir hvern dollara sem Damon þiggur í laun skilar hann 29 dollurum til baka. Damon leikur einmitt aðalhlutverkið í kvikmyndinni Bourne Ultimatum sem skilaði rúmum 60 milljónum dollara í kassann þegar hún var frumsýnd ytra um helgina. Í öðru sæti á lista Forbes er **Brad Pitt** en saman í þriðja sæti eru þeir **Johnny Depp** og **Vince Vaughn**. Stjörnur á borð við **Tom Hanks, Tom Cruise** og **Will Smith** komast ekki á topp tíu og þá vekur athygli að leikarar eins og **Jim Carrey** og **Adam Sandler** eru langt frá efstu mönnum.



Ein af aðalleikkonunum í Aðþrengdum eiginkonum mun verða skrifuð úr þáttunum í komandi þáttaröð í vetur, að því er fullyrt er í fjölmiðlum í Bandaríkjunum í gær. Upplýsingarnar koma frá heimildarmanni í innsta koppi þáttanna en ekki fékkst staðfest hver af aðalleikkonunum fjórum, **Teri Hatcher, Eva Longoria, Marcia Cross** eða **Felicity Huffman**, myndi frá hverfa og þá hver afdrif persónu viðkomandi í þáttunum yrðu. Þó er jafnvel talið að fréttin sé í raun gerð til að veita þáttunum og fjórðu þáttaröðinni aukna athygli, en sýningar á henni hefjast innan fárra vikna í Bandaríkjunum.



Rokkarinn og eiturlyfjaneytandinn **Pete Doherty** fékk í gær eitt tækifæri til viðbótar til að koma lífi sínu á réttan kjöl þegar dómari í Englandi ákvað að fresta úrskurði í dómsmáli Doherty þar til hann hefði lokið meðferð við fíkn sinni. Doherty er ákærður fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna. Ef Doherty sýnir batamerki og bætta hegðun eftir meðferðina mun hann þurfa að sinna samfélagsþjónustustörfum en ef ástand hans er óbreytt eftir meðferð lofaði dómarinn að hans biði fangelsisvist.





Vinnur þú 2 miða á MasterCard

forsýningu



og sérð myndina á undan öðrum, 16. ágúst?

*Gunnar fer til London*

Gunnar Biering vann lúxusferð fyrir 2 til London þar sem hann fær að fylgja stjörnunum eftir rauða dreglinum og sjá stórmyndina The Bourne Ultimatum á sérstakri Evrópufrumsýningu 15. ágúst.

*150 vinna 2 miða á MasterCard forsýningu 16. ágúst*

Einnig vinna 150 félagar í klúbbnum tvo miða á sérstaka MasterCard forsýningu á myndinni á Íslandi 16. ágúst, 6 dögum fyrir frumsýningu.

Skráðu þig í Bíóklúbb MasterCard á www.mastercard.is/bio og notaðu MasterCard kortið! Drögum föstudaginn 10. ágúst 2007.

**www.mastercard.is/bio**

MasterCard

## > Veigar gæti fengið bann

Aganefnd norska knattspyrnusambandsins hefur tekið fyrir ummæli Veigars Páls Gunnarssonar eftir leik Rosenborgar og Stabæk um helgina. Hann gagnrýndi dómara leiksins harkalega og sagði að hann og varnarmaður Rosenborg, Vidar Riseth, gætu verið bestu vinir. Svo gæti farið að aganefndin dæmi Veigar Pál í leikbann vegna ummælanna.



**sport**
sport@frettabladid.is

**LOGI ÓLAFSSON ÞJÁLFARI KR: BÝST VIÐ ÁKVEÐNUM VALSMÖNNUM Í KVÖLD**

# *KR getur komið sér úr botnsætinu í kvöld*

Logi Ólafsson, nýráðinn þjálfari KR, stýrir liðinu í fyrsta sinn í Landsbankadeild karla er KR tekur á móti Val í kvöld. Honum líst vel á verkefnið að eigin sögn en veit að það verður við ramman reip að draga.

„Valur gerir nú harða atlögu að FH á toppi deildarinnar og má því ekki við neinum áföllum. Ég býst því við afar ákveðnum Valsmönnum í kvöld," sagði Logi við Fréttablaðið í gær.

Með sigri í kvöld getur KR lyft sér í fyrsta sinn í afar langan tíma úr botnsæti deildarinnar, þó ekki nema um stundarsakir.

„Tilgangurinn með því að ráða nýjan þjálfara var auðvitað að rétta við skútuna. Þó ég hafi kannski ekkert viðmið hvernig æfingar voru áður en ég kom til liðsins finnst mér að brúnin sé að lyftast á mönnum."

Hann segir að leikmenn þurfi fyrst og fremst að einbeita sér að næsta verkefni, í stað þess að horfa lengra fram í tímann. „Mér fannst líka vera batamerki á leik okkar gegn Häcken í Evrópukeppninni og við verðum að taka það sem við gerðum vel með okkur í næsta leik en ýta hinu til hliðar. Mér fannst varnarleikurinn að miklu leyti til góður en á endanum reyndust það ein mistök í vörninni sem kostuðu okkur mark. Svo fannst mér einnig komin meiri ró á mannskapinn í síðari hálfleik en menn létu boltann ganga sín á milli og sköpuðu færi."



Logi er margreyndur þjálfari en er nú kominn aftur í eldlínuna eftir að hafa staðið við hliðarlínuna undanfarið. „Ég held að ég sé nú ekki verri þjálfari en ég var," sagði hann í léttum dúr. „Reynslan nýtist mér vel auk þess sem maður losnar aldrei við þjálfarabakteríuna."

Logi hefur fimmtán sinnum mætt Val í efstu deild karla sem þjálfari og unnið átta leikjanna og aðeins tapað fjórum. Það ætti að vera góðs viti fyrir KR-inga í kvöld.

Leikurinn hefst klukkan 19.15 á KR-vellinum og verður í beinni útsendingu á Sýn. Þrír leikir eru svo á dagskrá annað kvöld.



**ERFITT** Sigurvin Ólafsson og félagar eiga erfitt verkefni fyrir höndum. Myndin er frá fyrri leik liðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FH spilar í Hvíta-Rússlandi:

## Þungur róður fyrir FH ytra

**FÓTBOLTI** FH leikur í dag síðari leikinn við FC Bate frá Hvíta-Rússlandi í fyrstu umferð Meistaradeildar Evrópu. FH tapaði fyrri leiknum 3-1 á heimavelli og því er ærið verkefni sem bíður Íslandsmeistaranna ytra í dag.

„Við teljum okkur eiga möguleika á því að komast áfram þrátt fyrir að margir afskrifi okkur. Það sjá það allir að staðan er ekkert æðisleg, að fá á sig þrjú mörk á heimavelli var alls ekki nógu gott," sagði Matthías Guðmundsson, leikmaður í gær.

„Við ætlum okkur að eiga góðan leik og veita þeim alvöru mótspyrnu. Við reynum að setja á þá mark snemma, hræða þá aðeins og svo er aldrei að vita hvað gerist," bætti Matthías við. - hþh



**ÁRNI GAUTUR** Stóð sig vel í sigri Vålerenga á toppliði Brann. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

Einkunnirnar í Noregi:

## Árni Gautur þótti bestur

**FÓTBOLTI** Árni Gautur Arason þótti standa sig best af þeim Íslendingum sem leika í norsku úrvalsdeildinni í 16. umferðinni sem lauk í fyrrakvöld samkvæmt einkunnagjöf fjögurra stærstu fjölmiðla í Noregi. Hann varði mark Noregsmeistaranna í Vålerenga í 2-0 sigri á toppliði Brann.

Vålerenga hefur reyndar gengið skelfilega illa í sumar og situr í tíunda sæti deildarinnar. Helgin var reyndar ekkert allt of góð fyrir Íslendingana en enginn þeirra, nema Árni Gautur, fékk yfir 5 í meðaleinkunn. - esá

### EINKUNNIRNAR

| Nafn | VG | N. | Aft. | Db. | m.e. |
|---|---|---|---|---|---|
| Árni Gautur | 6 | 6 | 5 | 5 | 5,5 |
| Jóhannes | 5 | 5 | 6 | 4 | 5,0 |
| Hannes Þ. | 4 | 5 | 4 | 5 | 4,5 |
| Garðar Jó. | 4 | 5 | 4 | 4 | 4,3 |
| Kristján Örn | 4 | 5 | 4 | 4 | 4,3 |
| Veigar Páll | 5 | 3 | 5 | 4 | 4,3 |
| Haraldur Fr. | 5 | 4 | 4 | 3 | 4,0 |
| Ólafur Örn | 4 | 3 | 3 | 2 | 3,0 |

# Hvenær er besti tími liðanna?

**Fréttablaðið hefur skoðað hvenær liðin í Landsbankadeild karla skora mörkin og á hvaða tíma leiksins þau eru með bestu markatöluna í fyrstu ellefu umferðum sumarsins. FH-ingar byrja best en Valsmenn enda best og hinn 38 ára gamli Sinisa Kekic er hættulegastur í lok hálfleiks.**

**FÓTBOLTI** Nú eru búnar ellefu umferðir af Landsbankadeild karla og því hægt að fara lesa ýmislegt úr tölfræði deildarinnar. Eitt af því er hvenær leiksins liðunum gengur best, en Fréttablaðið hefur farið yfir það hvenær liðin hafa skorað og fengið á sig mörkin í sumar.

Þar sést að FH-ingar eru bestir á fyrsta hálftímanum, Valsmenn eru bestir á síðasta hálftímanum, Skagamenn skora liða mest í lok hálfleiks, Framarar byrja hálfleik liða verst en KR-ingar sofna á verðinum um miðbik hálfleiks og þar kemur einnig í ljós að Leifur Garðarsson heldur greinilega góðar ræður í leikhléi á meðan ekkert gengur hjá Fram og Val eftir þrumuræður Ólafs Þórðarsonar og Willums Þór Þórssonar.

FH-ingar byrja leikina liða best. Þeir eru með sjö mörk í plús á fyrsta hálftímanum (10-3) og eru einnig með bestu markatöluna á upphafskorteri beggja hálfleikja (+6, 10-4). FH-ingar eru bara með neikvæða markatölu í einum hluta leiksins en þeir eru með þrjú mörk í mínus á 31. til 45. mínútu (1-4).

Valsmenn enda leikina best, þeir eru með 5 mörk í plús á síðasta hálftímanum (9-4) og eru einnig, ásamt Skagamönnum, með bestu markatöluna á lokakorteri beggja hálfleikja (+5, 10-5). Leikhlésræða Willums Þórs Þórssonar fer ekki vel í Hlíðarendapilta því Valsmenn eru bara með neikvæða markatölu í einum hluta leiksins, eru með þrjú mörk í mínus á 45. til 60. mínútu (2-5).

Guðjón Þórðarson er greinilega með sitt lið í góðu formi því Skagamenn hafa skorað 12 af 21 marki sínum í lokakafla hálfleikjanna, það er á milli 31. til 45. mínútu og á milli 76. og 90. mínútu. Skagamenn hafa þar af skorað sjö mörk á síðasta korterinu í fyrri hálfleik og eru þar með bestu markatöluna eða fimm mörk í plús.



**FRÁBÆR** Sinisa Kekic hefur leikið vel með Víkingi í sumar og hefur aldrei skorað fleiri mörk á tímabili frá því að hann kom hingað sumarið 1996. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leifur Garðarsson heldur greinilega bestu leikhlésræðurnar því Fylkismenn eru með bestu markatöluna á upphafskorteri seinni hálfleiks. Fylkismenn hafa fimm mörk í plús í þessum kafla leiksins og hafa enn ekki fengið mark á sig á 46. til 60. mínútu.

Framarar byrja hálfleiki liða verst, en liðið er með átta mörk í mínus á milli 1. og 15. mínútu og á milli 45. og 60. mínútu. Framarar hafa enn ekki náð að skora á þessum tíma leiksins og eru með fjögurra marka verri markatölu en Skagamenn sem standa þeim næstir.

KR-ingar eru með lélegustu markatöluna þegar kemur að miðbiki hálfleikjanna eða á milli 16. til 31. mínútu og á milli 61. og 75. mínútu. Á þessum tíma leiksins hefur KR-liðið aðeins skorað 1 mark en aftur á móti fengið á sig sjö mörk. Það eru hins vegar aðeins FH-ingar sem eru með betri markatölu en KR á síðustu 15 mínútum leikjanna en á þeim tíma leiksins hafa KR-ingar skorað sex mörk gegn þremur. Það hefur ekkert lið skorað fleiri mörk á þessum kafla leiksins.

Sinisa Kekic hefur ekki látið árin 38 halda aftur af sér í sumar og það sem meira er er að hann er hættulegastur í lok hálfleikjanna þegar flestir myndu halda að farið væri að draga af gamla manninum. Kekic hefur skorað fimm af sjö mörkum sínum milli 31. til 45. mínútu og á milli 76. og 90. mínútu. ooj@frettabladid.is

### ÞEIRRA TÍMI 2007

**FYRSTI HÁLFTÍMINN**

| | |
|---|---|
| Flest mörk | FH 10 |
| Besta markatala | FH +7 |
| **Markahæstur** | |
| Þórarinn Kristjánsson, Keflavík | 3 |

**SÍÐASTI HÁLFTÍMINN**

| | |
|---|---|
| Flest mörk | Keflavík, Valur 9 |
| Besta markatala | Valur +5 |
| **Markahæstur** | |
| Jónas Grani Garðarsson, Fram | 4 |
| Símun Samuelsen, Keflavík | 4 |
| Sinisa Kekic, Víkingi | 4 |

**31 TIL 45. MÍNÚTA**

| | |
|---|---|
| Flest mörk | ÍA 7 |
| Besta markatala | ÍA +5 |
| **Markahæstur** | |
| Helgi Sigurðsson, Val | 3 |

**46. TIL 60. MÍNÚTA**

| | | |
|---|---|---|
| Flest mörk | | FH 6 |
| Besta markatala | | Fylkir +5 |
| **Markahæstur** | | |
| Matthías Guðmundsson | FH | 2 |
| Valur Fannar Gíslason | Fylkir | 2 |
| Tryggvi Guðmundsson | FH | 2 |
| Halldór Hilmisson | Fylkir | 2 |
| Helgi Sigurðsson | Valur | 2 |

**76. TIL 90. MÍNÚTA**

| | |
|---|---|
| Flest mörk | KR 6 |
| Besta markatala | FH +4 |
| **Markahæstur** | |
| Sinisa Kekic, Víkingi | 3 |
| Björgólfur Takefusa, KR | 3 |

Eggert Magnússon segir að orðspor West Ham hafi beðið hnekki:

## Sár yfir neikvæðni í garð West Ham

**FÓTBOLTI** Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, óttast að orðspor félagsins hafi beðið hnekki sökum farsans með Carlos Tevez. Klúbburinn hefur verið í brennidepli fjölmiðla vegna málsins en fyrir brot á félagaskiptareglum var hann sektaður um 5,5 milljónir punda. Margir vildu meina að félagið væri heppið að stig yrðu ekki dregin af því sem hefði getað leitt til falls þess niður um deild. Þessir efasemdaraðilar hafa farið hörðum orðum um klúbbinn.

„Þetta særir mig af því klúbburinn hefur verið dreginn inn í þetta á neikvæðan hátt af sumum kollegum mínum. West Ham hefur verið dregið niður og mér finnst það ekki réttlátt. Þetta særir mest af því það sem nokkrir aðilar segja ætti ekki að vera byrði alls félagsins," sagði Eggert.



**TEVEZ** Fær fljótlega leyfi til að spila með Manchester United.

Meðal þeirra sem fóru offari í gagnrýninni voru forráðamenn Sheffield United sem leituðu allra leiða til að stigin yrðu dregin af West Ham. Það gerðu þeir í veikri von um að það myndi bjarga United frá óumflýjanlegu falli niður í Championship-deildina en aðeins þremur stigum munaði á félögunum í lok leiktíðar.

Tevez mun að öllum líkindum fá leyfi fljótlega til að spila með Manchester United en hann hefur þegar hafið æfingar með félaginu. Óljóst er þó hvort hann geti spilað með Englandsmeisturunum í fyrstu umferð úrvalsdeildarinnar um næstu helgi. - hþh

Jaliesky Garcia handarbrotinn:

## Meiðslasagan heldur áfram

**HANDBOLTI** Jaliesky Garcia, leikmaður Göppingen og íslenska landsliðsins, handarbrotnaði í æfingaleik með liði sínu um helgina. Ekki er ljóst hversu lengi hann verður frá vegna brotsins en ljóst er að hann æfir ekki á næstunni. Göppingen leikur sinn fyrsta leik í úrvalsdeildinni 25. ágúst.

Meiðslasagan endalausa heldur því áfram hjá Garcia sem lék aðeins fimm leiki í þýsku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili vegna erfiðra meiðsla. Garcia gat hvorki leikið með íslenska landsliðinu á Heimsmeistaramótinu í Þýskalandi né í undankeppni EM. - hþh


Enski boltinn á Sýn 2
í Sjónvarpi Símans
Njóttu þess að horfa á Enska boltann í bestu mögulegu myndgæðum í gegnum Sjónvarp Símans.
Tryggðu þér áskrift að Sýn 2 í síma 512 5100.
Þú færð líka aðgang að yfir 1100 bíómyndum í SkjáBíói með einum takka á fjarstýringunni – aðeins í gegnum Sjónvarp Símans.
800 7000 – siminn.is
Síminn



**BIRGIR** Slær að meðaltali 71,44 högg að meðaltali á hring. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Birgir Leifur Hafþórsson:

## Í 20. sæti yfir hittnar flatir

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson skýtur mönnum eins og Colin Montgomerie, Sergio Garcia og Padraig Harrington ref fyrir rass þegar tölfræði yfir hittnar flatir á Evrópumótaröðinni er skoðuð. Birgir er þar í 20. sæti með 13,1 flöt af 18 að meðaltali hitta á hverjum hring. Angel Cabrera er efstur með 14,2 flatir hittnar. Birgir slær að meðaltali 71,44 högg að meðaltali á hring og er í 72 sæti, hann hittir 61,8 prósent flata og er í sæti númer 96 en er neðarlega með pútt á hring, 30,6 talsins í 148. sæti.

Birgir er í 181. sæti á mótaröðinni sjálfri en til að öðlast áframhaldandi þátttökurétt þarf hann að vera í sæti númer 115 eða ofar.

- hþh

# Valur og Fram eiga að leysa þetta

**Sigfús Páll Sigfússon vonast til að ganga í raðir Vals frá Fram. Hann vill ekki segja af hverju hann mætir ekki á æfingar hjá Safamýrarfélaginu sem leitar arftaka hans. Viðræðum Fram og Vals miðar hægt áfram.**

**HANDBOLTI** Sigfús Páll Sigfússon, leikmaður Fram, bíður eftir niðurstöðu í viðræðum við Val en hann vonast til að ganga til liðs við Íslandsmeistarana sem fyrst. Sigfús staðfesti þetta við Fréttablaðið í gær en vildi annars lítið tjá sig um málið. „Valur og Fram eiga að leysa þetta, ég er ekkert að skipta mér að þessu, það er ekki beint mitt mál að leysa málið,“ sagði Sigfús í gær. Hann hefur ekki mætt á æfingu hjá Fram eftir sumarfrí en æfir einn í staðinn. Hann er orðinn langþreyttur á málinu.

„Þetta er búið að taka dágóðan tíma og auðvitað er þetta leiðinlegt,“ sagði miðjumaðurinn sem tók þó fram að hann gæti stundað golf af meiri móð en áður, sér til ánægju.

Valur bauð í Sigfús fyrr í sumar en því tilboði var snarlega hafnað. Valsarar fengu þau skilaboð að tilboðið væri alltof lágt. Jón Eggert Hallsson, formaður handknattleiksdeildar Fram, sagði við Fréttablaðið í gær að síðan þá hefði ekkert tilboð borist frá Val. Framarar vilja að Sigfús mæti á æfingar hjá félaginu. „Við erum óánægðir með að hann mæti ekki á æfingar. Þetta er líka mjög slæmt fyrir hann sjálfan, hvar svo sem hann spilar næsta vetur. Mér finnst það vera áhyggjuefni að hann sé að missa af undirbúningstímabilinu, hann þarf að undirbúa sig eins og aðrir,“ sagði Jón.



**BERST Í GEGN** Sigfús reynir að finna sér leið framhjá varnarmönnum Vals sem hann vonast til að spila með en ekki á móti sem fyrst.

Hann segist jafnframt ekkert vita af hverju Sigfús vilji yfirgefa félagið. „Ég hefði áhuga á að heyra það líka. Hann hefur ekkert viljað tala við mig, ég veit ekki af hverju og skil þetta hreinlega ekki,“ sagði Jón, sem segir Sigfús ekki tilbúinn til að mæta á fundi með sér. Sigfús sagðist hafa mætt á einn fund vegna málsins.

„Hann neitar að mæta á fundi og sendir foreldra sína eða lögfræðing þess í stað. Við höfum átt ótalmarga fundi með þeim en ekki fengið nein gild rök fyrir því af hverju hann vill fara,“ sagði formaðurinn sem játti því að fleiri lið á Íslandi hefðu spurst fyrir um Sigfús.

Jón viðurkennir að Framarar séu byrjaðir að undirbúa sig undir það að Sigfús spili ekki með liðinu á komandi tímabili. „Hann er að minnsta kosti samningsbundinn okkur en við erum farnir að skoða í kringum okkur ef að svo fer sem horfir og hann spili ekkert, við erum með plan B,“ sagði Jón en Framarar eru að skoða útlendingamál þessa dagana.

hjalti@frettabladid.is


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Miele gæði

Eirvík kynnir sportlínuna frá Miele





vilborga@centrum.is

Miele

ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W1514 | 142.714 | 99.900 |
| 1400sn/mín/5 kg | | |
| Þurrkari T7644C | 135.571 | 94.900 |
| rakaþéttir/6 kg | | |

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

30% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is


Igor Pesic rifti samningi sínum við Fram:

## Kominn með nóg og heldur heim

**FÓTBOLTI** Miðjumaðurinn Igor Pesic hefur yfirgefið herbúðir Fram. Hann lék níu leiki með liðinu í deildinni og brenndi meðal annars af tveimur vítaspyrnum. Ríkharður Daðason, formaður meistaraflokksráðs Fram, sagði við Fréttablaðið í gær að Pesic hefði ollið nokkrum vonbrigðum í sumar en málið hefði verið leyst í fullkomnu jafnvægi milli aðila. Túlkunaratriði á samningi Pesic, sem féll honum ekki í skap, var síðasta hálmstráið í ákvörðun hans um að fara.

„Hann var pirraður á gengi liðsins, eins og aðrir, auk þess sem honum fannst hann ekki spila eins vel og hann á að geta. Hann tekur leikinn alvarlega, enda atvinnumaður á Íslandi, en það hefur verið þungt í honum í einhvern tíma. Þá þurfti ekki mikið til og smáatriði í samningi hans sem hann var ósáttur með byrjaði umræðu hvort hann ætti ekki bara að fara,“ sagði Ríkharður.

„Gengi liðsins í sumar hefur valdið vonbrigðum og hann er engin undantekning. Við teljum okkur ráða við að missa hann og pirringur hans var farinn að dreifa úr sér. Því var þetta niðurstaðan og við ætlum að þjappa hópnum enn betur saman í staðinn. Ekki veitir af enda erum við komin í slæm mál,“ bætti Ríkharður við.

Ólafur Þórðarson, þjálfari Fram, segir vont að missa leikmann úr hópnum. „Það er ekki gott að missa leikmenn í þessum slag sem við erum í en svona er þetta. Óánægðir leikmenn eru samt engin viðbót fyrir okkur.“



**PESIC** Heldur heim á leið eftir að hafa rift samningi sínum við Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fram fékk á dögunum til sín tvo leikmenn, Henrik Eggerts og Henry Nwosu. Þrír erlendir leikmenn eru fyrir hjá Fram, Alexander Steen, Hans Mathiesen og Patrik Redo. Fram er í níunda og næstneðsta sæti Landsbankadeildarinnar með átta stig. Það fær ÍA í heimsókn í deildinni annað kvöld.

- hþh

Ólafur Örn Bjarnason leggur höfuðið í bleyti::

## Helmingslíkur að ég fari

**FÓTBOLTI** Ólafur Örn Bjarnason sagði í samtali við norska fjölmiðla um helgina að hann teldi helmingslíkur á að hann yrði áfram hjá Brann. Fyrr í sumar sagði hann að hann myndi örugglega fara en hann segir nú að málið sé undir Brann komið.

„Ef Brann kemur með áhugavert samningstilboð gæti vel verið að ég yrði áfram. Við munum örugglega setjast niður og ræða málin en eins og þetta blasir við mér eru helmingslíkur á að ég verði áfram og helmingslíkur á að ég fari,“ sagði Ólafur Örn um framtíð sína.

- esá



**ÓLAFUR ÖRN** Gæti verið að spila sitt síðasta tímabil hjá Brann. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

# OPNUNAR TILBOÐ

ÓTRÚLEG OPNUNARTILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM TÖLVULISTANS

## GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI

**INTEL CORE 2 DUO**
Core 2 Duo tæknin sem er nýjasta þróun Intel skilar sér í allt að 40% meiri afköstum en áður hefur þekkst

**Geforce7 NX7600GS**
MSI GeForce8 NX7600GS er viftulaust öflugt skjákort með ofur hraðvirkt 256MB DDR2 minni

**320GB HARÐDISKUR**
Ný kynslóð harðdiska frá Western Digital sem eru enn hljóðlátari og allt að 100% hraðvirkari

**17" LCD SKJÁR**
17" LCD Acer AL1716FS skjár með 8ms viðbragðstíma, 1400x1050 upplausn og 800:1 í skerpu

**2.1 HLJÓÐKERFI**
2.1 Creative SBS380 glæsilegt og kraftmikið 2.1 hljóðkerfi með 2 hátölurum og öflugu bassaboxi

**WINDOWS VISTA**
Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | **Intel Core 2 Duo E6420 2.13GHz** 4MB flýtiminni, 1066FSB |
| Móðurborð | **MSI 965P NEO-F - Core 2 Duo** 2x PCI-E 16X, Firewire, 4xDDR2 667MHz |
| Minni | **2GB DUAL DDR2 667MHz Corsair** Corsair minni með lífstíðarábyrgð |
| Harðdiskur | **320GB WD SE 16MB - SATA 2** SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer |
| Skjákort | **256MB MSI Geforce7 NX7600GS** MSI PCI-E 16X, DDR2, 800MHz |
| Skjár | **17" LCD Acer AL1716FS** 1400x1050 og 8ms viðbragðstími |
| Skrifari | **18x DVD± 8x DL skrifari** Skrifar og les DVD og CD diska |
| Hljóðkort | **7.1 Dolby Digital DTS - EAX2** Frábært í leiki og bíómyndir |
| Hátalarar | **2.1 Creative hátalarakerfi** 2 öflugir hátalarar og bassabox |
| Netkort | **Gigabit 10/100/1000** Gigabit netkort |
| Stýrikerfi | **Windows Vista Home Premium** Öruggara og öflugra |

**VERÐ 109.900**

FRÁ 3.201 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

ACE SPECIAL EDITION

Nú höfum við opnað NÝJA verslun í Kópavogi, að Hlíðasmára 10 og að því tilefni erum við með frábær OPNUNARTILBOÐ kíktu við og skoðaðu úrvalið

## ACE AMD TILBOÐ 4

ACE SPECIAL EDITION

FRÁ 3.783 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

AM2 DualCore 4600+ X2 Athlon64 með 2x1MB2GB, 2000FSB+HT 2GB Dual DDR2 minni • 500GB WD SATA2 harðdiskur 16MB 20" LCD skjár • 256MB Geforce8 NX8600GT PCI-E 16X skjákort 20xDVD±/DL skrifari • Gigabit netkort • 5.1 Creative SBS580 hátalarakerfi • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 129.900**

## ACE INTEL TILBOÐ 5

ACE SPECIAL EDITION

FRÁ 5.531 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

3.0GHz Intel Core 2 Duo E6850 örgjörvi með 1333MHz FSB 2GB Dual DDR2 minni • 500GB WD SATA2 harðdiskur 16MB 20" LCD skjár • 256MB Geforce8 NX8600GTS viftulaust skjákort 20xDVD±/DL skrifari • Gigabit netkort • Öflugt 5.1 Creative hátalarakerfi • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 189.990**

## 1GB MINNISLYKILL

Corsair USB 2.0 Flash Value Select er 1GB lítill og léttur minnislykill sem auðveldar þér að taka gögnin þín með þér

**VERÐ 1.990**

## VÍRUSVÖRN

bitdefender secure your every bit

Bætt vörn gegn Spyware Stöðvar upplýsingaþjófnað • Öflugur eldveggur • Sjálfvirkt öryggismat

**VERÐ 3.990**

EF KEYPT ER MEÐ NÝRRI TÖLVU

## CANON IP4300

Canon

TAKMARKAÐ MAGN 1 STK Á MANN

Canon iP4300 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með Cromalife 100 tækni og 9600x2400 punkta upplausn

**VERÐ 8.990**

## SJÓNVARPS HÝSING

ICYBOX

320GB IcyBox sjónvarpshýsingin tengist beint í græjur eða sjónvarp og spilar bíómyndir og tónlist. Vönduð fjarstýring fylgir

**VERÐ 19.900**

Logitech NX20 Notebook Opt. Mouse Plus **verð 2.990**

Logitech Premium heyrnart. m. hljóðnema **verð 3.990**

TAKMARKAÐ MAGN 1 STK Á MANN
320GB SE WD harður diskur 7200RPM, 8MB buffer **VERÐ 6.990**

Logitech VX Revolution Notebook þráðlaus mús **verð 7.990**

Logitech LX710 þráðlaust lyklaborð með ísl. stöfum **VERÐ 9.990**

160GB WD Passport2 USB2 2.5" flakkari **VERÐ 16.990**

19" Acer AL1916C LCD skjár, 1280x1024 **VERÐ 18.900**

500GB WD Mybook Essential flakkar **verð 19.900**

# TÖLVULISTINN

| | | |
|---|---|---|
| Nóatúni 17 | Reykjavík. | ☎ 414 1700 |
| Glerárgötu 36 | Akureyri. | ☎ 414 1730 |
| Hafnargötu 90 | Keflavík. | ☎ 414 1740 |
| Miðvangi 2-4 | Egilsstaðir. | ☎ 414 1735 |
| Hlíðasmári 10 | Kópavogur. | ☎ 414 1760 |

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðuð við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.

## > Jodie Foster

Jodie birtist fyrst á skjánum fjögurra ára gömul. Á ungdómsárunum lék hún meðal annars í fjölda Disney-mynda en þegar hún var fjórtán ára var henni boðið hlutverk í myndinni The Taxi Driver. Þar lék hún eftirminnilega unglingsvændiskonu og var tilnefnd til Óskarsverðlaunanna fyrir hlutverkið. Þegar Jodie hóf háskólanám í Yale hafði hún leikið í tæplega 50 myndum og þáttum. Jodie leikur í Flightplan á Stöð 2 Bíó kl. 22.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR TEKUR ÞÆTTI FRAM YFIR KVIKMYNDIR

# *Beðið eftir fullkomnum geðsjúklingi*

Á síðustu árum hef ég í sjónvarpsglápi mínu í æ ríkari mæli yfirgefið heim bíómyndanna fyrir þáttaraðir. Rithöfundurinn Dennis Lehane, sem skrifaði meðal annars bókina sem kvikmyndin Mystic River var gerð eftir, sagði einhvurn tímann að það væri lítið mál að skrifa hina fullkomnu smásögu. Það væri hins vegar ógerlegt að skrifa hina fullkomnu skáldsögu. Ég skal ekki segja hvort að herra Lehane hefur rétt fyrir sér, en hitt er víst að góður sjónvarpsþáttur, sem er iðulega ekki lengri en 50 mínútur, er alveg sérstaklega ánægjulegur.

Á meðan ég bíð eftir haustinu og þeim nýjungum í sjónvarpsglápi sem því fylgja yfirleitt, hef ég því endurnýjað kynnin við gamlar þáttaraðir. Ég hef til dæmis komist að því að Law and Order, sem mér þótti ekki mikið varið í á árum áður, þegar ég var forfallinn Friends-fíkill, eru afskaplega vel skrifaðir „klassískir“ lögguþættir – annað en CSI sem að byggjast að miklu leyti á tónlistaratriðum í slow motion. Arrested Development eru líka dæmi um ótrúlega vel útfærða þáttaröð, og ég er að endurupplifa áfallið sem ég varð fyrir þegar ég komst að því að þeir yrðu ekki framleiddir lengur. Að lokum bíð ég svo eftir því að Dexter félagi minn snúi aftur á skjáinn, hann er í allri geðveiki sinni eins nærri fullkomnun og hægt er að komast að mínu mati.



DEXTER

## EKKI MISSA AF



▶ **22.40** Framtíð fæðunnar SJÓNVARPIÐ



▶ **20.05** Oprah STÖÐ 2



▶ **22.00** Las Vegas SIRKUS



▶ **22.00** Flightplan STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.00** Everybody Loves Raymond SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.45 HM íslenska hestsins** (1:4) e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Stjáni** (63:65)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (5:13)
**18.30 Alvöru dreki** (2:4)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bráðavaktin** (4:23) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**20.55 Litla-Bretland** (6:6) Bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki. e.
**21.35 Nýgræðingar** Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 HM íslenska hestsins** (2:4) Samantekt frá keppni dagsins á heimsmeistaramóti íslenska hestsins sem fram fer í Hollandi.
▶**22.40 Framtíð fæðunnar** (The Future of Food) Bandarísk heimildamynd um erfðabreytt matvæli.
**23.40 Mótorsport** Þáttur um íslenskar akstursíþróttir.
**00.10 Kastljós**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Just For Kicks**
**08.00 De-Lovely**
**10.05 The Full Monty**
**12.00 Fever Pitch**
**14.00 Just For Kicks**
**16.00 De-Lovely**
**18.05 The Full Monty**
**20.00 Fever Pitch**
▶**22.00 Flightplan** Hrollvekjandi spennumynd með Jodie Foster í aðalhlutverki. Kyle er nýorðin ekkja og ákveður að fljúga með dóttur sína til Bandaríkjanna.
**00.00 Extreme Ops**
**02.00 Collateral**
**04.00 Flightplan**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Litlu Tommi og Jenni**
**07.45 Kalli litli kanína og vinir**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (107:114)
**10.15 Homefront**
**11.00 Whose Line Is it Anyway?**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Það var lagið** (e)
**14.20 Extreme Makeover: Home Edition** (8:32)
**15.05 Neyðarfóstrurnar** (8:16)
**15.50 A.T.O.M.**
**16.15 Smá skrítnir foreldrar**
**16.38 Pocoyo**
**16.48 Addi Panda**
**16.53 Könnuðurinn Dóra**
**17.18 Gordon Garðálfur**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð**
**19.40 The Simpsons** (5:22) (e)
▶**20.05 Oprah** (Michael Moore: The Buzz About Sicko, Plus Oprah´s Summer Boo)
**20.50 The Riches** (11:13) Glæný bandarísk þáttaröð með Minnie Driver í aðalhlutverki. 2007.
**21.40 Ghost Whisperer** (25:44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjándans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. 2006.
**22.25 Stripes** Gamanmynd sem sló aðsóknarmet á sínum tíma. Myndin gerist í hernum og lýsir á skoplegan hátt afdrifum manns, sem leikinn er af Bill Murray. Leyfð öllum aldurshópum.
**00.15 Bones** (11:21)
**01.00 The List**
**02.30 Medium** (21:22)
**03.15 Ghost Whisperer** (25:44)
**04.00 The Riches** (11:13)
**04.45 Oprah**
**06.40 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**16.20 Gillette World Sport 2007**
**16.50 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 2. umferð** Bein útsending frá síðari leik BATE og FH í 2. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Leikurinn fer fram í Hvíta-Rússlandi og hafa leikmenn BATE tveggja marka forskot eftir að hafa sigrað 3:1 í Hafnarfirði.
**19.00 Landsbankadeildin 2007** (KR - Valur) Bein útsending frá leik Reykjavíkurrisanna KR og Vals í 12. umferð Landsbankadeildar karla í knattspyrnu. Þetta er fyrsti deildarleikurinn sem Logi Ólafsson stýrir KR-ingum í og þeim veitir ekki af öllum stigunum.
**21.10 Champions of the World** (Roots) Ný þáttaröð þar sem fjallað er um hina glæsilegu knattspyrnuhefð í Suður-Ameríku. Í þessum fyrsta þætti er fjallað almennt um knattspyrnu í álfunni og úr hvaða farvegi hún er sprottin.
**22.05 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 2. umferð** Útsending frá leik BATE og FH í forkeppni Meistaradeildar Evrópu.
**23.45 Landsbankadeildin 2007** (KR - Valur) Útsending frá leik KR og Vals í Landsbankadeildinni.

## SÝN2

**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**20.30 Season Highlights** (Season Hightlights 2003/2004) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**21.30 10 Seasons - A Decade of Great** (Tottenham - Man. Utd.) Svipmyndir frá leik Tottenham Hotspur og Manchester United leiktíðina 2001-2002. Ef þú ert 3:0 yfir í hálfleik á heimavelli þá þarftu ekki að hafa áhyggjur. Eða hvað?
**22.00 Masters Football** (Northern Masters) Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby og Peter Beardsley. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 Design Star** (e)
**18.15 Dr. Phil**
▶**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Will & Grace** (e)
**20.00 On the Lot** (14:15) Ný raunveruleikasería frá Mark Burnett, manninum á bak við Survivor, The Contender og Rock Star. Nú leitar hann að efnilegum leikstjóra og hefur fengið frægasta leikstjóra allra tíma, Steven Spielberg, í lið með sér. Í hverri viku fækkar í hópnum þar aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari og hlýtur að launum samning hjá Dreamworks
**21.00 Blow Out III - NÝTT** Hárgreiðslumeistarinn Jonathan Antin er mættur aftur til leiks og nú stefnir hann á að opna sína þriðju hárgreiðslustofu í Beverly Hills auk þess sem hann þarf að viðhalda vinsældum nýju línunnar af hárvörum og færa út kvíarnar og hefja framleiðslu á húðsnyrtivörum.
**22.00 Sex, love and secrets** (5:8) Bandarísk þáttaröð um vinahóp í Los Angeles. Frægðarsól Charlies heldur áfram að rísa þegar frægur hönnuður biður hann að sjá um hárgreiðsluna fyrir tískusýningu. Hann hefur aldrei fengið svona stórt verkefni áður og stressið er að fara með hann en Jolene vill ekki fórna stjörnunni sinni og ákveður að aðstoða hann í einn dag.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Angela's Eyes** (e)
**00.55 Charmed** (e)
**01:45 Vörutorg**
**02:45 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.40**
**Ghost Whisperer**



Jennifer Love Hewitt er snúin aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. Í kvöld er Melina kölluð á heimili þar sem undarlegir atburðir hafa átt sér stað en þar finnur hún draug sex ára stelpu sem drukknaði. Melinda lætur sér ekki nægja að hjálpa stelpunni heldur ákveður að aðstoða einnig fjölskyldu hennar.

**▶ Við mælum með**
**BLOW OUT III**
**SkjárEinn kl. 21.00**

Hárgreiðslumeistarinn Jonathan Antin er mættur aftur til leiks og nú stefnir hann á að opna sína þriðju hárgreiðslustofu í Beverly Hills auk þess sem hann þarf að viðhalda vinsældum nýju línunnar af hárvörum og færa út kvíarnar og hefja framleiðslu á húðsnyrtivörum. Meðan á öllu þessu stendur er hann á flakki um Bandaríkin að kynna vörur sínar og sjá um hárið á heitustu stjörnunum í Hollywood. Með skærin í annarri hendi og krullujárnið í hinni tekst Jonathan einnig á við stærsta verkefni sitt til þessa - föðurhlutverkið.




## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dragspilið dunar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Sakamálaleikritið: Mótleikur
**13.15** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Hótel Kalifornía
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Jónas frá Hriflu og Laugarvatn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Útvarpsleikhúsið: Mæja spæja
**20.00** Heima er best
**20.40** Sérðu það sem ég sé ?
**21.00** Út um græna grundu
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Ævintýri Artúrs Gordons Pym
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Söguhraðlestin
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Entertainment Tonight**
**20.00 Gary the Rat** (Inherit The Cheese)
Gary Andrews er farsæll lögfræðingur sem af einhverri furðulegri ástæðu vaknar einn daginn sem rotta í mannsstærð.
**20.30 Extra Time - Footballers´ Wive**
**20.55 Extra Time - Footballers´ Wive**
**21.15 Filthy Rich Cattle Drive** (4:8)
Börn frægra einstaklinga eru hér samankomin í raunveruleikaþætti þar sem þau reyna fyrir sér í nýjum hlutverkum sem eru ekki beint í anda lífsstíls þeirra.
▶**22.00 Las Vegas** (16:17)
**22.45 Hidden Palms** (8:8) (e)
**23.30 Ren & Stimpy** Ren er taugatrekktur chihuahua-hundur og Stimpy er feitlaginn og vitgrannur köttur. Saman lenda félagarnir í hinum ótrúlegustu ævintýrum sem eru ekki fyrir viðkvæma.
**23.55 Entertainment Tonight** (e)
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**6.15** The Roly Mo Show **6.30** William's Wish Wellingtons **6.35** Teletubbies **7.00** House Invaders **7.30** Little Angels **8.00** Little Angels **8.30** Perfect Properties **9.00** Garden Challenge **9.30** Wild New World **10.30** Keeping Up Appearances **11.00** As Time Goes By **11.30** My Family **12.00** Hetty Wainthropp Investigates **13.00** Waking the Dead **14.00** House Invaders **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** The Week the Women Went **17.30** Small Town Gardens **18.00** Waking the Dead **19.00** Spooks **20.00** Kiss Me Kate **20.30** Nighty Night **21.00** Waking the Dead **22.00** Keeping Up Appearances **22.30** Spooks **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Waking the Dead **2.00** Hetty Wainthropp Investigates **3.00** Perfect Properties **3.30** Balamory **3.50** Tweenies

## DR 1

**6.00** SommerSummarum **7.35** Yu-Gi-Oh! **7.55** Ctrl Z **8.15** Eventyret om de tre søstre i troldens bjerg **8.30** Kong Salomon og bien **8.40** Shin Chan **8.50** Dyre-Internatet **9.20** Vagn på floden **10.00** TV Avisen **10.10** De moderne familier **10.40** Med rygsæk **11.05** Orkesterliv **11.35** Hokus Krokus **12.05** Dawsons Creek **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.05** Pigebandet Frank **13.30** SommerSummarum **15.05** Dragejægerne **15.30** Klassen 1. b **15.45** Tagkammerater **16.00** Når giraffen får en tennisalbue **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.05** Sherlock Holmes **18.00** Søren Ryge direkte **18.30** Familiejagten **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Kriminalkommissær Foyle **21.05** Onsdags Lotto 21.10 Seinfeld **21.35** Planet X **22.05** Historien om Robinson **5.30** Home things

## NRK 1

**6.00** Teddy og Annie **6.15** Postmann Pat **6.35** Pingu **6.40** Noahs dyrebare øy **7.10** Gjengen på taket **7.26** Moro med dyr **7.35** I hodet på Alva Burman **7.45** Grusomme grøss **8.00** Laura **8.25** Med hjartet på rette staden **9.10** Jukeboks: Autofil **10.00** Jukeboks: Dansefot **11.00** Jukeboks: Ekstremvær **12.00** Jukeboks: Lydverket live **13.00** The Tribe - Den nye morgendagen **13.25** Byttelånerne **13.50** Doc Martin **15.20** Perspektiv: Ebba Haslund i krig og kjærlighet **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** I Mummidalen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Og nå **17.55** Walkabout **18.25** Ed Robinson **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Siste nytt **19.10** Sommeråpent **20.00** Komiprisen - årets morsomste **20.05** Vikinglotto **20.15** Lov og orden: New York **21.00** Kveldsnytt **21.15** Norge i dag **21.25** Carniväle **22.15** Battlestar Galactica **22.55** Alfred Hitchcock presenterer

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Tintin **7.45** Flyg 29 saknas **10.00** Rapport **10.05** Sorgens ansikten **10.35** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **12.30** Persona **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Författarporträtt **15.25** Anslagstavlan **15.30** En frivillig fängelsekund **16.00** Fifi och blomsterfröna **16.10** Evas sommarplåster **16.20** Lilla röda traktorn **16.30** Hej hej sommar **16.31** Tintin **17.00** Flyg 29 saknas **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag granskning - sommarspecial **19.00** The Lost World: Jurassic Park **21.05** Rapport **21.15** Försvarsadvokaterna **21.55** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige




## GAMLA MYNDIN



„Þetta var byrjunin á ferli mínum í torfærunni. Í næstu þrjú ár á eftir var ég alveg á hvolfi. Ég hef verið frelsaður frá þessu í nokkur ár núna, en þetta er eins og alkóhólismi, maður er alltaf svolítið mikið tæpur.“

Árni Kópsson kafari og fyrrverandi torfæruökumaður. Myndin er tekin í september 1989.

# Sigmar og Þóra saman í spurningaþætti

Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir munu stjórna spurningaþætti sveitarfélaganna en þættirnir hefja göngu sína í Sjónvarpinu föstudaginn 14. september. Þetta staðfesti Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV, í samtali við Fréttablaðið. 24 stærstu sveitarfélög landsins munu etja kappi um titilinn gáfaðasta sveitafélagið en hvert lið sendir þrjá einstaklinga, tvo vitringa og einn þekktan einstakling.

Sigmar verður því nokkuð áberandi á skjánum í haust því auk áðurnefnds spurningaþáttar verður hann í Kastljósinu og þar að auki spyrill í Gettu Betur. Hann vildi hins vegar ekki tjá sig við Fréttablaðið fyrr en búið væri að tilkynna þetta formlega á starfsmannafundi í Efstaleitinu í fyrramálið.

Þórhallur sagði í samtali við Fréttablaðið að þátturinn hefði fengið góðar viðtökur eftir að Fréttablaðið sagði frá honum fyrr í sumar. Allt stefndi í hörkubaráttu. „Þetta hlýtur að vera gott á ferilsskrána hjá hverju sveitarfélagi, að vera vitrasta sveitarfélag landsins,“ segir Þórhallur en vildi þó ekki tjá sig um hvort RÚV hygðist ferðast út á land og taka upp þætti þar.

RÚV verður stórtækt á haustmánuðum því í burðarliðnum er einnig skemmtiþáttur sem sendur verður út á laugardögum. Þórhallur vildi hins vegar lítið upplýsa um þann þátt og sagði ekkert komið á hreint hverjir myndu stjórna honum. - fgg



**ÁBERANDI Í SJÓNVARPINU** Sigmar Guðmundsson stjórnar spurningaþætti sveitarfélaganna, verður í Kastljósinu og spyrill í Gettu Betur.

**ÞÓRA ARNÓRSDÓTTIR** Verður með Sigmari í spurningakeppni sveitarfélaganna.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | 10 | | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | 19 | | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
2. bein 6. belti 8. fræ 9. hjör 11. þys 12. tjón 14. vadræði 16. kusk 17. sjáðu 18. kúgun 20. bardagi 21. form.

**LÓÐRÉTT**
1. einleikur 3. hvort 4. minnka 5. fugl 7. ákæra 10. gilding 13. loft 15. syfja 16. umrót 19. tveir.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. legg, 6. ól, 8. fræ, 9. löm, 11. ys, 12. ógagn, 14. stand, 16. ló, 17. skó, 18. oki, 20. at, 21. snið. **LÓÐRÉTT:** 1. sóló, 3. ef, 4. grynnka, 5. gæs, 7. lögsókn, 10. mat, 13. gas, 15. dott, 16. los, 19. ii.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Á Hólmsheiði.
2. Í 25 ár.
3. Um 30 prósent.

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar



**KÓNGARNIR Í WEST HAM** Eggert Magnússon var staddur hér á landi í gær en þetta er eingöngu þriðji dagurinn síðan í september að hann sækir landið heim. Við hlið Eggerts er Björgólfur Guðmundsson, aðaleigandi West Ham. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

EGGERT MAGNÚSSON: ÆTLAÐI AÐ TAKA ÞAÐ RÓLEGA Í AMERÍKU

# Valdi West Ham í stað rólegheita í Bandaríkjunum

Eggert Magnússon hugðist hægja aðeins á ferðinni, jafnvel flytjast til Ameríku, áður en West Ham-ævintýrið hófst. Þetta kemur fram í viðtali við Eggert í breska blaðinu Guardian. Þegar Fréttablaðið ræddi við Eggert var hann staddur í sjaldgæfri heimsókn á Íslandi en þetta er eingöngu þriðji dagurinn síðan í september á síðasta ári sem Eggert er hér á landi. „Ég ætlaði kannski ekki að setjast í helgan stein en jú, taka það aðeins rólegra,“ útskýrir Eggert. „Við hjónin höfum oft farið til Bandaríkjanna í frí og slappað af en ég þekkti sjálfan mig nógu vel til að vita að ég var ekki reiðubúinn til að taka fram golfkylfurnar eða slaka á,“ bætir Eggert við.

Og í stað þess að setja tærnar upp í loft og sleikja sólina í rólegheitum hefur Eggert verið í hringiðu ensku úrvalsdeildarinnar og ekki slegið slöku við. „En ef ég tek ekki frí núna þá endar þetta með hjónaskilnaði,“ segir Eggert í léttum dúr. „Það er ekki af því að konan þurfi að hafa mig meira heldur segir hún að ég þurfi þess,“ segir Eggert og telur líklegt að hjónakornin bregði sér frá í viku í byrjun september þegar landsleikjahrinan hefst.

Mikill styr hefur staðið um West Ham frá lokum úrvalsdeildarinnar og hefur það ekki síst snert Argentínumanninn snjalla, Carlos Tevez. Yfirvofandi málshöfðanir og ótti um að liðið verði fellt niður um deild hafa að sögn Eggerts tekið alltof mikla orku frá stjórnendum West Ham. „Þetta mál olli okkur miklum áhyggjum en við erum fegnir að þetta sé loksins frá,“ útskýrir Eggert en Tevez mun að öllum líkindum leika með Manchester United á komandi tímabili. Eggert segist ekki sjá mikið eftir honum þótt vissulega hafi hann gert góða hluti fyrir félagið í lok síðustu leiktíðar. „Það er ekki mikil eftirsjá í leikmanni sem ekki vill spila fyrir klúbbinn.“

Að sögn Eggerts hefur hann orðið var við mikinn áhuga á leikjum West Ham frá Íslandi og er allt útlit fyrir að Íslendingar muni flykkjast á Upton Park í vetur. „Það ríki einnig mikil bjartsýni hjá stuðningsmönnum félagsins og það er mikill áhugi á félaginu, Ég hef hins vegar oft og mörgum sinnum sagt að þetta séu lítil skref og vonandi verður bara fyrsta skrefið fram á við tekið á þessu ári.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Óðum styttist nú í heimkomu **Arons Pálma Ágústssonar** sem losnar úr fangelsi í Texas í næstu viku. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hyggst Aron Pálmi læra íslensku við Háskóla Íslands þegar hann er kominn heim en meðfram því mun hann hafa í nógu að snúast. Um þessar mundir er unnið að bók um ævi Arons Pálma sem kemur út fyrir næstu jól. Það er **Jón Trausti Reynisson**, ritstjóri Ísafoldar, sem skrifar bókina en Edda gefur út.



**Henrik Björnsson**, forsprakki hljómsveitarinnar Singapore Sling, varð faðir í fyrsta sinn um liðna helgi. Henrik og unnusta hans, **Elsa María Blöndal**, eignuðust stúlkubarn.



Sigurganga **Garðars Thors Cortes** heldur áfram í Bretlandi. Ný smáskífa hans hefur aukið sölu á breiðskífunni Cortes og er platan aftur komin í annað sæti klassíska listans þar í landi. Platan hefur setið í 12 vikur á listanum.



Fyrrum sjónvarpsdrottningin **Eyrún Magnúsdóttir** er komin á fast. Unnusti Eyrúnar, sem nú starfar með **Ásgeiri Friðgeirssyni** í almannatengslafyrirtæki hans, heitir **Einar Árnason** og starfar sem tökumaður á Stöð 2. - hdm/fgg

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# Bandaríkjamenn fastir á steinöld

„Ávísunin kom með hraðsendingu frá Fedex og jú, hún var í ábyrgð,“ segir Júlíus Jón Jónsson, forstjóri Hitaveitu Suðurnesja (HS), en hitaveitan fékk fyrir skemmstu senda tíu milljón dollara ávísun (um 630 milljónir króna) frá bandarískum stjórnvöldum en samið var um upphæðina vegna samningsrofs um kaup á heitu vatni sem varð við brotthvarf hersins frá Íslandi á síðasta ári. Merkilegt þykir að greiðslan hafi borist með hinum forláta tékka, en ekki með „nútíma“ millifærslu.

„Við vorum búnir að reka á eftir þessari greiðslu og bíða eftir að hún bærist. Við sendum út allar upplýsingar fyrir þá til að millifæra en síðan barst allt í einu tékki frá þessum kjánum,“ segir Júlíus í léttum tón en bandarísk stjórnvöld höfðu áður greitt reikninga sína við HS með millifærslu.

Ávísunin barst þann 15. júní og var leyst út nokkrum dögum síðar og segir Júlíus að það hafi aldrei staðið til að bíða með að leysa hana út og vonast til að dollarinn styrktist. „Nei, að sjálfsögðu liggjum við ekki á svona stórum tékka í tvo mánuði,“ segir Júlíus. Ávísunin var þó geymd á skrifstofu hans í nokkra daga og var hún á geymd á góðum stað, að sögn Júlíusar. „Allavega glataðist hún ekki.“

Stjórn HS samþykkti í október í fyrra að taka tilboði bandarískra stjórnvalda um eingreiðslu upp á tíu milljónir dollara við samningslok og þótti sú upphæð nokkuð lægri en HS taldi sig eiga rétt á. Ákveðið var að taka tilboðinu frekar en að leggja út í kostnaðarsöm málaferli gegn bandarískum yfirvöldum. - vig



**JÚLÍUS JÓN JÓNSSON** Tók við tékka upp á rúmar sex hundruð milljónir króna.



**TÉKKINN GÓÐI** Það er ekki á hverjum degi sem 630 milljónir króna eru sendar í pósti.




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

* Reykjavíkurborg veitir ökumönnum bíla sem uppfylla eftirfarandi skilyrði frítt í stæði í 90 mínútur: $CO_2$ útblástur að hámarki 120 g/km. Eyðsla í blönduðum akstri: Bensínvél: 5,0 l/100 km eða minna. Dísilvél: 4,5 l/100 km eða minna.
Aðrir orkugjafar: Tvíorkubílar sem nota t.d. metan/bensín eða etanól/bensín: 5,0 l/100 km eða minna.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



DAGANA 8.–26. ÁGÚST
SPARI DAGAR
..og þú gerir frábær kaup!
ORMSSON
TÓLF VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT




**BAKÞANKAR**
GERÐAR KRISTNÝJAR

## Jag är döden

Íbúar Fårø voru vanir að svara upp í tunglið þegar aðkomufólk spurði hvar Ingmar Bergman byggi. „Annars hefði hann aldrei fengið frið,“ segir leigubílstjórinn sem ekur mér norður eftir eyjunni. Á svona degi er hægur vandi að átta sig á því hvers vegna leikstjórinn hreiðraði hér um sig. Hvítar strendur breiða úr sér og gráa Gotlandsféð vappar um í grösugum haga. Nú þegar Ingmar er genginn á vit formæðra sinna er ekkert sem heldur aftur af leigubílstjóranum. „Sko, þarna bjó hann,“ segir hann allt í einu og bendir í átt að afleggjara sem liggur niður að sjó. Þar á milli trjánna leynist þá húsið sem birst hafa loftmyndir af í fjölmiðlum að undanförnu.

**SÆNSKU** blöðin fjölluðu ítarlega um Bergman um leið og kallið kom. Fjallað var um feril hans og ekki bara kvikmyndir, bækur og leikrit, heldur líka eiginkonurnar sex og börnin níu. „Konurnar hans Bergmans“, og er þá bæði átt við dætur og fyrrverandi eiginkonur, drifu sig til Fårø eftir að fréttist af andlátinu en Liv Ullman náði þó að hitta Ingmar áður en hann skildi við. Hún fann á sér hvað var í aðsigi og var ekki lengi að panta þyrlu. Allt eins og í góðu drama; fyrirboðar, dauðvona kóngur og grátandi konur.

**BLÖÐIN** fengu eftirmæli hjá alvörukónginum, samstarfsmönnum Ingmars og aðdáendum, eins og Woody Allen sem aldrei hefur jafnað sig eftir að hafa séð Harriet Andersson spranga um bera í Sommaren med Monika. Svíar fylgdust vel með því hvernig útlendingar minntust Ingmars. Fyrst barst þaðan aðeins lof en svo tóku menn að færa sig upp á skaftið. Í New York fannst pistlahöfundur sem sagði myndir Ingmars útataðar í tilgerð og var sérlega uppsigað við dauðann í Sjöunda innsiglinu. Þá vatt almenningur sér fram á sjónarsviðið og viðurkenndi í lesendadálkum að hann „fattar inget af hans filmer“.

**NÚ** viku eftir lát Ingmars hafa blöðin snúið sér að frægu pari í forræðisdeilu og vangaveltur um greftrunarstað leikstjórans hafa lognast út af. Leigubílstjórinn á heldur ekki von á að neitt breytist á Fårø þótt Ingmars njóti ekki lengur við. „Líklega á árlega Bergmanshátíðin þó eftir að falla niður,“ tekur hann þó fram. „Hann var vanur að taka þátt í henni en gat ekki mætt síðast vegna slappleika.“ Samt grunar mig að nú eigi einmitt fleiri slíkar hátíðir eftir að spretta upp þótt kannski verði þær ekki allar á Fårø. Þar sem er góð list er jú alltaf hátíð.


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

www.toyota.is




**Hilux - Enn betri með stærri vél**

Nú er ekki hægt að standast það lengur að setjast undir stýri á Hilux Double Cab, fjallkóngi, vinnuþjarki og borgarbarni sem enginn stenst snúning við íslenskar aðstæður. Þú færð ekki styrk og öryggi á hagstæðara verði.

Nýr Hilux er með öflugri 3,0 lítra D-4D dísilvél (common rail turbo). Hann er rýmri, hljóðlátari, rennilegri og getur tekist á við mun kröfuharðari verkefni en áður.

Verð 2.990.000 kr.*

*Gildir fyrir Hilux Double Cab

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |